SIGURÐUR HJALTASON

*Sneri blaðinu við*

Heilsa

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




VINNUVÉLAR

*Dýrðardagar atvinnutækjafíkilsins*

Sérblað um atvinnutæki og vinnuvélar

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG










# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

10. október 2006 — 271. tölublað — 6. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000


## ÞRIÐJUDAGUR

### Patrekur umskiptingur



Gunnar Helgason leikstjóri frumsýnir meinfyndið sænskættað sósíalraunsæisverk á Suðurlandi.

MENNING 30

### Stígur fram sem listmálari



Þráinn Bertelsson seldi málverk fyrir rúmar þrjár milljónir.

FÓLK 42

### Ánægður að hitta Yoko



Bítlaaðdáandinn Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri bjóst aldrei við því að hitta ekkju Johns Lennon.

FÓLK 32

### Róbert tekur við Wetzlar



Róbert Sighvatsson tekur við þjálfun þýska úrvalsdeildarliðsins Wetzlar eftir að þjálfari liðsins var látinn fara í gær.

ÍÞRÓTTIR 37

### VEÐRIÐ Í DAG




**SNJÓÉL** Í dag verður norðaustan 8-13 m/s norðvestan og vestan til, annars mun hægari. Snjóél á landinu norðanverðu og á Vestfjörðum en skúrir syðra. Talsverð rigning syðra síðdegis og í kvöld. Hiti 0-9 stig, mildast syðst.

VEÐUR 4








**MATARREIKNINGURINN LÆKKAÐUR** Guðni Ágústsson, Jón Sigurðsson, Geir H. Haarde og Árni M. Mathiesen kynntu aðgerðir ríkisstjórnarinnar til lækkunar matvælaverðs á fundi með blaðamönnum í Ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Matarreikningurinn lækkar um 120.000

**Ríkisstjórnin ætlar að afleggja vörugjöld af matvöru og lækka virðisaukaskatt og tolla til að lækka matvælaverð í landinu. Forsætisráðherra segir aðgerðirnar munu leiða af sér svipað matvælaverð á Íslandi og á hinum Norðurlöndunum.**

**STJÓRNMÁL** „Það munu allir kokkar í eldhúsum Íslands gleðjast,“ sagði Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra við kynningu ríkisstjórnarinnar í gær á aðgerðum til lækkunar matvælaverðs.

Vörugjöld af innlendum og innfluttum matvælum verða felld niður, virðisaukaskattur af matvælum lækkaður úr 14 prósentum í 7 prósent, virðisaukaskattur af öðrum matvælum sem hefur verið 24,5 prósent lækkar sömuleiðis í 7 prósent og almennir tollar á algengustu kjötvörum verða lækkaðir um allt að 40 prósent. Breytingarnar taka gildi 1. mars á næsta ári.

Geir H. Haarde forsætisráðherra segir aðgerðirnar víðtækar og áhrif þeirra verða mikil. Matvælaverð hér verði sambærilegt meðalverði á Norðurlöndunum.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni ver meðalfjölskyldan um 750 þúsund krónum á ári til kaupa á mat og drykk. Lækki sú fjárhæð um 16 prósent muni matarreikningurinn lækka um 120 þúsund krónur á ári.

#### BREYTINGAR 1. MARS

- Vörugjöld af innlendum og innfluttum matvælum, öðrum en sykri og sætindum, verða felld niður.
- Virðisaukaskattur af matvælum verður lækkaður í 7%.
- Almennir tollar á innfluttum kjötvörum (algengar tegundir) verða lækkaðir um allt að 40%.

Jón Sigurðsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, segir alla njóta góðs af aðgerðunum og þær séu ekki á kostnað landbúnaðarins eða starfsfólks afurðastöðva. Hann sagði einnig að efnahagslegar forsendur réðu því að aðgerðirnar kæmu til framkvæmda 1. mars en ekki strax. Þá yrði önnur staða á neytendamarkaði. Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra segir aðgerðirnar vera tekjujafnandi, þær komi sér sérstaklega vel fyrir tekjulægstu hópa samfélagsins sem verji hlutfallslega mestu til matarinnkaupa.

Geir H. Haarde segir mikilvægt að fylgst verði með þróun verðlags og brýnir almenning til eftirlits. Það segir hann miklu skipta að ekki verði verðhækkanir á matvælum þar til aðgerðirnar koma til framkvæmda. Mælst verður til þess við Neytendastofu og Alþýðusambandið að náið verði fylgst með verðlagi og Samkeppniseftirlitinu verður falið að fylgjast sérstaklega með þróun samkeppnisaðstæðna á smásölumarkaði.

Auk þessara ráðstafana mun virðisaukaskattur af annarri þjónustu og vörum sem nú bera 14 prósenta skatt lækka í 7 prósent. Á það til dæmis við um bækur, tímarit, blöð, hótelgistingu og húshitun. Ríkissjóður verður af sjö milljörðum króna í tekjur vegna þessara ráðstafana. - bþs

/sjá síðu 10

Fordæma kjarnorkutilraunir:

## Ögrun við frið og stöðugleika

**UTANRÍKISMÁL** „Við lítum á þetta sem grafalvarlegan verknað og fordæmum hann. Þeim skilaboðum verður komið fram við stjórnvöld í Norður-Kóreu strax í dag,“ sagði Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra í gær aðspurð um viðbrögð íslenskra stjórnvalda við kjarnorkutilraunum Norður-Kóreumanna sem sprengdu kjarnorkusprengju í fyrrinótt.



**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR**

Valgerður sagði þetta mikla ögrun við frið og stöðugleika í heiminum og að mikilvægt væri að Öryggisráðið kæmi saman og tæki ákvörðun um næstu skref. - sdg

/ sjá síðu 4



**Á FLÓTTA** Tvær milljónir hafa hrakist frá heimilum sínum í Darfúr síðan 2003.

Ný skýrsla SÞ um Súdan:

## Yfirvöld samþykktu morð

**GENF, AP** Súdönsk yfirvöld vissu af og samþykktu morðin á hundruðum íbúa Darfúr-héraðsins í Súdan í lok ágúst, samkvæmt nýrri skýrslu Sameinuðu þjóðanna. Áður var talið að 38 manns hefðu farist í árásunum og 23 særst. Kalla þyrfti því eftir sjálfstæðri rannsókn á árásum herskárra Araba á íbúa Suður-Darfúr en súdönsk yfirvöld hafa neitað því að styðja við bakið á aröbunum.

Minnst 200.000 manns hafa farist og tvær milljónir manna hafa hrakist frá heimilum sínum síðan Darfúr-búar gerðu uppreisn gegn Súdan-stjórn árið 2003. - smk

Gorbatsjov í viðtali við Fréttablaðið um Reykjavíkurfundinn 1986:

# Áfangi að lokum kalda stríðsins

**LEIÐTOGAFUNDUR** „Við [Sovétmenn] sögðum strax að loknum fundinum að miklum áfanga hefði þar verið náð að tímamótasamkomulagi um að draga úr kjarnorkuvopnavánni í heiminum, í átt að því að binda enda á kalda stríðið.“

Þetta segir Mikhaíl Gorbatsjov, fyrrverandi leiðtogi Sovétríkjanna, í samtali við Fréttablaðið um þýðingu fundar hans og Ronalds Reagan, þáverandi Bandaríkjaforseta, í Reykjavík fyrir réttum tuttugu árum.

Gorbatsjov segir að George Schultz, þáverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna, hafi tjáð blaðamönnum strax eftir fundinn niðurstöðuna vera mikil vonbrigði. Þar sem ekki hefði tekizt að handsala samkomulag yrði fundurinn að teljast misheppnaður.

„Fjörutíu mínútum eftir að Schultz sagði þetta talaði ég á fjölmennum blaðamannafundi í Háskólabíói og sagði skýrum orðum að þáttaskil hefðu orðið. Miklum áfanga hefði verið náð,“ segir Gorbatsjov. Þegar Schultz hafði heyrt þessi orð Gorbatsjovs, hefði hann sagt það alveg rétt, það hefði í raun náðst mikill árangur á fundinum. Bandaríkjamenn hefðu komist að því að Gorbatsjov væri full alvara með róttækum afvopnunartillögum sínum. Við hann væri hægt að semja. - aa



**MIKHAÍL GORBATSJOV** Segir tímamótasamkomulag hafa náðst í Höfða 1986.

/sjá síðu 18





SMÁRALIND ER 5 ÁRA

KÍKTU Í AFMÆLISBLAÐIÐ



## SPURNING DAGSINS



*Guðlaugur, er friður um þessa súlu innan Orkuveitunnar?*

„Borgarstjórn samþykkti þetta á síðasta kjörtímabili og að sjálfsögðu gerum við það sem eigendurnir segja okkur að gera.“

Orkuveitan í Reykjavík kemur til með að greiða um fimmtán milljónir í kostnað vegna friðarsúlu Yoko Ono í Viðey. Guðlaugur Þór Þórðarson er stjórnarformaður Orkuveitunnar.

Frétt Nyhedsavisen um skopmyndasamkeppni vekur hörð viðbrögð:

# Farnir í felur vegna myndbands

**DANMÖRK** Tveir félagar í ungliðahreyfingu Danska þjóðarflokksins hafa farið í felur vegna birtingar á myndböndum þar sem þeir sjást taka þátt í gerð niðrandi skopmynda af Múhameð spámanni. Óttast þeir hörð viðbrögð öfgasinnaðra múslima samkvæmt fréttum danskra fjölmiðla í gær. Ritstjóri Nyhedsavisen hefur fjarlægt myndböndin af heimasíðu blaðsins en segir það ekki gert vegna utanaðkomandi þrýstings. En frétt blaðsins um skopmyndasamkeppni ungliðahreyfingarinnar hefur vakið mikil viðbrögð í Danmörku og Mið-Austurlöndum. Því hefur utanríkisráðuneyti landsins hvatt Dani til að halda sig frá því svæði næstu misseri. Þó er ekki talin hætta á að mótmælaaldan sem braust út í kjölfar Múhameðsteikninganna fyrr á árinu endurtaki sig.

Pia Kjærsgaard, formaður Danska þjóðarflokksins, telur það hafa verið mistök að birta myndböndin enda hafi samkoma ungliðanna verið lokuð og ekki hafi verið ætlunin að gera myndirnar opinberar. Talsmenn jafnaðarmanna og íhaldsmanna segja hins vegar fréttaflutninginn hafa átt rétt á sér. Forsætisráðherra landsins hefur lýst því yfir að hann harmi gerð myndanna. **- ks**




**FYRSTA FORSÍÐAN** Ritstjóri blaðsins hefur fjarlægt myndböndin af heimasíðu blaðsins.

Ráðherrar í Washington:

# Samningur undirritaður

**VARNARMÁL** Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra og Geir H. Haarde forsætisráðherra héldu í gær til Washington, þar sem þau munu undirrita samkomulag við Bandaríkin um varnarmál á fundi með Condoleezzu Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna.

Þá munu Valgerður og Geir eiga fund með Donald Rumsfeld varnarmálaráðherra og Nicholas Burns aðstoðarutanríkisráðherra. Valgerður mun einnig heimsækja Alþjóðabankann og eiga fund um þróunarmál með Paul Wolfowitz, forseta bankans. **- hs**

Baugsmál tekið fyrir í dómi:

# Átján ákæruliðir teknir fyrir

**DÓMSMÁL** Mál ákæruvaldsins gegn Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, forstjóra Baugs Group, Jóni Gerald Sullenberger og Tryggva Jónssyni verður tekið til efnismeðferðar í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag.

Átján ákæruliðir standa eftir af málinu en fyrsta ákæruliðnum, sem sneri að kaupum Baugs á Vöruveltunni sem átti og rak 10-11 verslanirnar og Jón Ásgeir var einn ákærður vegna, hefur verið vísað frá dómi. Fyrsti ákæruliðurinn var umfangsmesti ákæruliðurinn en í honum var Jón Ásgeir sagður hafa beitt stjórn Baugs blekkingum í auðgunarskyni.

Liðirnir átján tengjast flestir meintum bókhaldsbrotum og ólöglegum lánveitingum.

Ekki liggur ennþá fyrir hvenær málið verður tekið til aðalmeðferðar. **- mh**

Bílvelta í Vatnsskarði:

# Kötturinn krafðist bita

**LÖGGÆSLA** Bílvelta varð í Vatnsskarði um helgina er ökumaður gerðist svo djarfur að keyra með lausan kött í aftursætinu. Manninn svengdi við aksturinn og reif því upp harðfiskpoka. Sem hann gæddi sér á fisknum gerðist kisi órólegur og kastaði sér að lokum í fang eiganda síns til að krefjast síns skerfs. Við þetta missti maðurinn stjórn á bifreið sinni með þeim afleiðingum að hann fór út af veginum og valt. Bifreiðin er mikið skemmd en bílstjóri og köttur komust lífs af og lítt skrámaðir. Kötturinn stakk skömmustufullur af slysstað og hefur ekki komið í leitirnar enn.

Lögreglan á Blönduósi segir atvikið þarfa áminningu til ökumanna að geyma dýr í búrum meðan á akstri stendur. **- kóþ**

# Tekinn með hlaðna skammbyssu og dóp

**Karlmaður var tekinn með hlaðna sex skota skammbyssu á föstudagskvöld. Lítum þetta mál alvarlegum augum, segir Hörður Jóhannesson yfirlögregluþjónn í Reykjavík. Bregðast þarf við þessari þróun, segir Björn Ingi Hrafnsson.**

**LÖGREGLUMÁL** Fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík gerði upptæka hlaðna sex skota skammbyssu við eftirlit síðastliðið föstudagskvöld, er starfsmenn deildarinnar höfðu afskipti af tveimur mönnum sem grunur lék á að hefðu fíkniefni í fórum sínum.

Reyndust mennirnir vera samtals með tæp 300 grömm af hassi og amfetamíni en lögreglan handtók manninn sem bar skotvopnið á sér síðastliðið föstudagskvöld.

Hörður Jóhannesson, yfirlögregluþjónn hjá lögreglunni í Reykjavík, segir lögregluyfirvöld líta málið alvarlegum augum. „Við höfum áður rekist á vopn þegar við gerum húsleitir, leitum á mönnum og í bifreiðum þeirra, en þetta mál skilur sig frá flestum þeirra mála sem upp hafa komið, þar sem maðurinn reyndist vera með hlaðna sex skota skammbyssu á sér. Þetta veldur okkur auðvitað áhyggjum þó að engin hætta hafi verið á ferðum þar sem búið var að handjárna manninn þegar byssan fannst á honum.“

Mennirnir tveir voru saman á ferð þegar lögreglan greip til aðgerða gegn þeim. Málið er enn til rannsóknar hjá lögreglu en telst að fullu upplýst.

Björn Ingi Hrafnsson, formaður borgarráðs og íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkurborgar, telur engan vafa leika á því að harka í glæpastarfsemi hér á landi sé að aukast nokkuð. „Þessi ítrekuðu dæmi um vopnaburð, sem við höfum verið að sjá að undanförnu, varpi ljósi á það að meiri harka virðist sífellt vera að færast undirheimana í Reykjavík. Það er óhugnanlegt að vita til þess að fíkniefnasalar séu farnir að ganga um með hlaðnar skammbyssur. Þetta er þróun sem þarf að bregðast við,“ segir Björn Ingi og bendir á mikilvægi þess að lögregla og sveitarfélög vinni saman. „Við viljum ekki að lögreglan þurfi að vígbúast eins og víðast hvar í heiminum, því þá erum við fyrst farin að finna fyrir því að glæpamennirnir hafi betur. Til þess að sporna við þessari þróun verða lögregluyfirvöld og sveitarfélög að taka höndum saman, líkt og borgaryfirvöld og lögreglan í Reykjavík hafa gert að undanförnu. Aðeins þannig er að hægt að ná viðunandi árangri í baráttunni við þann vágest sem heimur fíkniefna og glæpa er í nútímasamfélögum.“ **magnush@frettabladid.is**



**VOPN SEM HAFA VERIÐ GERÐ UPPTÆK** Lögreglan hefur gert töluvert mikið af vopnum upptæk á undanförnum árum. Á þessu ári hafa komið upp nokkur tilvik þar sem hættulegum vopnum hefur beitt í slagsmálum eða í ránum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**BJÖRN INGI HRAFNSSON** Hefur áhyggjur af aukinni hörku í fíkniefnaheiminum.



**HÖRÐUR JÓHANNESSON** Segir lögregluyfirvöld líta málið alvarlegum augum.

Kristján Þór Júlíusson:

# Ætlar sér að leiða listann

**STJÓRNMÁL** Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri, sækist eftir 1. sæti á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Norðausturkjördæmi fyrir komandi alþingiskosningar.



**KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON**

Kristján Þór tilkynnti um ákvörðun sína á aðalfundi fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna á Akureyri í gærkvöld.

Kristján Þór var bæjarstjóri á Dalvík árin 1986 til 1994 og á Ísafirði frá 1994 til 1997. Hann hefur stjórnað fjölda opinberra stofnana, samtaka og fyrirtækja, meðal annars í sjávarútvegi. Hann hefur verið bæjarstjóri á Akureyri frá því árið 1998. **- mh**

Geðheilbrigðisdagurinn:

# Gengið gegn sjálfsvígum

**HEILBRIGÐISMÁL** Í hverjum mánuði svipta þrír til fjórir einstaklingar sig lífi að meðaltali. Yfirskrift Alþjóðlega geðheilbrigðisdagsins, sem haldinn er í ellefta skipti í dag, er „Vaxandi vitund – aukin von: Saman eflum við geðheilsu og drögum úr sjálfsvígum“. Í ljósi þessa hvetur Geðhjálp fólk til að sýna samstöðu og ganga gegn sjálfsvígum á táknrænan hátt í kvöld. Gangan hefst í Hallgrímskirkju klukkan átta en þaðan verður gengið niður að Tjörninni og kertum fleytt til minningar um þá sem látist hafa vegna sjálfsvíga. Félagsmálaráðuneytið kynnti í gær framkvæmdaáætlun vegna átaks í þjónustu við geðfatlað fólk. **- kdk /** sjá síðu 8

BÍLL DAGSINS

ISUZU TROOPER 3.5 33”

Nýskr. 06.99 - Sjálfskiptur - Ekinn 110 þús. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

Lögreglan í Reykjavík þurfti að beita hörku til að stöðva slagsmál um helgina:

# Urðu fyrir táragasárás í Bankastræti

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglumaður sprautaði ertandi efni úr úðabrúsa yfir menn sem voru að slást á gangstéttinni fyrir utan veitingastað í Bankastræti 7a um klukkan þrjú aðfaranótt sunnudags. Úðinn dreifðist í vindinum og yfir fólk sem beið inngöngu á skemmtistaðinn.

Tvær stúlkur, þær Sara Brynjólfsdóttir og Íris Óskarsdóttir, fengu efnið í augun og blinduðust. Þær segja árásina hafa verið fyrirvaralitla. Lögreglumaður hafi komið hlaupandi með úðabrúsa á lofti og mun hafa úðað á mennina, án nokkurrar viðvörunar. Ertandi efnið í brúsanum fór í föt fólks í biðröðinni og í augu stúlknanna.

Sara, 19 ára, segist hafa gengið grátandi og blinduð að lögreglumanninum sem sprautaði efninu til að spyrja hann hverju sætti að sprautað hefði verið á sig. Hann hafi þá vísað henni í burtu og neitað að tala við hana.

Íris vinkona hennar segir að starfsfólkið á Sólon hafi hins vegar hjálpað þeim að hreinsa efnið úr augunum þangað til faðir annarrar stúlkunnar hafi sótt þær.

Samkvæmt upplýsingum lögreglunnar slógust fjórir til sex menn fyrir utan veitingastaðinn. Tveir lögreglumenn komu að og töldu sig ekki ráða við ástandið. Þeir beittu því kylfum og úðabrúsa. Karl Steinar Valsson hjá lögreglunni í Reykjavík segir lögreglumenninа ekki hafa talið að utanaðkomandi hafi fengið efnið í sig og að það sé skýr skylda lögreglumanna að veita aðhlynningu í slíkum tilfellum. **- kóþ**



**ÍRIS OG SARA** Stúlkurnar segja farir sínar ekki sléttar af samskiptum sína við lögregluna í Reykjavík.



**BANKASTRÆTI** Lögreglan segist hafa beitt úða þar sem þeir sem hún hafi ekki ráðið almennilega við ástandið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




## Hver þarf gras til að spila á?

„Mýrarbolti!“ sagði ég og gretti mig. „Verður maður ekki drulluskítugur af svoleiðis?
Ekki einu sinni gras til að spila á.“ En svo lét ég til leiðast og skellti mér. Og viti menn.
Það var fáránlega gaman – og auðvitað varð ég skítugur upp fyrir haus.

**gríptu augnablikið og lifðu núna**

vodafone

## GENGIÐ 9.10.2006

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 68,48 | 68,8 |
| Sterlingspund | 127,86 | 128,48 |
| Evra | 86,28 | 86,76 |
| Dönsk króna | 11,569 | 11,637 |
| Norsk króna | 10,26 | 10,32 |
| Sænsk króna | 9,302 | 9,356 |
| Japanskt jen | 0,5746 | 0,578 |
| SDR | 100,73 | 101,33 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

119,303

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Þjófnaður þriggja manna á rússneska fánanum hefur dregið dilk á eftir sér:

# Funduðu um fánaþjófnaðinn

**LÖGREGLUMÁL** Grétar Már Sigurðsson, ráðuneytisstjóri í utanríkisráðuneytinu, fundaði í gær með sendiherra Rússlands á Íslandi, Viktor Tatarintsev, vegna þjófnaðar þriggja ungra manna á rússneska þjóðfánanum úr sendiráðsgarði rússneska sendiráðsins við Garðastræti 33 í Reykjavík. Samkvæmt upplýsingum frá rússneska sendiráðinu ræddu þeir á fundinum í hvaða farveg málið færi nú en lögreglan í Reykjavík hefur málið til rannsóknar. Fánanum var stolið aðfaranótt laugardags. Sendiherra Rússlands krafðist þess á fundinum að mönnunum þremur yrði refsað fyrir þjófnaðinn, þrátt fyrir að fyrir liggi afsökunarbeiðni frá mönnunum.

Þrír menn hafa þegar gefið sig fram við lögregluna í Reykjavík og skiluðu tveir þeirra rússneska fánanum eftir að opinbert varð að skýrar myndir hefðu náðst af þeim á eftirlitsmyndavélar sem eru við sendiráðið.

Mennirnir þrír hafa viðurkennt að hafa tekið fánann ófrjálsri hendi úr garðinum en að sögn lögreglu var erfitt fyrir þá að halda öðru fram þar sem drykkjulæti þeirra sáust skýrlega á eftirlitsmyndavélunum.

Óvíst er ennþá í hvaða farveg málið fer en samkvæmt upplýsingum frá Júrí Ívanov sendiráðunauti fellur brot mannanna undir íslenska lögsögu en ekki rússneska. - mh



**SENDIRÁÐ RÚSSLANDS** Mennirnir þrír tóku rússneska fánann niður í ölæði aðfaranótt laugardags.

Skelfing í skóla í Missouri:

# Tók upp byssu en hætti við

**BANDARÍKIN, AP Þrettán ára nemandi vopnaður riffli gekk í gær inn í skólann sinn í bænum Joplin í Missouri og tók að skjóta upp í loftið. Skólastjórnendur gátu þó fengið hann ofan af því að halda áfram áformum sínum, sem lögreglan segir að hafi verið vel skipulögð.**

**Hann sagði við skólastjórnendurna, bæði áður en hann skaut og eftir að hann skaut: „Gerið þið það, ekki láta mig gera þetta.“**

**Pilturinn, sem ekki var nafngreindur, hafði komið fyrir sprengjum í skólanum og voru allir nemendur fluttir úr byggingunni við fyrsta tækifæri.** - gb



**VERÐLAUNAAFHENDING** Styrkþegar ásamt Yoko Ono og Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni, borgarstjóra Reykjavíkur.

Yoko afhendir friðarstyrkinn:

# Styrkur sem stuðar að friði

**FRIÐARSTYRKUR** Yoko Ono afhenti í gær friðarstyrkinn „LennonOno Grant For Peace“ við einkaathöfn sem fram fór í Höfða í samvinnu við Reykjavíkurborg.

Tveir styrkir að verðmæti 50 þúsund dalir hvor voru afhentir, annars vegar til alþjóðaheilbrigðis- og mannúðarsamtakanna Lækna án landamæra og hins vegar til góðgerðarsamtaka sem berjast fyrir stjórnarskrárvörðum rétti fólks um heim allan til friðar, sannleika og mannréttinda.

Markmið verðlaunanna er að stuðla að friði í heiminum en Yoko og John Lennon börðust ötullega fyrir friði áður en hann lést. - hs

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Brotnaði í smalamennsku

Kona á fertugsaldri datt og fótbrotnaði er hestur hennar fældist á Víðidalstunguheiði um helgina og þurfti að flytja hana til borgarinnar með þyrlu. Konan, sem er þrælvön smalamennsku, sat einn leiðinlegri hest sveitarinnar, að sögn lögreglunnar á Blönduósi.

## LEIÐRÉTTING

Þingkosningar fóru fram í Lettlandi um helgina en ekki Litháen eins og sagt var í Fréttablaðinu í gær. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

# Flest ríki heims fordæma kjarnorkutilraunir N-Kóreu

**Tilraunasprenging Norður-Kóreu í fyrrinótt hefur vakið hörð viðbrögð frá leiðtogum víða um heim. Kína og Rússland standa með Bandaríkjunum, Japan og Suður-Kóreu í fordæmingu á kjarnorkutilrauninni.**

**NORÐUR-KÓREA, AP** Leiðtogar fjölmargra ríkja fordæmdu í gær kjarnorkusprengju, sem Norður-Kóreumenn sprengdu neðanjarðar í tilraunaskyni aðfaranótt mánudags. Þetta er í fyrsta sinn sem Norður-Kóreumenn sprengja kjarnorkusprengju, og er landið þar með komið í hóp kjarnorkuveldanna.

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna var kallað saman í gær til þess að fjalla um málið og fordæmdi það sprenginguna harðlega. Öryggisráðið ræddi einnig í gær hugmyndir að refsiaðgerðum gegn Norður-Kóreu, sem meðal annars fælu í sér bann við viðskiptum með hernaðarbúnað og lúxusvöru, heimildir til að skoða allan farm sem kemur til landsins eða frá því og frystingu fjármagns sem tengist vopnaþróun.



**SUÐUR-KÓREA Í VIÐBRAGÐSSTÖÐU** Hermenn frá Suður-Kóreu fylgjast náið með grönnum sínum í norðri.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

George W. Bush Bandaríkjaforseti ræddi í gær við leiðtoga Kína, Rússlands, Suður-Kóreu og Japans og sagði þá alla vera á einu máli um að „þessar yfirlýstu athafnir Norður-Kóreu séu óviðunandi og krefjist þess að Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna bregðist strax við“.

Suður-Kórea, Kína og Japan, nágrannaríki Norður-Kóreu, hafa öll brugðist afar harkalega við tilraunasprengingunni og vilja standa að ströngum refsiaðgerðum.

Mohammed ElBaradei, yfirmaður kjarnorkueftirlits Sameinuðu þjóðanna, sagði atburðinn áhyggjuefni. Norður-Kóreumenn hefðu rofið þá samstöðu sem ríkt hefði í nærri áratug um að engar tilraunir yrðu gerðar með kjarnorkusprengjur. Það væri greinileg afturför.

Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, fordæmdi einnig sprenginguna og gagnrýndi Norður-Kóreu fyrir að standa uppi í hárinu á alþjóðasamfélaginu.

Leiðtogar Þýskalands, Frakklands og Ástralíu sendu einnig frá sér yfirlýsingar þar sem þeir fordæmdu framferði Norður-Kóreumanna.

Ríkisútvarpið í Íran sagði aftur á móti að þrýstingi frá Bandaríkjunum væri um að kenna, því tilraunasprengingin hefði verið viðbrögð Norður-Kóreumanna við „hótunum og niðurlægingu“ frá Bandaríkjunum. Íranar tóku jafnframt fram að sjálfir myndu þeir ekki hætta við að auðga úran, þrátt fyrir hótanir um refsiaðgerðir.

Þó að Norður-Kóreumenn hafi náð þeim áfanga að sprengja kjarnorkusprengju í tilraunaskyni gætu þeir átt töluvert í land með að smíða bæði kjarnorkusprengjur og nothæf flugskeyti til þess að valda raunverulegri hættu fyrir önnur ríki. gudsteinn@frettabladid.is

## Norður-Kórea gerir kjarnorkutilraun

**Norður-Kóreumenn segjast hafa gert tilraun með kjarnorkusprengingu. Opinber fréttastofa landsins segir tilraunina hafa heppnast vel og engin geislamengun hafi borist út. Sprengingin – sem mældist 3,6 stig á Richter-kvarða – jafngilti því að sprengd væru 550 tonn af TNT**




Heimild: Global Security © GRAPHIC NEWS




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**SNJÓKOMA EÐA ÉL**

Í dag verður kalt á landinu norðanverðu og á ég ekki von á að hitinn komist mikið yfir núllið á vestanverðu Norðurlandi og Vestfjörðum. Þegar líður á síðdegið kólnar einnig á austanverðu Norðurlandi. Það er dálítil ofankoma í þessu framan af degi á Vestfjörðum og norðan til og þar sem hitinn er ekki hærri fellur þetta að líkindum í hvítu formi.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Norðaustan 5-8 m/s í dag en heldur stífari í kvöld. Smáskúrir en talsverð rigning í kvöld. Hiti 5-9 stig.

um hádegi »



» á morgun



10-20 m/s, hvassast með ströndum sunnan og vestan til.

» fimmtudagur



5-10 m/s, hvassast á annesjum norðvestan til. Léttir heldur til syðra.

um hádegi »

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 16°C | hálfskýjað | London | 20°C | skúrir | Alicante | 27°C | hálfskýjað |
| Þórshöfn | 12°C | hálfskýjað | París | 23°C | hálfskýjað | Mallorca | 24°C | léttskýjað |
| Osló | 16°C | hálfskýjað | Frankfurt | 20°C | hálfskýjað | Algarve | 24°C | hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 13°C | skúrir | Friedrichshafen | 20°C | hálfskýjað | Krít | 24°C | skúrir |
| Gautaborg | 15°C | hálfskýjað | Berlín | 20°C | hálfskýjað | Las Palmas | 29°C | heiðskírt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.




# Tala meira. Borga minna.

**0,00** kr./mín.
Hringt í SKO GSM síma.

**14,90** kr./mín.
Hringt í aðra GSM og heimasíma.

SMS **4,90** kr.
í alla GSM síma á Íslandi.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

## www.sko.is

SKO býður jafngóða GSM þjónustu og hin símafyrirtækin,
innanlands og erlendis. Eini munurinn er lægra verð!
Það kostar EKKERT að færa GSM símanúmerið til SKO.
Þú skráir þig í þjónustuna á **www.sko.is.**

SKO
ÓDÝRA SÍMAFÉLAGIÐ

**KJÖRKASSINN**



*Óttastu hryðjuverk?*

| | |
|---|---|
| Já | 27,3% |
| Nei | 72,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Tekur þú slátur?*

Segðu skoðun þína á visir.is vísir

Tillögur starfshóps um öryggis- og greiningarþjónustu Ríkislögreglustjóra:

# Þingmenn annist eftirlit

**STJÓRNMÁL** Stofnuð verður öryggis- og greiningarþjónusta hjá embætti Ríkislögreglustjóra, gangi tillögur starfshóps um öryggismál eftir.

Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri var formaður starfshópsins en aðrir sem sátu í honum voru Arnar Jensson aðstoðaryfirlögregluþjónn, Sigríður Björk Guðjónsdóttir sýslumaður, Jóhann R. Benediktsson sýslumaður, Stefán Eiríksson lögreglustjóri og Hólmsteinn Gauti Sigurðsson.

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra kynnti tillögurnar í ríkisstjórn á föstudag og á fundi með fulltrúum þingflokka á Alþingi í gær.



**BJÖRN BJARNASON** Dómsmálaráðherra hefur kynnt tillögur að öryggis- og greiningarþjónustu.

Tillögurnar eru í fimm liðum og gera ráð fyrir að þingmenn hafi eftirlit með starfseminni. - bþs

**TILLÖGUR STARFSHÓPSINS:**

1. Stofnuð verði öryggis- og greiningarþjónusta hjá embætti Ríkislögreglustjóra.
2. Unnið verði að sérstökum lögum um starfsemi öryggis- og greiningarþjónustunnar.
3. Starfsemi öryggis- og greiningarþjónustu verði háð eftirliti sérstakrar eftirlitsnefndar sem skipuð verði fimm þingmönnum.
4. Byggt verði upp upplýsingakerfi fyrir öryggis- og greiningarþjónustuna og aflað verði heimilda til samkeyrslu gagna í vörslu opinberra aðila.
5. Komið verði á formlegu samstarfi við erlendar öryggisþjónustur.

Mál gegn olíufélögunum:

## Aðalmeðferð 14. nóvember

**DÓMSMÁL Aðalmeðferð í máli Reykjavíkurborgar gegn olíufélögunum Skeljungi, Olís og Keri hf. fer fram 14. nóvember. Þetta var ákveðið við fyrirtöku málsins í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær en gagnaöflun vegna málsins er lokið að hálfu sækjenda og verjenda í málinu.**

**Samtals nema kröfur Reykjavíkurborgar og Strætó rúmlega 150 milljónum króna.**

**Verjendur olíufélaganna byggja vörn sína öðru fremur á því að Reykjavíkurborg hafi ekki orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna verðsamráðsins, sem þó sannarlega átti sér stað. - mh**



**VEIFAR TIL TRÚAÐRA** Myndin er tekin við Péturstorgið á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Benedikt páfi:

## Endurskoðaði umdeilda ræðu

**PÁFAGARÐUR, AP** Benedikt sextándi páfi hefur gefið út endurskoðaða útgáfu af ræðunni umdeildu, þar sem hann vitnaði í keisara frá fjórtándu öld sem sagði múslima ekki hafa fært heiminum annað en „illsku og ómennsku“.

Í upphaflegu ræðunni sagði páfi keisarann segja þetta „nokkuð hranalega“ en í nýju útgáfunni segir páfi ummæli keisarans bæði hranaleg og „óviðunandi“.

Í neðanmálsgrein bætir hann því við að vonandi sé öllum sem lesa ljóst af samhenginu að „þessi setning endurspeglar ekki persónulegt álit mitt á Kóraninum.“ - gb

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Ölóður maður á Ísafirði

Maður á þrítugsaldri var handtekinn á Ísafirði aðfaranótt sunnudags, grunaður um að hafa slegið mann í höfuðið með gleríláti. Fórnarlambið þurfti að færa undir læknishendur og gera að sárum hans. Skömmu síðar mun árásarmaðurinn hafa slegið lögreglumann í andlitið og var hann látinn gista fangageymslur.

### Innbrot í bílskúr

Lögreglan kom að manni um kl. 9.30 í gærmorgun þar sem hann var óboðinn í bílskúr í Þingholtunum. Þar hafði hann safnað saman veiðibúnaði húsráðanda og hugðist taka ófrjálsri hendi. Maðurinn, sem er 45 ára gamall, hljóp á flótta undan lögreglunni, en hún náði honum skömmu síðar. Hann hefur áður komið við sögu lögreglunnar.

# Dómsmálaráðherra vill horfa fram á veg

**Steingrímur J. Sigfússon vill opinbera rannsókn á leyniþjónustustarfsemi hins opinbera. Björn Bjarnason segir rannsóknir á fortíðinni best komnar í höndum sagnfræðinga. Össur Skarphéðinsson segir Sjálfstæðisflokkinn ekki þola skoðun.**

**STJÓRNMÁL** Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, vill að öll mál er lúta að símhlerunum og njósnum á vegum íslenskra stjórnvalda verði upplýst til fulls. Segir hann hljóta að koma til skoðunar að setja á fót opinbera rannsóknarnefnd sem rannsaki málið í heild sinni. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra hvetur þingmenn til að horfa frekar fram á veginn en geta sér til um hvað hugsanlega hafi gerst í fortíðinni. „Við breytum ekki fortíðinni og rannsóknir á henni eru best komnar í höndum sagnfræðinga,“ sagði Björn í umræðum um mögulega leyniþjónustustarfsemi á vegum stjórnvalda á Alþingi í gær.

Steingrímur J. Sigfússon sagði sagnfræðingana Guðna Th. Jóhannesson og Þór Whitehead hafa sýnt fram á að opinberu valdi hefði verið misbeitt og mannréttindi gróflega brotin þegar símar voru hleraðir og upplýsingum safnað um fólk sem stjórnvöld á tímum kalda stríðsins töldu ríkinu standa ógn af.

Sagði Steingrímur starfsemina hafa verið pólitíska, kerfisbundið hefði verið fylgst með vinstrimönnum. Sjálfstæðisflokkurinn og að því er virtist Framsóknarflokkurinn og að hluta til valdir menn úr Alþýðuflokknum hefðu staðið fyrir stórfelldum símhlerunum og upplýsingaöflun.

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra sagði spurningar Steingríms lúta að löngu liðnum atburðum og hvernig taka hefði átt á málum á fyrri tíð. Ekki væri, af lestri ritgerðar Þórs Whitehead í Þjóðmálum, hægt að komast að þeirri niðurstöðu að hér hefði verið um viðtækar ólögmætar persónunjósnir á vegum lögreglunnar að ræða. Sagði hann enn fremur að hvergi hefði komið fram að ekki hefði verið farið að lagaskilyrðum.

Össur Skarphéðinsson í Samfylkingunni sagði fortíð Sjálfstæðisflokksins ekki þola skoðun í málinu og því skiljanlegt að dómsmálaráðherra bæði menn að horfa til framtíðar.

Sigurður Kári Kristjánsson Sjálfstæðisflokki sagði á hinn bóginn fráleitt að tala um leyniþjónustu Sjálfstæðisflokksins og að flokkurinn hefði ekkert að fela í þessu máli.

bjorn@frettabladid.is



**TEKIST Á UM HLERANIR OG NJÓSNIR** Er kannski verið að hlera mig? spurði Steingrímur J. Sigfússon meðal annars í umræðunum í gær. Björn Bjarnason kvað svo varla vera enda símar fólks aðeins hleraðir ef rökstuddur grunur um lögbrot lægi fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

NATO í Afganistan:

## Leiðtogi NATO fer til Pakistans



**DAVID RICHARDS**

**PAKISTAN, AP** Foringi herliðs Atlantshafsbandalagsins, NATO, í Afganistan fór í gær til Pakistans til að ræða við yfirmenn stjórnarhersins um alvarlegt ástand öryggismála á landamærum Afganistans og Pakistans.

Bretinn David Richards fer fyrir 32.000 hermönnum NATO í Afganistan. Hann mun hitta forseta Pakistans og herforingja í dag.

Erfiðlega hefur gengið að efla gæslu meðfram landamærunum, en talið er að margir leiðtogar talíbana og al-Kaída hryðjuverkanetsins séu í felum á þessu svæði. - smk

Fangaflutningar:

## ESB ekki sammála um fanga

**LÚXEMBORG, AP Dómsmálaráðherrar fimm aðildarlanda Evrópusambandsins settu sig í síðustu viku gegn tillögum um nýtt fangaflutningakerfi sem myndi heimila föngum að sitja dóma af sér í heimalöndum sínum þó glæpirnir hafi verið framdir í öðrum löndum.**

**Bretar vilja koma þessu kerfi á sem fyrst, enda sitja 10.000 erlendir fangar í fangelsum Bretlands, en Slóvakía, Tékkland, Spánn, Írland og Pólland vilja setja strangari reglur, svo yfirvöld í heimalöndum fanganna gætu meðal annars neitað að taka við óvelkomnum föngum.**

**Eins spurðu dómsmálaráðherrarnir hvort fangarnir ættu að hafa rétt á að neita flutningi. - smk**




Siðmennt segir þjóðkirkjuna sækja fram í opinberum barnaskólum:

# Tengsl barnaskóla og kirkju óeðlileg



**SIGURÐUR HÓLM GUNNARSSON**

**TRÚMÁL** Þjóðkirkjan virðist hafa samþykki menntayfirvalda til að miðla boðskap sínum í grunnskólum. Tengsl barnaskóla og kirkju eru óeðlileg og ber að stöðva tafarlaust. Þetta segir Sigurður Hólm Gunnarsson, varaformaður Siðmenntar, félags siðrænna húmanista á Íslandi.

Félagið hefur sent Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra bréf þar sem svokölluð Vinaleið þjóðkirkjunnar er harðlega gagnrýnd. Telur félagið eða þetta sé trúboðsaðferð þjóðkirkjunnar sem hafi sótt fram í Garðabæ, Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og Akureyri. Foreldri hafi kvartað við Siðmennt vegna þessa enda sé trúfrelsi og hlutleysi ekki virt í opinberum skólum með þessu verkefni, sem sé brot á mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

„Samkvæmt skilgreiningu þjóðkirkjunnar er þetta sálgæsla á kristnum forsendum. Við höfum ekkert á móti því að þjóðkirkjan eða önnur trúfélög kynni trú sína. Það á þó alls ekki að gerast innan opinberra stofnana eins og skóla,“ segir Sigurður.

Karl Sigurbjörnsson biskup hafnar því að verkefnið Vinaleið sé trúboð. „Þetta er sálgæsluverkefni sem hefur verið unnið með miklum ágætum í skólum og verið ákaflega vel tekið af börnum, foreldrum og skólum,“ segir Karl. - kdk



**KARL SIGURBJÖRNSSON BISKUP** Segir Vinaleið ekki trúboð.




## > **Saman náum við árangri** – um allan heim

Hjá Samskipum fara saman kraftur og sóknarhugur nýrrar kynslóðar og ómetanleg áratuga reynsla. Við leggjum metnað okkar í að veita viðskiptavinum áreiðanlegar heildarlausnir á sviði flutninga um allan heim og höfum byggt upp samhentan hóp og traust flutningakerfi sem tryggja skjóta og örugga þjónustu jafnt innanlands sem utan.

ENNEMM / SÍA / NM23707

**Skrifstofur Samskipa:** Bandaríkin, Belgía, Brasilía, Danmörk, England, Eistland, Færeyjar, Holland, Írland, Ísland, Ítalía, Kína, Lettland, Litháen, Noregur, Rússland, Skotland, Spánn, Suður-Kórea, Svíþjóð, Úkraína, Víetnam, Þýskaland. **Umboðsmenn:** Finnland, Portúgal.

SAMSKIP
SAMAN NÁUM VIÐ ÁRANGRI

# Sófa dagar

15-60% afsláttur

af öllum sófasettum

Yfir 100 tegundir í boði

Fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri



Gildir til 12. október eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla


Tvö aðskilin fíkniefnamál komu upp á Akureyri fyrr í vikunni:

# Fundu hvítt duft í bifreið

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Akureyri fann í fyrrakvöld milli tuttugu og þrjátíu grömm af hvítu efni sem falið var í lofthreinsibúnaði bifreiðar karlmanns á þrítugsaldri, sem var nýkominn til Akureyrar frá Reykjavík. Lögreglan hafði fylgst með ferðum mannsins en hann hefur margsinnis komið við sögu lögreglu vegna brota á lögum um fíkniefni.

Lögreglan færði bifreið mannsins á lögreglustöðina á Akureyri eftir að grunur vaknaði um að fíkniefni væru falin í bifreiðinni. Fíkniefnahundar lögreglunnar voru notaðir við leitina og fundu þeir efnin falin í bifreiðinni. Unnið er að efnagreiningu á duftinu en talið er að um örvandi efni sé að ræða.

Í gærkvöldi fannst einnig lítilræði af fíkniefnum í fórum sextán ára gamallar stúlku, er hún var að koma með flugi frá Reykjavík til Akureyrar. Fannst efnið á stúlkunni við hefðbundna leit lögreglu á flugvellinum á Akureyri.

Daníel Guðjónsson, yfirmaður í rannsóknardeild lögreglunnar á Akureyri, segir fíkniefnamál verða sífellt fyrirferðarmeiri í störfum lögreglunnar á Akureyri. „Við finnum fyrir því að fíkniefnaneysla ungmenna er orðin nokkuð almenn hér á Akureyri. Við höfum meira en nóg að gera við að uppræta fíkniefnastarfsemi hér á Akureyri, en svo virðist sem skipulögð glæpastarfsemi teygi anga síðan hingað, eins og vítt og breitt um landið.“ **- mh**



**LÖGREGLAN Á AKUREYRI AÐ STÖRFUM** Lögreglan fann í vikunni lítilræði af hassi og hvítt duft sem á eftir að efnagreina.

# Búsetuþörfum verði fullnægt árið 2010

**Stefna og framkvæmdaáætlun félagsmálaráðuneytisins vegna átaks í þjónustu við geðfatlaða var kynnt í gær. Á annað hundrað manns þarfnast nú sérstakrar búsetuþjónustu. Þeirri þjónustu á að verða fullnægt árið 2010.**

**FÉLAGSMÁL** Stór þáttur í fötlun geðfatlaðra er sú staðreynd að þeim hefur um aldir verið markvisst útskúfað félagslega. Stefnan sem nú hefur verið tekin í þessum málum markar tímamót. Þetta sagði Héðinn Unnsteinsson, ráðgjafi hjá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni, um framkvæmdaráætlun í þjónustu við geðfatlaða til ársins 2010 sem Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra kynnti í gær.

Áætlunin miðar meðal annars að því að útbúa fjölbreyttari þjónustuúrræði fyrir geðfatlaða. Litið er til þess sem vel hefur gefist annars staðar á Norðurlöndum sem og í Bandaríkjunum í því skyni að finna raunhæfar leiðir til að auka sjálfstæði notenda geðheilbrigðisþjónustunnar og rjúfa félagslega einangrun þeirra. Búseta í íbúðarkjarna, fyrir sex einstaklinga í mesta lagi, eða þjónustuíbúð með fjölbreyttri og sveigjanlegri þjónustu er eitt þeirra atriða sem rík áhersla er lögð á að koma í framkvæmd. Reynslan þykir hafa sýnt að slík úrræði stuðli að jafnvægi í heilsu einstaklinga og dragi úr líkum á endurinnlögnum á sjúkrahús. Ef áætlanir ganga eftir er ætlunin að þörfum geðfatlaðs fólks fyrir þjónustu vegna búsetu verði fullnægt árið 2010.

Kostnaðaráætlun gerir ráð fyrir að stofnkostnaður við búsetu- og stoðþjónustu við geðfatlað fólk nemi einum og hálfum milljarði en tekin hefur verið ákvörðun um að verja einum milljarði af söluandvirði Símans til verkefnisins og að hálfur milljarður komi úr Framkvæmdasjóði fatlaðra. Rekstrarkostnaðurinn verður fjármagnaður af félagsmálaráðuneytinu.

Félagsmálaráðherra segir markmið nýrrar stefnumótunar að geðfatlað fólk njóti sambærilegra lífskjara og lífsgæða og aðrir þegnar þjóðfélagsins. Metnaður sé til þess að fagleg þekking og færni starfsfólks verði á við það sem best gerist í Evrópu.

„Samfélagið þarf að aðlagast geðfötluðum og þeir því. Við stöndum nú á krossgötum. Stefnan er nú orð á pappír, en orð eru til alls fyrst. Það felst mikið tækifæri í því að félagsmálaráðuneytið komi að þessari stefnumótun með nýrri nálgun. Stjórnvöld eru að stíga sín fyrstu skref í tilfærslu á þessari þjónustu frá stofnunum og út í samfélagið,“ segir Héðinn, sem bindur miklar vonir við að hagur geðfatlaðra batni með nýrri stefnu. **karen@frettabladid.is**



**ÁTAK Í MÁLEFNUM GEÐFATLAÐRA** Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra kynnti í gær stefnu og framkvæmdaáætlun vegna átaks í málefnum geðfatlaða. Í áætluninni er einkum leitast við að bæta búsetuúrræði geðfatlaðra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Talið að Benedikt XVI páfi telji vænlegt að nútímavæða kaþólsku kirkjuna:

# Forgarður helvítis afnuminn

**VATÍKANIÐ** Vatíkanið er ekki að hugleiða að afnema hreinsunareldinn, „purgatorio“, úr kennisetningu sinni um handanheima eins og sagt var í Fréttablaðinu í gær. Aftur á móti er talið að Benedikt páfi telji það vænlegan kost í nútímavæðingu kaþólsku kirkjunnar að afnema það sem kallað er „limbus“ á latínu, sem þýtt hefur verið sem „forgarður helvítis“ á íslensku. Orðið limbus hefur svo ratað inn í íslensku sem limbó.

Limbus hefur aldrei verið þáttur í grundvallarkennisetningu kirkjunnar, og hefur páfinn sjálfur kallað forgarðinn „guðfræðilega tilgátu“. Hugmyndin er þekkt síðan á þrettándu öld og var hún notuð til að hlífa óskírðum börnum við helvítisvist. Börn sem dóu óskírð áttu þannig að fara í limbó, þar sem væri engin þjáning, né heldur blessun guðs. Þau voru því hvorki á himnum né í helvíti.

Hugmyndin um forgarð helvítis hefur verið svo óvinsæl í seinni tíð að sjaldan er á hana minnst í kaþólskum messum. Árið 1990 var hún fjarlægð úr trúfræðslu kaþólsku kirkjunnar. Þetta hefur verið gagnrýnt í Afríku og á öðrum svæðum þar sem ungbarnadauði er algengur og mun hafa torveldað kaþólskt trúboð á þeim slóðum. Óskírð börn múslima fara beint til himna. **- kóþ**



**BENEDIKT XVI** Páfi mun nú íhuga að fjarlægja forgarð helvítis úr kennisetningu kaþólsku kirkjunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Heimilið
Börn
Afmæli
Dömur
Herrar
Komdu
í afmælið okkar
Tilboð:
15% afsláttur af öllum Designers vörum
1.000 kr. afsláttur ef þú kaupir 2 brjóstahaldara
2.000 kr. afsláttur ef þú kaupir 3 brjóstahaldara
Ofangreind tilboð gilda fram á sunnudag, en önnur tilboð aðeins á afmælisdaginn.
DEBENHAMS
5 ára
10.10. 2006
Er heppnin með þér?
Dragðu lukkumiða þegar þú verslar og þú færð 5%, 10% eða
50% afslátt!
Átt þú líka afmæli?
Afmælisbörn dagsins fá 20% afslátt á afmælisdaginn 10.10.
DEBENHAMS
-FER ÞÉR VEL!
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS DEB 34482 10/2006



**FALLINNA MINNST** Fólk í Kasmír-héraði í Pakistan minntist þess á sunnudag að eitt ár er liðið frá jarðskjálftanum sem varð 80.000 manns að bana. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**BAN KI-MOON** Væntanlega næsti framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sameinuðu þjóðirnar:

## Ban líklega arftaki Annans

**SUÐUR-KÓREA, AP** Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna mælti í gær með Suður-Kóreumanninum Ban Ki-moon sem næsta framkvæmdastjóra SÞ.

Ban, sem nú starfar sem utanríkisráðherra Suður-Kóreu, þakkaði fyrir sig í ræðu og sagðist ætla sér að vinna að lausn á kjarnorkumálum Norður-Kóreu, kjósi allsherjarþing SÞ hann sem arftaka Kofi Annan, en Annan lætur af störfum um áramótin.

Hingað til hefur allsherjarþingið alltaf kosið þann mann sem Öryggisráðið mælir með og ekki þykir líklegt að það bregði út af hefðinni nú. - smk

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins:

## Býður sig fram í 1. sæti

**STJÓRNMÁL** Þorvaldur Ingvarsson, lækningaforstjóri Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, hefur boðið sig fram í 1. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Norðausturkjördæmi. Hann skipaði 6. sæti á lista flokksins í kosningunum 2003.



**ÞORVALDUR INGVASON**

Þorvaldur hefur tekið virkan þátt í starfi Sjálfstæðisflokksins á Akureyri og í Norðausturkjördæmi. Hann hefur verið formaður í Sjálfstæðisfélagi Akureyrar frá 2003 og setið í fulltrúaráði sjálfstæðisfélaganna á Akureyri. Hann er í stjórn samtakanna Ný sókn á Norðurlandi. - ss

## Lækkun matvælaverðs

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

### Telur of seint í rassinn gripið

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingar, telur tillögur ríkisstjórnarflokkanna ekki ganga nógu langt og koma of seint. „Auðvitað er það ánægjulegt þegar stjórnarflokkarnir láta hendur standa fram úr ermum, eftir langa og dýra bið. Ég hefði viljað ganga enn lengra eins og tillögur Samfylkingarinnar gerðu ráð fyrir en með þeim hefði verið hægt að lækka matvöruverð um 25 prósent en ekki 16 prósent. Auk þess eru tillögurnar greinilega settar fram á tímapunkti sem hentar vel í kosningabaráttu. “

Steingrímur J. Sigfússon:

### Ákvörðunin stefna í rétta átt

Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, segir ákvörðun ríkisstjórnarinnar stefnu í rétta átt. „Við höfum verið talsmenn þess að lækka vörugjöld en fara gætilega í að lækka tolla vegna þeirra áhrifa sem það hefur á íslenskan matvælaiðnað og íslenskan landbúnað.“

Steingrímur segir að þrátt fyrir nauðsyn aðgerðanna sé nöturlegt að sjá útgjaldafrekar aðgerðir sem þessar koma til framkvæmda korteri fyrir kosningar. Þá verði að passa upp á að aðgerðinar skili sér til neytenda.

Guðjón Arnar Kristjánsson:

### Kosningalykt af tillögunum

Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, segist fagna tillögunum en segir kosningalykt af þeim.

„Við teljum að þessar aðgerðir muni skila sér til fólksins í landinu og minnka þann ójöfnuð sem skattastefna ríkisstjórnarinnar hefur leitt af sér.“ Guðjón segir að lækkun matvælaverðs muni létta undir með barnmörgum fjölskyldum. „Þá treystum við að ASÍ muni standa vaktina þannig að lækkanirnar skili sér til neytenda.“

## MATVÆLAVERÐ

### Fagna lækkun

Samtök verslunar og þjónustu fagna ákvörðun stjórnvalda um aðgerðir til að lækka matarverð. Samtökin leggja áherslu á að uppboð á kvótum á innfluttar kjötvörur og osta verði aflögð en almennir tollar geri alla innflytjendur jafna.

### Lækkun skili sér til neytenda

Félag íslenskra stórkaupmanna fagnar aðgerðum stjórnvalda til lækkunar matarverðs. Mikilvægt sé að fylgst verði með því að þær skili sér til neytenda.

### Gott fyrir ferðaþjónustuna

Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, fagnar lækkun virðisaukaskatts á mat óháð því hvar og hvernig hans er neytt.



**FÓLK Í INNKAUPUM** Matarreikningur meðalfjölskyldunnar mun lækka um 120.000 krónur miðað við tillögur ríkisstjórnar um lækkun matarverðs. Markmið aðgerðanna er að matvælaverð verði sambærilegt á Íslandi og meðalverð á Norðurlöndunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Landbúnaður sé ekki lengur ofverndaður og ofdekraður

**Formaður Bændasamtakanna segir ekki hægt að tala um ofverndaðan landbúnað út frá tillögum um lækkun matarverðs. Lækkun virðisauka fagnaðarefni en tímasetning umdeilanleg, segir forseti ASÍ.**

**MATARVERÐ** Bændasamtök Íslands fagna einföldun og lækkun vörugjalda og virðisaukaskattsins sem felst í tillögum ríkisstjórnarinnar um lækkun matarverðs. Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtakanna, segir þetta vissulega þýða einhverja kjararýrnun fyrir bændur. „En þá er spurning hvar við getum lækkað rekstrarkostnað í búunum á móti. Það er mögulegt að vinna að einhverju slíku í samvinnu við stjórnvöld.“

Haraldur ítrekar að í allri umræðu um matarverð hafa bændur sagst vilja breytingar. „Og við vonum að þetta geti leitt til þess að það ríki meiri friður um okkar atvinnuveg. Það er nú ekki hægt að segja eftir þetta að það sé til einhver ofverndaður og ofdekraður íslenskur landbúnaður.“

Bændasamtökin voru ekki samningsaðilar að þessum tillögum að sögn Haraldar en höfðu þó kynnt sínar hugmyndir og leiðir fyrir ríkisstjórninni. „Ég treysti því að menn gangi frá þessu þannig að þeir kollvarpi ekki neinu. Og það er mikill munur á þessum tillögum og þeim sem Samfylkingin kom fram með þar sem átti að taka af alla verndartolla á tveimur árum. Það er grundvallarmunur þar á.“



**HARALDUR BENEDIKTSSON**

Haraldur segir þessar breytingar munu snerta hag bænda á ýmsan hátt. „Við getum ekki sagt hvernig 40 prósenta tollalækkun á kjöti muni snerta okkur þar sem það á eftir að útfæra þá hugmynd betur. En varðandi verðstöðvun mjólkur, sem komin er að frumkvæði Samtaka afurðastöðva, þá verður væntanlega óbreytt verð í heildsölu á mjólk hér í tvö ár. Það má hafa það í huga varðandi verðkannanir undanfarið sem hafa verið að sýna miklar hækkanir á mjólkurvörum að þær hafa ekkert hækkað frá heildsölum síðan um seinustu áramót. Heldur er þetta bara álagning og verðbreyting verslunarinnar sem þar hefur farið fram.“ Með vísan í það segir Haraldur bændur hafa ástæðu til að hafa áhyggjur af því hvort þessar breytingar skili sér alla leið til neytenda. „Við erum mjög uppteknir af því að framlag okkar og ríkissjóðs skili sér til neytenda og það þurfa allir að vera á tánum til að svo megi verða. Ég ætla ekki að neinn hyggist stinga þessu inn á sig en það þarf að vanda sig.“



**GRÉTAR ÞORSTEINSSON**

Grétar Þorsteinsson, forseti Alþýðusambands Íslands, segir fagnaðarefni ef verið er að lækka virðisaukann en tímasetningin sé umdeilanleg. „Miðað við þær aðstæður sem við höfum búið við í efnahagslífinu síðustu misseri þá getur verið mjög erfitt að fylgja þessum tillögum eftir verði miklar sveiflur á gengi. Menn hafa haft áhyggjur af því að við verðum enn ekki komin inn í það ástand sem færi að hafa þau áhrif á vexti að þeir færu lækkandi. Og það er ekki langsótt að ætla að þeir sex milljarðar sem áætlað er að setja í þetta á næsta ári hafi áhrif inn í það ástand.“

Grétar segir annað áhyggjuefni snúa að 40 prósenta lækkun tolla sökum upplýsingaskorts. „Það er lítið útskýrt hvernig eigi að standa að þessari lækkun. En við viljum svo sannarlega skilja þetta sem svo að þarna sé verið að stíga fyrsta skrefið í átt að lækkun tolla sem er mjög áhugavert.“ sdg@frettabladid.is

Hagar fagna tillögum um lækkun matarverðs:

## Lækkanir skili sér til viðskiptavina

**MATARVERÐ** Verslunarfyrirtækið Hagar hyggst taka fullan þátt í þeim aðgerðum sem fram undan eru samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar, þannig að verðlækkanir á matvælum skili sér að fullu til viðskiptavina, að því er kemur fram í fréttatilkynningu sem fyrirtækið sendi frá sér í gær.

Finnur Árnason, forstjóri Haga, segir efasemdir hafa verið uppi um að svona aðgerðir skili sér til neytenda. „Án þess að menn hafi nefnt það beint þá telja sumir að einhverjir milliliðir, og þá kannski smásalar, muni halda einhverju eftir af þessu. Við viljum gefa út þá yfirlýsingu að við erum ekki þeir aðilar.“

Undir Haga fellur meðal annars rekstur matvöruverslananna Bónuss, Hagkaupa og 10-11.

Hagar hvetja stjórnvöld til frekari dáða og að auka enn frekar frelsi í verslun með matvörur, þjóðinni til hagsbóta. - sdg



Talsmaður neytenda:

# Ókeyptur Jóker ekki birtur

**ÍSLENSK GETSPÁ** Hætt verður að birta Jókertölur, sem ekki hefur verið greitt fyrir, á Lottómiðum. Talsmaður neytenda, Gísli Tryggvason, kveðst hafa beint tilmælum þess efnis til Íslenskrar getspár sem hefur með málið að gera. Þar hafi verið fallist á að gera þessa breytingu við næstu kerfisbreytingu hjá fyrirtækinu en hún verður í vetur.

„Það hefur borist ábending um þetta atriði,“ segir Gísli. „Tilmælin til Íslenskrar getspár byggja á því að birting Jókertalna gæti hvatt fólk til að kaupa meira en það hafði í upphafi hugsað sér.“ - jss

Örorkunefnd Landssamtaka lífeyrissjóðanna skilaði nýlega af sér skýrslu um málefni öryrkja:

# Vilja efla starfsendurhæfingu til muna

**VELFERÐARMÁL** Mikill sparnaður felst í því að hjálpa öryrkjum að snúa aftur út á vinnumarkaðinn, að sögn Hrafns Magnússonar, framkvæmdastjóra Landssamtaka lífeyrissjóða. „Ef við tökum öryrkja undir þrítugu sem dæmi þá erum við að tala um tugi milljóna sem sparast.“

Grípa verður snemma til endurhæfingarúrræða gagnvart þeim sem hverfa af vinnumarkaði, annaðhvort vegna veikinda eða atvinnuleysis. Oft er orðið um seinan eða mjög erfitt að endurhæfa einstaklinga sem sækja um örorkulífeyri allt að ári eftir brotthvarf af vinnumarkaði. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu örorkunefndar á vegum Landssamtaka lífeyrissjóða sem falið var að skoða leiðir að hugsanlegum kerfisbreytingum í örorkulífeyrismálum.



**HRAFN MAGNÚSSON**

Í skýrslunni er vísað í tölur frá Bandaríkjunum en þar fer helmingur þeirra sem eru fjarverandi frá vinnumarkaði lengur en átta vikur ekki aftur út á vinnumarkaðinn og 85 prósent þeirra sem eru frá vinnu í hálft ár eða lengur fara ekki aftur út á vinnumarkaðinn.

Hrafn segir megináherslu lífeyrissjóðanna liggja í að stórauka starfsendurhæfingarúrræði sem skortur sé á í dag og koma í veg fyrir biðlista. „Við bindum miklar vonir við örorkunefnd á vegum forsætisráðherra sem fjallar nú um þessi mál og mun ljúka störfum um áramótin.“ - sdg



**FRÁ GRENSÁSDEILD** Erfitt getur reynst að endurhæfa öryrkja allt að ári eftir brotthvarf af vinnumarkaði. Fréttablaðið/Valli



**FREYJA HARALDSDÓTTIR** Fræðir nemendur og starfsfólk framhaldsskóla um málefni fatlaðs fólks.

Fræðsla til framhaldsskóla:

# Ekki böl að lifa með fötlun

**FRÆÐSLA Menntamálaráðherra og félagsmálaráðherra hafa ákveðið að styrkja Freyju Haraldsdóttur til að heimsækja framhaldsskóla og fræða nemendur og starfsfólk um málefni fatlaðs fólks.**

**Fyrirlestrarnir bera yfirskriftina „Það eru forréttindi að vera með fötlun,“ en sjálf hefur Freyja ekki látið fötlun sína hamla sér. Hún útskrifaðist frá Fjölbrautaskólanum í Garðabæ á síðasta ári og var þá dux scholae.**

**Markmið fyrirlestra Freyju er meðal annars að benda á að með réttri þjónustu og viðhorfum sé ekki böl að lifa með fötlun.** - hs

Kveðjuveisla Halldórs:

# Framsókn borgaði brúsann

**STJÓRNMÁL** Framsóknarflokkurinn borgaði sjálfur fyrir kveðjuveislu til heiðurs Halldóri Ásgrímssyni, fyrrverandi forsætisráðherra, sem haldin var í Ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu.

Þetta segir Sigurður Eyþórsson, framkvæmdastjóri Framsóknarflokksins, en Mörður Árnason, þingmaður Samfylkingar, spurði í pistli á heimasíðu sinni hver hefði borgað fyrir veisluna og ýjaði að því að mögulega hefði einhver ráðherra Framsóknarflokksins látið ráðuneyti sitt greiða fyrir hana. - ss

## LÖGREGLUFRÉTT

### Mikill hraðaakstur

Níutíu manns voru gripnir við of hraðan akstur á Reykjavíkursvæðinu um helgina. Sá sem fór hraðast var á 163 kílómetra hraða í götu sem leyfir 80 kílómetra hámarkshraða og var sviptur ökuleyfi. Einnig voru tíu stöðvaðir við ölvunarakstur og tveir grunaðir um akstur undir áhrifum lyfja.

### Bílvelta við skíðaskála

Vörubíll valt skammt frá skíðaskálanum í Hveradölum í gær en ökumaður vörubílsins slapp ómeiddur. Unnið var að framkvæmdum á svæðinu er slysið varð, en að sögn lögreglu fór betur en á horfðist í fyrstu.

### Hættuleg trampólín

Mikið rok plagaði íbúa Húsavíkur á sunnudagskvöld og fauk garðskúr í miðbænum, ásamt nokkrum trampólínum, sem algeng eru í görðum þar nyrðra. Engan sakaði en lögreglan á Húsavík vill benda fólki á að gæta að slíkum tólum fyrir veturinn; þau geti verið hættuleg á flugi.






**HUNDUR BLESSAÐUR** Þessi lúterski prestur blessaði hunda og ketti í gæludýrablessun sem haldin var í Iowa-ríki í Bandaríkjunum um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Loftíbúðir að erlendri fyrirmynd meginuppistaðan í nýbyggingu við Mýrargötu:

# Íbúðir með fimm metra lofthæð

**FRAMKVÆMDIR** Ný íbúðabygging sem á að rísa við Mýrargötu 26 samanstendur aðallega af loftíbúðum.

Magnús Ingi Erlingsson, framkvæmdastjóri Nýju-Jórvíkur sem stendur að nýbyggingunni, segir arkitekta hafa sótt innblástur til útlanda.

„Þetta er íbúðagerð sem á rætur að rekja til vinnustofuíbúða í gömlum iðnaðarhúsum,“ segir Magnús. „Nú er þetta orðið vinsælt íbúðaform í nýjum byggingum í erlendum stórborgum.“ 42 af 61 íbúð í byggingunni verða loftíbúðir með allt að fimm metra lofthæð. Í húsinu verða einnig tíu hefðbundnari íbúðir, en á efstu hæðunum verða níu lúxusíbúðir með eigin þakgarði og aðstöðu fyrir heitan pott. Þakið verður nýtt sem sameiginlegt útivistarsvæði fyrir íbúa hússins.

Nýja Jórvík bíður þess nú að borgaryfirvöld ljúki deiliskipulagsvinnu við Ellingsenreit, en byggingaleyfi þeirra var afturkallað þegar ástæða þurfti til að endurskoða deiliskipulagið. Á Ellingsenreit stendur Alliance-húsið svokallaða, en Húsafriðunarnefnd var meðal þeirra sem lögðust harkalega gegn því að það yrði rifið eins og upphaflegt deiliskipulag gerði ráð fyrir. - sun



**LOFTÍBÚÐIR VIÐ MÝRARGÖTU** Íbúðagerðina má rekja til vinnustofuíbúða í gömlum iðnaðarhúsum. Þetta íbúðaform er vinsælt í nýjum byggingum í erlendum stórborgum.

Nóbelsverðlaun í hagfræði:

## Verðbólga og atvinnuleysi

**STOKKHÓLMUR, AP** Bandaríkjamaðurinn Edmund S. Phelps hlýtur Nóbelsverðlaunin í hagfræði í ár fyrir framlag sitt til skilnings á samspili verðbólgu og atvinnuleysis.



**EDMUND S. PHELPS**

Phelps, sem nú er 73 ára, fær verðlaunin fyrir rannsóknir sínar á sjöunda áratug síðustu aldar, þegar hann áttaði sig á því að „verðbólga er ekki eingöngu háð atvinnuleysi, heldur einnig væntingum fyrirtækja og starfsfólks til verðlags og launahækkana,“ eins og segir í tilkynningu frá sænsku Nóbelsnefndinni. - gb

Heilbrigðisyfirvöld í Osló:

## Ljósin tendruð í gufuböðum

**NOREGUR Yfirlæknir smitsjúkdómavarna Oslóarborgar hefur krafist þess að ljósin verði kveikt í gufuböðum borgarinnar til að minnka líkurnar á HIV-smiti meðal samkynhneigðra karlmanna, kemur fram á fréttavef norska blaðsins Aftenposten.**

**Að sögn Frantz Leonard Nilsen yfirlæknis er tiltölulega algengt að karlmenn smitist af kynsjúkdómum eða HIV-veirunni í þessum dimmu einkareknu almenningsgufuböðum, því karlmenn stundi þar óvarið kynlíf.**

**HIV-smitum meðal samkynhneigðra norskra karlmanna hefur fjölgað mjög og telja yfirvöld að gera megi ráð fyrir að nær 100 norskir hommar greinist með veiruna í ár.** - smk



**HEIMASKÓLUM VERÐI HALDIÐ ÁFRAM** Tveir heimaskólar með samtals fjögur börn hafa verið starfræktir í Ölfusinu síðustu þrjú árin. Lagt er til að heimaskólunum verði haldið áfram næstu tvö árin en eftirlit grunnskólans aukið og upplýsingaskylda foreldra aukin. Myndin er úr safni. Hún tengist ekki heimaskólunum í Ölfusinu.

# Börnin mættu ekki í samræmdu prófin

**Tveir heimaskólar hafa verið reknir hér í þrjú ár. Engin próf voru lögð fyrir nemendur og því lítið vitað um námsframvinduna. Nemendur vantaði í samræmd próf í fjórða og sjöunda bekk. Lagt er til að heimaskólarnir starfi áfram.**

**MENNTUN** Tilraun hefur staðið yfir í þrjú ár með rekstur tveggja heimaskóla í Ölfusinu. Nemendur skólanna voru fimm í upphafi en einn nemendanna flutti sig yfir í grunnskóla. Kennslan fór alfarið fram á heimilum nemendanna hlið við hlið í Ölfusinu. Ekkert samstarf hefur verið á milli skólanna.

Menntamálaráðuneytið hefur látið gera úttekt á heimakennslu í Ölfusi. Heimakennslan hefur staðið yfir í þrjú ár á tveimur heimilum. Í úttektinni kemur fram að heimaskólar séu lífsstíll þar sem skólarými og heimili renna vel saman. Á heimilunum hafi börnin sérstaka aðstöðu fyrir námsbækur og stað til að vinna á. Á báðum heimilum hafi foreldri með kennsluréttindi borið ábyrgð á kennslunni. Á báðum heimilum stundi börnin fjölbreytt félagslíf, séu í skátunum og æfi íþróttir þannig að þau einangrist ekki.

„Tvö barnanna æfa sund og annað þeirra æfir einnig körfubolta. Öll börnin eru í tónlistarnámi, hluti þeirra í tónlistarskóla í Reykjavík en önnur á Selfossi. Einnig spila þau í hljómsveitum og tvö barnanna leika tónlist opinberlega við ýmis tækifæri víða,“ segir í úttektinni.

Skriflegt samkomulag var milli skólanefndar og foreldra um kennsluna. Dagbók skyldi haldin. Annað heimilið hætti fljótlega að halda slíka dagbók og olli það erfiðleikum við að fá heildarmynd af framkvæmd og skipulagi kennslunnar.

Ólíkar leiðir voru farnar við framkvæmd og skipulag kennslunnar. Á öðru heimilinu var því fylgt nákvæmlega eftir að börnin kláruðu þær námsbækur sem jafnaldrar þeirra í Grunnskólanum í Þorlákshöfn nota en á hinu heimilinu rann námið meira saman við fjölskyldulífið og athafnir daglegs lífs. Foreldrarnir sögðust reiða sig minna á hefðbundnar kennslubækur og leitast frekar við að búa til eigin verkefni.

Á báðum heimilum sögðust foreldrar beita símati og færi það fram jafnóðum en útskýringu á þessu símati vantaði. Foreldrar töldu óþarfa að leggja próf fyrir börnin. Samræmd próf væru nóg. Þó kemur fram að tvö börn hafi átt að taka samræmd próf í Suðurhlíðarskóla en ekki mætt í prófið og ekki fengið undanþágu.

Lagt er til að heimaskólunum verði haldið áfram en eftirlit grunnskólans aukið og lokamat fari fram eftir tvö ár. ghs@frettabladid.is


Alþjóða geðheilbrigðisdagurinn 2006

**Göngum gegn sjálfsvígum!**

Fjölmennum í Hallgrímskirkju í kvöld kl. 20:00 þar sem **Páll Óskar** og **Monika, Módettukórinn** og **séra Birgir Ásgeirsson** taka á móti okkur.

Gengið verður niður að tjörn þar sem við tekur kertafleyting til minningar um alla þá sem við höfum misst vegna sjálfsvíga.

*Kertin verða afhent þátttakendum á staðnum án endurgjalds.*

Sýnum samstöðu og **göngum gegn sjálfsvígum** – þetta kemur okkur öllum við!


Vinnsla á upplýsingum úr frumratsjám hafin að nýju:

## Ratsjárstofnun sér um eftirlitið

**LOFTHELGIN** Ratsjárstofnun mun sinna eftirliti með frumratsjám og vinna úr upplýsingum frá þeim þangað til annað verður ákveðið. Þetta var samþykkt í varnarviðræðum Íslendinga og Bandaríkjamanna.

Jörundur Valtýsson, ráðgjafi utanríkisráðherra, segir þó að í varnarsamkomulaginu hafi verið ákveðið að framtíð ratsjárstofnunnar verði áfram á borðinu.

„Við munum hefja viðræður við Bandaríkjamenn og eftir atvikum NATO um framhaldið. Bandaríkin hafa einungis skuldbundið sig til að reka ratsjárstöðvarnar í tólf mánuði þannig að það er of snemmt að segja til um hvernig hlutunum verði komið fyrir í framtíðinni. En þetta er staðan í dag. Ratsjárstofnun sinnir þessu eftirliti.“

Framtíð eftirlitsins hafði verið í nokkurri óvissu eftir að Bandaríkjamenn hættu að sinna því. Þeir lokuðu stjórnstöð sem vann úr upplýsingum frumratsjánna síðastliðið vor og frá þeim tíma gátu flugvélar flogið um íslenska lofthelgi án þess að sjást ef þær voru ekki með innbyggðan merkjasendingarbúnað eða með slökkt á þeim búnaði. Í kjölfarið skapaðist umræða um að ný smyglleið hefði opnast til landsins. - þsj



**RATSJÁRSTOFNUN** Eftirlit og vinnsla gagna úr frumratsjám verður hjá stofnuninni næstu tólf mánuði hið minnsta.

Vinstri græn í borgarráði:

# Virkjun hafin án starfsleyfis

**ORKUMÁL** Vinstri græn lögðu fram fyrirspurn í borgarráði á miðvikudag, þar sem farið er fram á að upplýst verði á hvaða forsendum Orkuveita Reykjavíkur hóf raforkuframleiðslu í Hellisheiðarvirkjun hinn 1. október, þegar umsagnarfrestur um starfsleyfi fyrir virkjunina rennur út 16. október.

Guðmundur Þóroddsson, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, segir virkjunina einungis í tilraunaskyni, verið sé að prófa vélar og það sé í lagi þó starfsleyfi sé ekki komið. Um mánuður sé í að virkjunin verði komin í rekstur og þá verði starfsleyfi komið. - ss

Christopher Heaton-Harris, þingmaður breska Íhaldsflokksins, um hugsanlega inngöngu Íslands í ESB:

# Bretar myndu ekki veita undanþágu

**EVRÓPUSAMBANDIÐ** Hvorki bresk né spænsk stjórnvöld myndu nokkurn tímann samþykkja inngöngu Íslendinga í Evrópusambandið ef farið yrði fram á undanþágu Íslendinga frá sameiginlegri fiskveiðistefnu Evrópusambandsins.

Þetta kom fram í máli Christopher Heaton-Harris, þingmanns breska Íhaldsflokksins á þingi Evrópusambandsins, í fyrirlestri sem hann hélt á vegum Heimssýnar, hreyfingar sjálfstæðissinna í Evrópumálum. Hann sagði að ef Íslendingar myndu ganga í Evrópusambandið myndi fiskveiðilögsaga Íslendinga fyllast af spænskum og breskum togurum, þar sem þorskstofninn hefur hrunið innan sameiginlegrar lögsögu sambandsins. Einnig kom fram í máli Christophers að breskir íhaldsmenn hefðu hótað því að ganga úr sameiginlegu fiskveiðistefnunni, en fengið þau skilaboð frá Evrópusambandinu að með því myndi Bretar segja sig úr sambandinu.

Hann sagði það ekki stefnu núverandi leiðtoga breska Íhaldsflokksins að Bretland gengi úr Evrópusambandinu, heldur hefði skuggaráðherra utanríkismála sagt á landsfundi Íhaldsflokksins að gefa ætti Evrópusambandinu eitt tækifæri enn til að endurbæta sambandið, en ekki yrði fallist á frekari samruna án þjóðaratkvæðagreiðslu. - ss



**CHRISTOPHER HEATON-HARRIS** Þingmaðurinn segir það ekki vera stefnu breska Íhaldsflokksins að Bretland gangi úr Evrópusambandinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Prófkjör Samfylkingarinnar:

# Gefur kost á sér í 5.-6. sæti

**STJÓRNMÁL** Guðrún Bjarnadóttir sálfræðingur býður sig fram í 5.-6. sæti á framboðslista Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi.

Guðrún hefur setið í ýmsum ráðum og nefndum hjá Hafnarfjarðarbæ og tekið virkan þátt í starfi Samfylkingarinnar frá upphafi. Hún leggur áherslu á þörf alls fólks fyrir lífsskilyrði sem gefa tækifæri.



**GUÐRÚN BJARNADÓTTIR**

Guðrún lauk doktorsprófi frá ríkisháskólanum í Pennsylvaníu og er starfandi sálfræðingur á Miðstöð heilsuverndar barna. Áður kenndi Guðrún sálfræði og uppeldisfræði við Menntaskólann í Hamrahlíð. - hs



**SAMKOMULAG UNDIRRITAÐ** Sigurbjörn Sveinsson, formaður Læknafélags Íslands og Hjörleifur Þórarinsson, formaður Frumtaka.

Frumtök og Læknafélagið:

# Samkomulag um samstarf

**HEILBRIGÐISMÁL** Frumtök, samtök framleiðenda frumlyfja, og Læknafélag Íslands undirrituðu fyrir helgi samkomulag um að sameiginleg yfirlýsing Evrópska læknafélagsins og Samtaka lyfjaiðnaðarins í Evrópu um samstarf læknastéttarinnar og lyfjaiðnaðarins skyldi virt í samskiptum félagsmanna.

Meðal þess sem fram kemur í samkomulaginu er að lyfjafyrirtækjum er ekki heimilt að bjóða óréttlætanlega risnu og skulu gjafir vera ódýrar og tengjast læknisstörfum. - ss

Félagsgjöld VR:

# Meirihluti hefur greitt til VR

**FÉLAGSGJÖLD** Ríflega annar hver einstaklingur á vinnumarkaði í dag hefur einhvern tíma á starfsferli sínum greitt félagsgjald til VR. Þetta jafngildir því að 97.166 einstaklingar á aldrinum 16-66 ára hafi einhvern tíma á ævinni greitt félagsgjöld til VR, en það eru um 57 prósent fólks á vinnumarkaði.

Það sem af er þessu ári hafa að meðaltali 25.200 manns greitt félagsgjald mánaðarlega en það eru um 15 prósent af starfandi fólki á vinnumarkaði og 23 prósent af starfandi fólki á höfuðborgarsvæðinu. - hs

120 1886 2006

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LBI 34399 10/2006

Við erum fimm ára!

Þér er boðið í afmælið

**Útibú Landsbankans í Smáralind** fagnar fimm ára afmæli þriðjudaginn 10. október kl. 10:10. Verslunarmiðstöðin Smáralind var opnuð þennan dag árið 2001. Við viljum bjóða viðskiptavinum og gestum og gangandi í þriggja daga afmælisveislu.



Þriðjudagur 10. október

- Afmæliskaka frá Hafliða Ragnarssyni konfektmeistara og sérlagað afmæliskaffi í boði allan daginn
- 16:00-18:00 Afmælisveisla fyrir börnin
  - Andlitsmálun
  - Sproti kemur í heimsókn
  - Gjafavara fyrir börnin



Miðvikudagur 11. október

- Kaffi og afmæliskaka
- 16:00 - Leikmenn meistaraflokks kvenna í Breiðablik gefa eiginhandaráritanir í tilefni af Evrópuleik liðsins gegn Englandsmeisturum Arsenal. Boltar gefnir meðan birgðir endast.
- 16:30 - Englandsmeistarar Arsenal koma í heimsókn. Miðar á Evrópuleik Breiðabliks og Arsenal verða gefnir meðan birgðir endast.



Fimmtudagur 12. október

- Kaffi og afmæliskaka
- 15:30 - Brot úr sögu banka - sögutengd leiksýning í tali og tónum í tilefni af 120 ára afmæli Landsbankans. Sproti mætir á staðinn.
- 17:30 - Skagfirska söngsveitin stígur á stokk

Landsbankinn

Banki allra landsmanna í 120 ár



2001-2006

**ÓTRÚLEG AFMÆLISTILBOÐ**

**FIMMTUDAGUR**

Glæsileg tískusýning kl. 17.30.
Opið til kl. 21.

# SMÁRALIND ER 5 ÁRA

# ÞÉR ER BOÐIÐ Í AFMÆLI

Smáralind heldur upp á 5 ára afmæli sitt næstu 6 daga, frá þriðjudegi til sunnudags. Í boði verður frábær afmælisdagskrá og afþreying ásamt glæsilegum afmælistilboðum. Gleðin nær hámarki á laugardaginn með flottri tískusýningu og risa barnaskemmtun, kl. 14-16, í Vetrargarðinum. Við hlökkum til að sjá þig!

**LAUGARDAGUR**

Tískusýning og risa barnaskemmtun í Vetrargarðinum. Fram koma Íþróttaálfurinn, Solla stirða, Halla hrekkjusvín, Jónsi, Birgitta og Sveppi, Örn Árnason, Skoppa og Skrítla, Sigga Beinteins og María Björk ásamt fleirum. Þessum viðburði máttu ekki missa af.




Nú er **Tímaritið Smáralind** komið út í afmælisbúningi.

Smáralind
**BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA**

**Opið:** Mán, þri, mið 11-19, **fim 11-21**, fös 11-19, lau 11-18, sun 13-18 / Sími 528 8000 / smaralind.is

## „ORÐRÉTT“

### *En hver á að skipta um perur?*

**„Friðarsúlunni er ætlað að tákna vonargeisla fyrir þá sem dreymir um heimsfrið.“**

YOKO ONO HEFUR ÁFORM UM AÐ REISA FRIÐARSÚLU Í VIÐEY, SEM ER LJÓSGEISLI SEM NÆR UPP Í 20 M HÆÐ OG Á AÐ LÝSA UM ALLA EILÍFÐ. STEFNT ER Á AÐ KVEIKJA Á SÚLUNNI AÐ ÁRI LIÐNU. FRÉTTABLAÐIÐ 9. OKTÓBER.

### *Bara jákvæð viðbrögð*

**„Ég bjóst við að fá einhverjar skammir fyrir að vera íhaldssöm, afturhaldssöm og að vinna gegn jafnrétti kynjanna.“**

EVA MARÍA JÓNSDÓTTIR HEFUR FENGIÐ MIKIL OG JÁKVÆÐ VIÐBRÖGÐ VIÐ ÞEIRRI SKOÐUN SINNI AÐ FULLORÐNIR ÆTTU AÐ TAKA MEIRA TILLIT TIL BARNANNA Í STAÐ ÞESS AÐ STJÓRNAST AF LÍFSGÆÐAKAPPHLAUPINU. MORGUNBLAÐIÐ 9. OKTÓBER.

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** SIGRÍÐUR HEIÐBERG FORSTÖÐUKONA KATTHOLTS

## *Sá hryllilegt grindadráp*

„Það er allt gott að frétta, maður vinnur náttúrlega allt of mikið eins og allir Íslendingar og það er alltaf nóg af kisum,“ segir Sigríður Heiðberg, forstöðukona Kattholts. „Ég var að fá nýjan bíl og er mjög ánægð með hann. Þetta er Subaru Forester með góðu skotti fyrir fjórfætlingana. Ég er að vona að nýja borgarstjórnin hugsi til okkar og gott væri sem dæmi að fá felld niður þessi sjö hundruð þúsund króna fasteignagjöld sem við þurfum að greiða. Mér finnst óréttlátt að þurfa að taka það fé frá líknarstarfinu.“



Sigríður er mikill dýravinur og ekki bara hrifin af köttum. „Ég komst ekki á hundasýninguna um helgina og finnst miður að hafa ekki komist að sjá það þegar hundar voru heiðraðir fyrir margvísleg afrek, bæði blindra- og leitarhundar.“

Þótt mikið sé að gera í Kattholti komst Sigríður til Færeyja í sumar. „Ég er mjög hrifin af Færeyjum og við getum tekið þessa frændur okkar til fyrirmyndar. Það er allt svo hreinlegt þarna og vegakerfið er einstakt, allt tvíbreitt, malbikað og göng í gegnum öll fjöll. Ég varð þó vitni að grindadrápi sem var skelfileg sjón. Rauður sjór og algjör hryllingur að horfa upp á þetta.“

## TVÍFARAR: VATNSLOK OG SNYRTIVÖRUR

■ Heimsins lógó skipta tugþúsundum og því er ekki óeðlilegt að stundum líti þau svipað út. Þegar gengið er um göturnar má sjá vatnslok frá Hitaveitu Reykjavíkur, merkt HR, sem væri kannski í frásögur færandi ef lógóið væri ekki alveg eins og lógóið frá snyrtivöruframleiðandanum Helenu Rubinstein. Tilviljun?






## SJÓNARHÓLL
ÍSLAND Í ÖRYGGISRÁÐIÐ

### *Efast um sjálfstæði*

„Framboð Íslands gæti verið mjög metnaðarfullt og við gætum haft heilmikil áhrif í hinu alþjóðlega samfélagi ef vel er að því staðið,“ segir Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir. „Ég efast hins vegar um sjálfstæði ríkisstjórnarinnar til þess að fara á móti stefnu Bandaríkjanna og óttast að við yrðum eitt ríkið enn sem eltir þá. Á meðan sá hátturinn er á finnst mér peningunum sem til framboðsins er varið betur varið í önnur verkefni.“



BRYNDÍS ÍSFOLD HLÖÐVERSDÓTTIR VERSLUNARKONA






# Sundsprettur í Jökulsárlóni

**Talið er víst að sjósundmenn á vegum Sundfélags Hafnarfjarðar hafi sett heimsmet þegar þeir syntu í Jökulsárlóni í síðustu viku meðan auglýsing fyrir bandarískt lyfjafyrirtæki var tekin upp. Hitinn í vatninu var ein til tvær gráður.**



**SUNDMENNIRNIR Á LEIÐ ÚT Í LÓNIÐ** Þeir lýsa líðaninni eftir á eins og trukkur eða valtari hafi keyrt yfir þá. FRÉTTABLAÐIÐ/BENNI

Sundmennirnir fóru að meðaltali tíu sinnum yfir daginn út í Jökulsárlón og syntu þar og busluðu í eina og hálfa mínútu upp í fjórar mínútur í senn. Vatnið var ísjökulkalt, aðeins 1,2 gráðu heitt fram að hádegi en síðdegis hitnaði það upp í 2,2 gráður.

„Það var fallegt veður eftir hádegi og sjórinn flæddi að um fjögurleytið og fór undir jökulinn og kom svo til baka. Við vonuðumst til að vatnið næði því að verða fjögurra til fimm gráðu heitt en það varð aldrei,“ segir Hrafnkell Marinósson, sjósundmaður hjá SH.

Hrafnkell segir að sársaukinn við að fara út í jökulkalt vatn sé ekkert meiri en þó farið sé út í sjö til átta gráðu heitan sjó. „En það er samt gjörólíkt að fara í sjó eða jökulvatn. Við erum tuttugu mínútur í sjónum en þarna vorum við í fjórar mínútur í mesta lagi,“ segir hann.

Sjósundmennirnir fóru í heitan pott og fengu heitt að drekka á milli þess sem þeir fóru í lónið. Jökunum var haldið með köðlum þannig að þeir bærust ekki burt og olli það smávegis töfum.

Hrafnkell segir að sundið hafi reynt gríðarlega á hjartað, liðina og síðast en ekki síst nárann því að þeir hafi þurft að troða marvaðann í miklum straumi sem hafi aukist eftir því sem leið á daginn.

„Í vatninu var fyrsta tilfinningin smá sviði og svo gríðarlegur kuldi, fingurnir fóru að herpast og svo tærnar og svo hætti maður smám saman að geta hreyft sig,“ segir Hrafnkell.

„Sólarhring síðar leið manni eins og valtari hefði keyrt yfir mann, það voru allir svo ofboðslega þreyttir.“

Átta sundmenn á vegum SH tóku þátt í sundinu í Jökulsárlóni og voru þeir á aldrinum 23 til 55 ára. Tökurnar voru fyrir bandarískt lyfjafyrirtæki í auglýsingu á Clarityn-D sem ætluð er á norðuramerískan markað. **ghs@frettabladid.is**



**SUNDMENNIRNIR FÓRU OFAN Í HEIT KÖR** Fengu heitt að drekka til að ná hita í kroppinn eftir sundið í lóninu.



**VEL VAR BÚIÐ AÐ SJÓSUNDMÖNNUM SH** Hér sjást þeir í dúnúlpum sem voru sérsaumaðar úr dúnsængum úr Rúmfatalagernum.






# Fimm ár í góðu veðri

Fimm ár eru í dag liðin frá opnun Smáralindar. Á sínum tíma voru margir efins um framtíðarmöguleika svo stórrar verslunarmiðstöðvar og töldu Kringluna alveg anna eftirspurn. Þessar efasemdaraddir eru löngu þagnaðar enda hefur verslun verið gríðarleg í Smáralind á þessum fimm árum. Einn af þeim sem tóku slaginn á sínum tíma og opnuðu verslun var Haukur Valdimarsson gullsmiður, sem enn rekur Carat á annarri hæð í vesturenda Smáralindar.

„Þeir voru margir sem töldu Smáralind allt of mikla viðbót við þá verslun sem fyrir var,“ segir Haukur. „Fyrst í stað voru margir neikvæðir og komu í Smáralindina með hundshaus, en það er löngu liðin tíð. Nú kemur fólk og nýtur góða veðursins sem alltaf ríkir hér.“

Haukur lærði hjá Jens Guðjónssyni og starfaði hjá honum í þrettán ár. „Um leið og við fréttum af Smáralind ákváðum við að taka þátt og höfðum trú á þessu,“ segir Haukur. „Við vorum örugglega með þeim fyrstu sem gerðu leigusamning hér. Við komum ný inn á markaðinn í nýju húsi og höfum verið að vinna okkur sess. Við höfum stækkað búðina um helming og erum mjög ánægð með stöðuna í dag.“






**HAUKUR GULLSMIÐUR Í CARAT** Tók slaginn og opnaði verslun í Smáralind fyrir fimm árum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Haukur sérsmíðar fyrir viðskiptavini en er einnig með tilbúna muni frá Ítalíu. Hann segir nálægðina við kúnnann mikla enda er hann með vinnustofuna á bak við verslunina og stendur þar vaktina ásamt lærlingi sínum. „Við höfum mikið verið að vinna með íslenska steina, m.a. íslenska ópalinn og muggerit, sem er svartur náttúrusteinn og algengur á Snæfellsnesi. Ég fer stundum sjálfur að tína og eins gaukar gott fólk að mér fallegum steinum.“

Haukur segir andrúmsloftið gott í Smáralind. „Allt þetta gler í göngugötunni er til þess að maður skynjar veðurfarið úti, það er mikill munur á þessu og raflýsingu. Það er góð stemning hérna, fólk kemur til að skemmta sér ekki síður en til að versla.“ **- glh**

# Á SÁÁ
# ÞESSA MEÐFERÐ SKILIÐ?

## Hátíðar- og baráttufundur í Háskólabíói

Þriðjudaginn 10. október kl. 20.00 heldur SÁÁ árlegan hátíðar- og baráttufund sinn í Háskólabíói. Húsið verður opnað kl. 19.00. Í anddyri Háskólabíós mun verða kynning á félagasamtökum sem helga starf sitt málefnun áfengis- og vímuefnasjúklinga.



**Ávarp**
Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir SÁÁ

**Hver er stefna og sýn stjórnmálaflokkanna í forvarna- og meðferðarmálum?**
Forystufólk stjórnmálaflokkanna flytur erindi.

**Upplestur**
Einar Már Guðmundsson

**Frábær tónlistaratriði**
Bubbi Morthens
Baggalútur
Karlakórinn Fóstbræður
Erpur og Rottweilerhundarnir
Eyþór Gunnarsson og Ellen Kristjánsdóttir

**Fundarstjóri**
Davíð Þór Jónsson

SAMTÖK ÁHUGAFÓLKS
UM ÁFENGIS- OG
VÍMUEFNAVANDANN

ARGUS 06-0504

## Svona erum við

> Söluverðmæti tauga- og geðlyfja í milljónum króna.




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** FÁTT ER VITAÐ UM DAGLEGT LÍF Í NORÐUR-KÓREU

# Einangrað kommúnistaríki

Norður-Kóreumenn gerðu aðfaranótt mánudags tilraun með kjarnorkuvopn sem olli harkalegum viðbrögðum á alþjóðavettvangi. Meira að segja Kínverjar, sem hingað til hafa verið helstu stuðningsmenn Norður-Kóreumanna, brugðust ókvæða við. En þó er ljóst að Norður-Kóreumenn vilja láta taka sig alvarlega, og hefur alþjóðasamfélagið tekið þá á orðinu seinustu daga.



**Kommúnistaríkið?**
Áratugum saman hefur Norður-Kórea verið eitt lokaðasta land heimsins, en það er eitt fárra ríkja sem enn eru undir kommúnistastjórn. Leiðtogi Norður-Kóreu, Kim Jong-il, erfði leiðtogastarf sitt eftir föður sinn, en hefur sjálfur ekki útnefnt sinn erfingja. Kim þykir afar glysgjarn og gengur gjarnan um á þykkbotna skóm og með íburðarmikla hárgreiðslu.

**Líf í Norður-Kóreu?**
Um 23 milljónir manna búa í Norður-Kóreu, sem nær yfir 122.762 ferkílómetra – tæplega tuttugu þúsund ferkílómetrum stærra svæði en Ísland. Flestir eru trúlausir, en aðhyllast sterkar þjóðarhefðir. Þó er fátt vitað um daglegt líf í Norður-Kóreu. Öllum fjölmiðlum er stjórnað af ríkinu og í þeim er ekki sagt frá neinu sem gæti komið stjórninni illa. Til dæmis er aldrei sagt frá hungursneyð sem reglulega herjar á íbúa Norður-Kóreu. Landið reiðir sig mjög á erlend fjárframlög og telja erlendar hjálparstofnanir að á síðasta áratug hafi um tvær milljónir manna farist þar úr hungri. Auk þess berast óljósar fregnir af mannréttindabrotum.

**Vopn Norður-Kóreu?**
Í landinu er einn stærsti starfandi her heims og hafa stjórnvöld löngum verið sökuð, á alþjóðavettvangi, um að eyða of miklu í vopn og her landsins á meðan milljónir manna búa við hungur og sára neyð. Þó er ekki talið líklegt að Norður-Kóreumenn eigi mörg kjarnorkuvopn, en þetta var í fyrsta sinn sem vitað er til þess að þeir prófi þau.

Ríkisstjórn Norður-Kóreu segir vopnið hafi verið prófað til að minnka hættuna á því sem hún kallar vaxandi óvináttu Bandaríkjanna, en George W. Bush Bandaríkjaforseti hefur kallað Norður-Kóreu, ásamt Írak og Íran, hluta af „öxulveldi hins illa“.

## SPURT OG SVARAÐ
GRÆNMETI

### *Upprunamerkingar á allar vörur*



**GUNNLAUGUR KARLSSON**
framkvæmdastjóri

Dæmi eru um að garðyrkjuvörur séu merktar vistvænar án þess að uppfylla þau skilyrði og sem íslensk framleiða án þess að varan sé ræktuð hér á landi heldur aðeins pakkað. Gunnlaugur Karlsson, framkvæmdastjóri Sölufélags garðyrkjumanna ehf., segir engin dæmi um að þeirra merking hafi verið misnotuð á þennan hátt en skýra þurfi reglurnar.

**Hverjar eru reglur um upprunamerkingar?**
Það eru engar reglur til um að það þurfi að standa hvaðan varan sé upprunin. Það er til reglugerð sem segir að merkja megi vöru sem íslenska framleiðslu þó að henni sé aðeins pakkað hérlendis. Við erum búin að berjast fyrir því í mörg ár að fá það í gegn að krafa sé um upprunamerkingar á allar vörur, bæði hvað varðar innihald og hvort þær séu erfðabreyttar.

**Hver er markaðshlutdeild íslensks grænmetis á markaðnum?**
Ég myndi skjóta á að ferskt grænmeti sé hátt í einn þriðji þess sem er selt á íslenskum markaði. Annars er það mismunandi eftir árstíðum. Og ég tel þá ekki kartöflur með. Þetta hlutfall er mun hærra séu þær teknar inn enda lítið um kartöfluinnflutning.

Nýjar upplýsingaveitur á ensku:
REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG
Allar nýjustu upplýsingar
og fréttir á ensku á
vefnum reykjavik.com
og í blaðinu Reykjavikmag

# Fundurinn markaði þáttaskil

**Mikhaíl Sergeievítsj Gorbatsjov, sem var leiðtogi Sovétríkjanna síðustu sex árin sem þau voru við lýði, 1985-1991, kemur til Íslands á morgun í tilefni af því að í vikunni eru rétt 20 ár síðan hann átti hinn sögulega fund með Ronald Reagan Bandaríkjaforseta í Höfða. Auðunn Arnórsson hitti Gorbatsjov að máli í Dresden í Þýzkalandi.**



**MIKHAÍL GORBATSJOV OG RONALD REAGAN RÆÐAST VIÐ Í HÖFÐA 1986.** „Við sögðum strax að loknum fundinum að þáttaskil hefðu orðið; miklum áfanga hefði þar verið náð að tímamótasamkomulagi um að draga úr kjarnorkuvopnavánni í heiminum, í átt að því að binda enda á kalda stríðið,“ segir Gorbatsjov um árangur leiðtogafundarins í Reykjavík 1986. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Það gustar enn af Sovétleiðtoganum fyrrverandi, sem orðinn er 75 ára gamall. Hann heilsar með þéttingsföstu handabandi. Spurður um það sem gerðist á fundi hans með Reagan forseta í Reykjavík þessa spennuþrungnu haustdaga í Reykjavík árið 1986 segir hann:

„Við [Sovétmenn] sögðum strax að loknum fundinum að þáttaskil hefðu orðið; miklum áfanga hefði þar verið náð að tímamótasamkomulagi um að draga úr kjarnorkuvopnavánni í heiminum, í átt að því að binda enda á kalda stríðið,“ segir Gorbatsjov, og heldur áfram:

„[George] Schultz, þáverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna, tjáði blaðamönnum fyrst eftir fundinn – að mig minnir í herstöðinni í Keflavík – að þessi fundur hefði verið mikil vonbrigði. Þar sem ekki hefði tekizt að handsala neitt samkomulag yrði fundurinn að teljast misheppnaður.

Fjörutíu mínútum eftir að Schultz sagði þetta talaði ég á fjölmennum blaðamannafundi í Háskólabíói og sagði skýrum orðum að þáttaskil hefðu orðið, að miklum áfanga hefði verið náð.

Næsta morgun, þegar Schultz hafði heyrt yfirlýsingu mína, sagði hann: „Þetta er alveg rétt hjá Gorbatsjov, það náðist í raun mikill árangur á fundinum. Við höfum komizt að raun um að Gorbatsjov er alvara.“

Þannig að það vorum við (Sovétmenn) sem ýttum við samningsaðilum okkar, vonandi í rétta átt. Þeir sáu að okkur var alvara, og öfugt. Við gátum samið,“ segir Gorbatsjov.

Enda var þess ekki lengi að bíða að samningar um niðurskurð meðal- (INF) og langdrægra (START) kjarnorkuflauga væru undirritaðir í Genf, en með þeim samningum var í raun bundinn endi á vígbúnaðarkapphlaup kjarnorkurisaveldanna.



**MIKHAIL GORBATSJOV I DRESDEN I ÞÝSKALANDI Í GÆR** Gorbatsjov var í Dresden til að taka þátt í rússnesk-þýzkum fundi, „Pétursborgar-samræðunni“. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

### Rússnesk-þýzk samræða

Gorbatsjov var í Dresden í þeim erindagjörðum að taka þátt í rússnesk-þýzkum samráðsfundi, sem kallaður er „Pétursborgarsamræðan“ (Petersburger Dialog). Þetta er sjötti slíki tvíhliða samráðsfundur Þjóðverja og Rússa, en Gorbatsjov er formaður rússneska stýrihópsins. Í ávarpi til þátttakenda við upphaf samráðsdagskrárinnar í gær sagði Gorbatsjov meðal annars, að það færi sérlega vel á því að slíkar samræður færu fram í Dresden, borg sem varð fórnarlamb seinni heimsstyrjaldar en sem „í dag, í endurreistri fegurð og þróun, segir við heiminn: fólk á að lifa í friði!“

Þessi orð Gorbatsjovs endurspegla það sem hans verður ævinlega minnzt fyrir: að hafa átt stóran þátt í að binda enda á kalda stríðið og að fella járntjaldið á friðsamlegan hátt. Fyrir það hlutverk sitt voru honum veitt friðarverðlaun Nóbels árið 1990.

Þessa arfleifð sína hefur Gorbatsjov enda lagt rækt við, meðal annars með stofnun þeirri sem við hann er kennd og starfrækt er í Moskvu.

Þegar Sovétleiðtoginn fyrrverandi stikar út úr ráðstefnuhöllinni í Dresden, með fréttaljósmyndaraskara í kring um sig, er vart á honum að sjá að þar fari hálfáttræður maður sem ekki hefur gegnt neinu valdaembætti í fimmtán ár. Fyrir utan ráðstefnuhöllina standa nokkrir meðlimir Amnesty International með skilti, þar sem vakin er athygli á því að aðstoðarsaksóknari frá Ingúsjetíu, héraði syðst í Rússlandi, næst vestan við Tsjétsjéníu, hvarf fyrir tveimur árum og ásakanir eru uppi um að rússneska leyniþjónustan FSB hafi numið hann á brott og haldið honum föngnum. Gorbatsjov gefur sér nokkrar mínútur til að tala við fólkið.

### Pútín á fornum slóðum

Víst má telja að annar tiginn gestur frá Rússlandi, sem sækir Dresden heim í dag, þriðjudag, muni ekki gefa sér tíma til að hlusta á nein mótmæli af þessu tagi. Vladimír Pútín Rússlandsforseti er væntanlegur til borgarinnar sem hann dvaldi í um nokkurra ára skeið á níunda áratugnum sem útsendari sovézku leyniþjónustunnar KGB. Hann mun eiga viðræður við Angelu Merkel kanzlara, en hún hefur látið það skýrt í ljósi að hún vilji setja aðrar áherzlur í samskiptum við Rússland en fyrirrennari hennar í embætti, Gerhard Schröder. Schröder gekk eitt sinn svo langt að votta vini sínum Pútín að hann væri „fyrirmyndar-lýðræðissinni“. Kanzlarinn fyrrverandi hefur verið harkalega gagnrýndur heima í Þýzkalandi fyrir að þiggja stjórnarformennskustarf í fyrirtækinu sem ætlar að leggja gasleiðslu um Eystrasaltið, beina leið frá Rússlandi til Þýzkalands, en stærsti hluthafinn í því er Gazprom, rússneska ríkiseinokunar-jarðgasfyrirtækið. Meðan Schröder var enn kanzlari beitti sér hann mjög fyrir því að umrætt fyrirtæki kæmist á laggirnar.

Þar sem Þjóðverjar gegna formennskunni í Evrópusambandinu fyrri helming næsta árs er endurnýjun rammasamninga ESB og Rússlands um samstarf og viðskipti mjög ofarlega á baugi í þessum tvíhliða viðræðum þýzkra og rússneskra ráðamanna.

### Opin samskipti lykillinn að friði

Fréttablaðið spurði Gorbatsjov að lokum hvaða boðskap hann vildi færa því unga fólki, sem blessunarlega þekkti ekki kalda stríðið nema af afspurn og úr sögubókum.

„Að hugsa um framtíðina, það er um friðinn,“ svarar Gorbatsjov. Á þeim árum sem liðin séu frá lokum kalda stríðsins hafi „stórar hindranir verið settar fyrir þá sem vilja leika stríðsleiki“. Ungt fólk í löndum heims þurfi að snúa bökum saman.

„Ég er viss um að unga fólkið nú til dags er allt önnur kynslóð en sú sem stóð hvor sínu megin víglínunnar í kjarnorkuvígbúnaðarkapphlaupi kalda stríðsins. Ég tel að hún skilji að forsenda fyrir því að halda friðinn er opin samskipti milli aðila, hvort sem það er í samskiptum einstaklinga eða heilla þjóða og heimshluta. Það er hægt að leysa öll vandamál, allt frá ásta- og fjölskyldumálum til lífshátta mannkynsins yfirleitt.

Þegar fólk finnur að það er öruggt, að það hafi ekkert að óttast, er þetta hægt. Hin nýja kynslóð verður að finna til ábyrgðar sinnar á þessu og standa undir henni,“ segir Mikhaíl S. Gorbatsjov.



FRÉTTAVIÐTAL
AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is


SKJÁREINN
vinsælasta
sjónvarpsstöðin
hjá 50 ára og yngri
Topp 10
10 vinsælustu dagskrárliðirnir
1. Rock Star: Brottrekstur
2. Rock Star: Tónleikaþáttur
3. Rock Star: Raunveruleikaþáttur
4. CSI: Miami
5. America's Next Top Model
6. CSI: New York
7. Fréttir sjónvarpsins - vikan
8. Kastljósið - vikan
9. Stuart litli
10. Monk
Samkvæmt nýrri könnun Gallups er SKJÁREINN
vinsælasta sjónvarpsstöðin hjá íslendingum yngri en 50 ára.
SKJÁREINN næst í gegnum Skjáinn og Digital Ísland




Gildir 10. október á meðan birgðir endast.



99 kr/stk.
Tómat kryddbrauð
99 kr/pk.
Myllu fittybollur 4 stk
99 kr/stk.
Risabrauð 1 kg
99 kr/stk.
Brazzi 1 ltr.
99 kr/pk.
Svínabuff 3 stk.
99 kr/stk.
Kutter marineruð síld
99 kr/pk.
Knorr makkarónu réttur
99 kr/pk.
Artic Roll
99 kr/pk.
Stjörnusnakk toppar
99 kr/pk.
Snickers 3 stk. í pakka
99 kr/stk.
Nivea sjampó f. venjulegt hár
99 kr/stk.
GK ís
99 kr/kg.
Jonagold epli
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Aðgerðir til lækkunar matvælaverðs kynntar.

## Skref í rétta átt

**BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON SKRIFAR**

Forystumenn ríkisstjórnarinnar kynntu í gær til hvaða aðgerða verður gripið til að lækka matvælaverð á Íslandi. Til stendur að fella niður vörugjöld af innlendum og innfluttum matvælum. Þá verður virðisaukaskattur af matar- og drykkjarvörum lækkaður í 7 prósent. Nú bera þessar vörur 14 eða 24,5 prósenta skatt sem leggst beint ofan á vöruverð til neytenda. Taka breytingarnar gildi 1. mars 2007.

Samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar verða tollar á innflutt-ar kjötvörur lækkaðir um allt að 40 prósent. Þetta er villandi orðalag því áfram verður innflutningur háður ákveðnum kvóta sem stjórnvöld ákveða. Þeir sem ekki fá þennan kvóta, sem boðinn er upp, þurfa áfram að flytja inn kjötvörur með hárri opinberri álagningu. Verndin er enn til staðar sem bitnar á almenningi. Nauðsynlegt er að ganga lengra í átt að frjálsum innflutningi og heimila einnig innflutning mjólkurvara án ofurtolla og kvóta.

Reyndar er tekið fram að unnið verði frekar að gagnkvæmum tollalækkunum og bættum markaðsaðgangi gagnvart helstu viðskiptalöndum Íslands, sem eigi að tryggja jafnframt útflutningshagsmuni fyrirtækja og bænda. Íslendingar flytja ekki mikið út af landbúnaðarvörum. Þó að nauðsynlegt sé að gæta að hagsmunum útflytjenda eru hagsmunir neytenda ríkari. Töf á nauðsynlegum kerfisbótum kostar fólkið í landinu miklu meira en hugsanlegur ábati vegna greiðari aðgangs að erlendum mörkuðum í framtíðinni. Hér þarf að bregðast strax við.

Mikilvægasta breytingin er samt lækkun á virðisaukaskatti. Samkvæmt Hagstofu Íslands ver meðalfjölskyldan um 750 þúsund krónum til kaupa á matar- og drykkjarvörum á ári. Lækki sú fjárhæð um 16 prósent lækkar matarreikningurinn um 120 þúsund krónur á ári. Vissulega munar meiru hjá stórum barnafjölskyldum. Þessi aðgerð kemur sér því vel fyrir fjölmennar fjölskyldur og þá sem eyða stærri hluta tekna sinna í kaup á lífsnauðsynjum.

Útreikningar forsætisráðuneytisins gera ráð fyrir að ríkissjóður muni verða af um sjö milljörðum króna árlega í tekjum. Þetta er hægt í ljósi þess að ríkissjóður stendur styrkum fótum. Þó má minna á að horfa verður á tekjuafgang fjárlaga í samhengi við mikinn viðskiptahalla við útlönd. Að hluta til lifum við um efni fram og verðum að eiga fyrir skuldum á gjalddaga. Því má alls ekki slá slöku við í ríkisfjármálum nú á kosningavetri.

Geir Haarde forsætisráðherra hefur látið í ljós áhyggjur yfir því að skattalækkun sem þessi skili sér ekki að fullu til neytenda. Þær áhyggjur eru réttmætar. Í fréttum KB banka í gær sagði að skattbyrðin, sem áður rann í ríkissjóð, hlyti að skiptast að einhverju marki á milli kaupenda og seljenda. Það er samt gríðarlega mikilvægt að fyrirtæki í verslun og þjónustu sýni í verki að breyting sem þessi skili sér að langmestu leyti til neytenda. Yfirlýsing Finns Árnasonar, forstjóra Haga, í gær um að verðlækkun á matvæli muni skila sér að fullu til viðskiptavina, ætti að sýna vilja til þess. Verðlagseftirlit almennings, sem oft er ábótavant, er hér mikilvægt. Það sama má segja um fjölmiðla. Hið opinbera hefur hér ekkert hlutverk.

Ekki má gleyma í þessu samhengi að Samfylkingin setti þetta mál almennilega á dagskrá stjórnmálanna í september. Það hefur örugglega haft áhrif á umfang og tímasetningu þessara tillagna ríkisstjórnarinnar nú. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir vildi ganga lengra með hagsmuni neytenda í huga. Hún getur samt fagnað því að þessi áfangi er skref í rétta átt.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365
**RITSTJÓRAR:** Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason **FULLTRÚAR RITSTJÓRA:** Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Óþarfa útrás

Fjölmiðlar rifjuðu upp um helgina að tuttugu ár eru liðin frá því að Reagan og Gorbatsjov hittust á leiðtogafundi í Höfða í Reykjavík. Morgunblaðið ræddi við Davíð Oddsson, sem var borgarstjóri á þessum tíma. „Auðvitað er sjálfsagt að nota húsið áfram, en við eigum að leyfa því að bera áfram svipmót þess merka atburðar, sem þar átti sér stað. Það var til dæmis alveg ótrúleg vitleysa að fjarlægja myndina af Bjarna Benediktssyni. Þótt menn verði borgarstjórar og séu eitthvað pirraðir út í pólitíska andstæðinga er óþarfi að fá útrás með þessum hætti," sagði Davíð í Morgunblaðinu. Er hann að vísa til málverks af fyrrverandi formanni Sjálfstæðisflokksins, borgarstjóra og forsætisráðherra, sem mátti sjá á frægri fréttamynd hanga fyrir ofan Ronald Reagan við samningaborðið í Höfða. Þegar Ingibjörg Sólrún Gísladóttir varð borgarstjóri 1994 lét hún taka myndina niður.



### Hátíðleg stund

Eitt af fyrstu verkum núverandi meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur, eftir að Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson varð borgarstjóri, var að láta hengja aftur upp málverkið af Bjarna í Höfða. Það var þó ekki gert með neinum lúðrablæstri heldur kom lítill hópur sjálfstæðismanna saman við þetta tækifæri til að halda upp á þennan táknræna sigur. Vilhjálmur og Björn Bjarnason, dómsmálaráðherra og sonur Bjarna Benediktssonar, hengdu báðir upp verkið við þetta tilefni, en myndina málaði Svala Þórisdóttir.

### Pólitísk stórtíðindi

Egill Helgason birtist á skjánum um helgina með Silfrið sitt. Eitt fannst honum standa upp úr í viðtali sem hann tók við Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, formann Samfylkingarinnar: „Ingibjörg Sólrún sagði og margendurtók að stjórnarandstöðuflokkarnir muni tala fyrst saman um ríkisstjórnarmyndun ef þeir ná meirihluta eftir kosningarnar. Þetta ættu að vera stórpólitísk tíðindi, hlýtur að skýra valkostina í kosningunum allverulega. Ekki er þetta kosningabandalag en stjórnarandstaðan ætlar sem sagt að reyna að mynda ríkisstjórn ef hún hefur nægt fylgi."



bjorgvin@frettabladid.is

# Um Jón og séra Jón



VALGERÐUR BJARNADÓTTIR

**Í DAG** | Lífeyrir og fleira

Því er ekki að neita að kona veltir því fyrir sér hvort skrif hennar verði lesin öðrum augum þegar hún hefur boðið sig fram til opinberra starfa. Það er svo sem ekki óeðlilegt að svo sé og rétt að fólk geri þá kröfu að pistlahöfundur haldi áfram að vera hún sjálf og breytist ekki í sjálfhverfan frambjóðanda - og svo ekki meira um það.

Óréttlætið sem ríkir hér á landi í lífeyrismálum birtist nú síðast í málshöfðun Öryrkjabandalagsins vegna skerðingar lífeyrisgreiðslna sem á að koma til framkvæmda 1. nóvember. Tvö þúsund og þrjú hundruð öryrkjar hafa fengið bréf þar sem þeim er tilkynnt að greiðslur til þeirra úr lífeyrisjóðum, sem 10% af launum þeirra runnu til á meðan þeir gátu unnið fulla vinnu og gera enn ef þeir eru vinnufærir, verði lækkaðar.

Þetta er flókið mál og ég læt mér ekki detta í hug að ég geti skýrt það í þessum pistli. Niðurstaða málsins er hins vegar einföld, hún er sú að búið er að setja hámark á tekjur sem öryrkjar mega hafa. Það er trúlegast það sem liggur mest á að gera hér í landinu, að ákveða í eitt skipti fyrir öll að öryrkjar séu og verði fátæklingar.

Daginn eftir að ég las um þessa málshöfðun voru fréttir af annarri málshöfðun Öryrkjabandalagsins. Nú voru fréttirnar af réttarhöldum um mál Öryrkjabandalagsins vegna loforðs sem ríkisstjórnin gaf öryrkjum um að hækka bætur til þeirra sem yrðu ungir öryrkjar. Ríkisvaldið heldur því fram að öllum hafi verið ljóst að milljarður átti að renna í þetta verkefni, en Öryrkjabandalagið segir að engin hámarksupphæð hafi verið nefnd. Ég veit ekki nákvæmlega hve mikla peninga þarf til efna þau loforð sem öryrkjar telja að þeim hafi verið gefin, ég þykist þó vita að einhvern tímann hafi verið nefndur hálfur milljarður, en það er svolítið langt síðan og vextir á Íslandi háir eins og við vitum öll.

Í fréttum í vikulokin var upplýst að tekjur ríkissjóðs verði 40 - fjörutíu - milljörðum hærri á árinu en ráð var fyrir gert í fjárlögum. Gjöldin hækka um 14 milljarða þannig að útkoma ríkisins er 26 - tuttugu og sex - milljörðum betri en ráð var fyrir gert. Samt er ekki hægt að efna loforð við þá sem lifa af örorkubótum. Það finnst konu alveg óskiljanlegt.

Á sama tíma og þessi varfærni með fjármuni ríkisins birtist í samskiptum ríkisvaldsins við öryrkja eru sumir launahæstu starfsmenn ríkisins á eftirlaunum og vinnulaunum það er að segja ef þeir einhvern tímann á ævinni hafa verið ráðherrar eða þingmenn. Það er nefnilega ekki sama að vera Jón og séra Jón þegar kemur að lífeyrisgreiðslum. Hvernig getur staðið á því að óhæfa þykir að greiðslur úr lífeyrissjóði bæti afkomu öryrkja frá því sem fyrir var, en fyrrverandi ráðherrar fá greiddar háar upphæðir úr lífeyrissjóðum þó þeir séu enn í fullu starfi hjá okkur skattborgurum. Ég lýsi eftir því að einhver útskýri þetta fyrir mér.

En þetta er svo sem ekki það eina sem ég ekki skil. Mér er einnig óskiljanlegt hvernig Framsóknarflokkurinn getur aftur verið að eignast hálft Ísland. Stærsta gjaldþrot sögunnar var þegar SÍS fór á hausinn fyrir einhverjum árum. Nú er komið annað SÍS sem hefur heitið VÍS og nú veit ég ekki alveg hvað það heitir sem kaupir hér og þar.

Formaður bankaráðs Seðlabankans, sem samkvæmt því, eða kannski ætti að segja stöðu sinnar vegna, hlýtur að vera með tryggari framsóknarmönnum, ber af sér að hann komi nálægt kaupunum. Það er stjórnarformaður Samvinnutrygginga segir hann, sem stendur að kaupunum, sá er að vísu sami maður og formaður bankaráðsins, en samt ekki sami maðurinn segir bankaráðsformaðurinn. Samvinnutryggingar eru sem sagt ennþá til og núna er það hins vegar ekki tryggingafélag heldur það sem heitir eignarhaldsfélag. Mér fyndist fróðlegt að vita hvaða eignir félagið heldur utan um, eru það eignir sem tókst að forða frá SÍS gjaldþrotinu?

Það er vissulega ánægjulegt að viðskipti eru blómleg í landinu. Það er hins vegar dapurlegt að mestu auðæfin virðast tilkomin af skrítilegum ástæðum. Þau fengu fiskinn í sjónum sem áttu skip, bankarnir voru seldir fyrir slikk, grunnetið selt með Símanum og Samvinnutryggingar lifa enn góðu lífi þó SÍS hafi farið á hausinn.

Auk þess legg ég til að eftirlaunaósóminn verði afnuminn með lögum.

# Tímamót í málefnum geðfatlaðra

**UMRÆÐAN**

Geðheilbrigði



DAGNÝ JÓNSDÓTTIR

Í dag er alþjóðageðheilbrigðisdagurinn. Í ár eru merk tímamót um þessar mundir en í gær var kynnt stefnumótun í málefnum geðfatlaðra og birt framkvæmdaáætlun vegna átaks félagsmálaráðuneytisins í málaflokknum sem nær til ársins 2010. Ég hef verið þeirrar ánægju aðnjótandi að vera formaður verkefnisstjórnar um uppbyggingu búsetuúrræða og þjónustu við geðfatlaða. Það sem hefur komið mér skemmtilega á óvart er hversu mikla möguleika geðfatlaðaðir eiga til að ná bata og og hversu vel þeir geta aðlagast samfélaginu ef þeir bara fá tækifæri til.

Markmið þessa verkefnis er að á árunum 2006–2010 verði í áföngum dregið svo úr biðtíma eftir þjónustuúrræðum fyrir geðfatlað fólk utan hefðbundinna geðheilbrigðisstofnana að hann verði viðunandi í lok tímabilsins. Það gildi jafnt um búsetuúrræði sem stoðþjónustu sem lýtur að atvinnu, hæfingu, attvinnuendurhæfingu eða annarri dagþjónustu. Þessi þjónusta verði á forræði félagsmálaráðuneytisins í nánni samvinnu við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Leiðarljós verkefnisins verður að styðja við virka þátttöku geðfatlaðs fólks í samfélaginu og auka lífsgæði þess sem verða má. Jafnframt að stuðla að eflingu faglegrar þekkingar á málefnum geðfatlaðs fólks innan félagslega þjónustukerfisins og heilsugæslunnar.

Ráðgjafahópur var stofnaður og honum er ætlað það hlutverk að vera verkefnisstjórn og embættismönnum til ráðgjafar varðandi verkefnið og annast tengsl og samráð við samtök notenda og aðstandenda. Einnig hefur verið leitað samráðs við fleiri aðila úr hópi notenda, aðstandenda og fagfólks við undirbúning ákvarðana sem snerta einstaka notendahópa og hagsmuni þeirra aðila sem veita geðfötluðum þjónustu í dag. Þetta samráð er mjög nauðsynlegt til að vel takist til og héldum við í vor tvö málefnaleg þing, annars vegar notendaþing og hins vegar þjónustuþing. Notendur og aðstandendur þeirra hafa rutt brautina og við verðum að slást í hópinn. Okkur ber öllum skylda til að leggja okkar af mörkum til að gefa geðfötluðum tækifæri til að eiga alla möguleika í samfélaginu.

*Höfundur er alþingismaður og formaður verkefnisstjórnar um uppbyggingu búsetuúrræða og þjónustu við geðfatlaða.*



**KRAFTMIKILL OG ÞOKKAFULLUR**

Súludans sem líkamsrækt

HEILSA 4

**EKKERT NART MILLI MÁLA**

Mikilvægast að bursta tennurnar á kvöldin

HEILSA 2





## ALLT HITT

[HEILSA]

**Nú** gildir vetraropnunartími í sundlaugum Kópavogs. Gamla laugin er nú opin á laugardögum og sunnudögum til kl. 18.00. Sundlaugin í Versölum er opin til kl. 20.00 sömu daga. Nánari upplýsingar má finna á www.nautilius.is



**Byrjendanámskeið** í ashtanga vinyasa-jóga hefst 16. október næstkomandi og lýkur 3. nóvember. Tímar eru á mánu-, miðviku- og föstudagskvöldum frá kl. 18.00-19.30, á Engjateigi 5. Þátttakendum er boðið að kynna sér aðra tíma að námskeiði loknu, sér að kostnaðarlausu. Kynningar standa yfir í viku. Sjá www.yogashala.is

**Fyrsta** Powerade-vetrarhlaupið af sex hefst næstkomandi fimmtudag. Hlaupin verða haldinn annan fimmtudag í mánuði, frá október til mars og hefjast kl. 20.00 við Árbæjarlaugina. Vegalengd er 10 km. Skráning er hálftíma fyrir hlaup í anddyri laugarinnar en þátttökugjald er 200 kr. Sjá www.hlaup.is

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 10. október, 283. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.02 | 13.15 | 18.26 |
| Akureyri | 7.50 | 12.59 | 18.07 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Sigurður Hjaltason leikur síbrotaungling sem hefur margt á samviskunni í Patrekur 1,5, leikriti sem sýnt verður í framhaldsskólum víðs vegar um landið og í Þjóðleikhúsinu í nóvemberbyrjun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sneri blaðinu við

***Sigurður Hjaltason leikari æfir líkamsrækt af fullum krafti fyrir hlutverk í leikritinu Patrekur 1,5.***

Í leikritinu leikur Sigurður drenginn Patrek sem hommar ættleiða fyrir algjöran misskilning. „Vegna mistaka í skýrslugerð heldur parið að það sé að ættleiða eins og hálfs árs strák, en komma eða kaffiblettur hefur lent á milli tölustafanna eins og fimm, og þeir sitja uppi með fimmtán ára síbrotaungling,“ segir hann hlæjandi. „Þótt strákurinn sé kannski hraustlegur að sjá hefur hann valið sér allt annað en heilsusamlegum lífsstíl.“

Sigurður er algjör andstæða við persónuna sem hann leikur í Patrekur 1,5. Hann spilar fótbolta að staðaldri og passar upp á mataræðið án þess að fara út í einhverjar öfgar. Hann er nýútskrifaður úr námi við Rose Bruford College í Englandi þar sem nemendum var bannað að æfa líkamsrækt af því hún þótti vinna gegn lipurð. „Svo óttuðust kennararnir að nemendurnir fengju bara tiltekin hlutverk væru þeir of vöðvastæltir,“ útskýrir Sigurður. „Ég var frekar grannur eftir útskrift en hef heldur betur snúið blaðinu við eftir að ég tók hlutverk Patreks að mér.“

Sigurður hefur varið töluverðum tíma í líkamsrækt til að undirbúa sig fyrir hlutverkið, en hann æfir að meðaltali sex sinnum í viku í tvo tíma í senn. „Ég lyfti í um það bil fjörtíu mínútur eftir upphitun og brenni með,“ útskýrir hann. „Ég skipti dögum eftir líkamshlutum. Markmiðið er þó ekki að verða einhver hlunkur, heldur að komast í gott form. Það er reyndar með ólíkindum hversu fljótt það gerist eftir að maður hefur komið sér upp stundaskrá. Ég hvet sem flesta til að stunda heilbrigðan lífsmáta og ræktin er ágætis upphafspunktur.“

*roald@frettabladid.is*

## Íslenskt fæðubótarefni

PRO FITT ER NÝTT PRÓTÍNDUFT SEM HEFUR VERIÐ LAGAÐ AÐ ÍSLENSKUM SMEKK.

Pro Fitt er fyrsta fæðubótarefni sinnar tegundar sem er sérstaklega lagað að bragðskyni og þörfum Íslendinga.
Íþróttafræðingurinn Goran Micic og iðnfyrirtækið Katla þróuðu Pro Fitt, sem fæst í þrenns konar útfærslu eða allt eftir því hvaða markmið fólk hefur sett sér.
Þannig er hægt fá sérstakt duft fyrir vöðvauppbyggingu, annað fyrir þá sem vilja grennast og það þriðja fyrir þá sem einblína á líkamsmótun.
Pro Fitt má blanda í mjólk, skyr, vatn og ávexti og má borða í stað stöku máltíðar eða eftir áreynslu.
Duftið fæst með tveimur bragðtegundum, súkkulaði og jarðarberja, auk þess sem hægt er að fá það bragðlaust.
Allt hefur verið gert til að losna við gervibragð, sem veldur því að margir sneyða hjá prótíndrykkjum, til að mæta þörfum neytenda.



Goran Micic nýtur virðingar fyrir störf sín á sviði íþróttafræði. Hann hefur í samstarfi við iðnfyrirtækið Kötlu hannað nýtt fæðubótarefni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR






**Fætur í fyrirrúmi** Hugaðu að tánum, leyfðu þeim að leika frjálsum öðru hverju.



-fæst í apótekum og stórmörkuðum
Tilboð
2 fyrir 1
MARAÞON
Vítamín og steinefni fyrir athafna- og íþróttafólk


# Ekkert nart milli mála

***Góð tannhirða er mikilvæg og það er margt sem hægt er að gera til að viðhalda heilbrigði tannanna. Kristín Stefánsdóttir tannlæknir veit hvað best er að gera til að brosið haldist fallegt.***

Kristín segir að allir ættu að bursta tennurnar tvisvar sinnum á hverjum degi. „Aðaláherslan ætti að vera á burstun að kvöldi,“ segir hún og bætir því við að óþarfi sé að bursta tennurnar oftar á dag. „Of mikil burstun getur bara valdið sliti á glerungnum og verið vond fyrir tannholdið.“

Bakteríur geta einnig safnast fyrir á tungunni og Kristín segir að nauðsynlegt sé að bursta hana um leið og tennurnar eru burstaðar. „Ef tungan er ekki burstuð verða bakteríur eftir þar. Tungan liggur oft mjög þétt upp við tennurnar og því gott að venja sig á að bursta hana líka. Í flestum tilfellum á að vera nóg að nota tannburstann en það eru líka til sérstakar tungusköfur sem eru kannski frekar fyrir þá sem þurfa að hugsa sérstaklega vel um þetta. Oft þegar fólk hefur verið að glíma við einhverja andremmu er það vegna þess að það er bakteríugróður á tungunni og þá er mikilvægt að ná honum í burtu.“

Nauðsynlegt er að nota tannþráð reglulega að sögn Kristínar. „Ég mæli með daglegri notkun á tannþræði eða að hann sé notaður að minnsta kosti þrisvar í viku. Ef fólk er með brýr eða tannréttingatæki er mjög mikilvægt að halda því hreinu með tannþræði. Sérstakir tannþræðir fást til þess að fara undir brýrnar og spangirnar sem eru með svampi í miðjunni og einnig er hægt að fá nálar fyrir venjulegan tannþráð.“



Kristín mælir með því að allir fari í skoðun til tannlæknis að minnsta kosti einu sinni á ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Flúorskol getur verið góður kostur fyrir þá sem þurfa að gæta tanna sinna sérstaklega vel. „Þeir sem eru í tannréttingum eða fá oft tannskemmdir ættu að fara í flúorskol reglulega, að minnsta kosti taka svona syrpur á meðan verið er að ná einhverju niður.“

Nart milli mála er ekki gott fyrir tennurnar. „Ef stöðugt er verið að narta í eitthvað er munnvatnið alltaf að reyna að ná þessu sýrustigi sem er hagstætt. Gott er að vera alltaf með tyggjó við höndina og nota það eftir að borðað er eða drekka vatn. Með því að nota tyggjó er hægt að stytta tímann sem óhagstætt sýrustig er í munninum.“

Kristín segir að allir ættu að fara reglulega til tannlæknis í eftirlit. „Ég myndi segja að væri gott að fara á svona níu mánaða til árs fresti. Við fáum börnin stundum tvisvar á ári ef verið er að fylgjast með einhverju sérstöku, en mér finnst yfirleitt gott að miða við svona níu mánuði til ár fyrir flesta. Það er mjög góð regla og ef að maður heldur hana, borðar hollan mat, burstar tvisvar á dag, notar tannþráð og flúorskol og minnkar sykurneyslu og nart á milli mála ætti maður að vera í góðum málum.“

*emilia@frettabladid.is*



Ef vel er hugsað um tennurnar verður brosið fallegra lengur.



HREYFILAND® er 3 ára
Af þessu tilefni bjóðum við upp á 3000 KR AFSLÁTT þann 11. október af öllum námskeiðum:
• Bumbufimi®
• Meðgöngujoga
• Mæðrafimi® (mömmur og börn frá 6 vikna-18 mánaða)
• Snillingafimi® (börn frá 3 mán -12 mán)
• Hreyfifimi® (börn frá 1-3 ára)
• GÞ-fimi® (börn frá 3-5 ára)
NÁMSKEIÐIN HEFJAST 23. OKTÓBER
HREYFI LAND®
WWW.HREYFILAND.IS | 577 2555
Stangarhyl 7 | 110 Reykjavík


# Andleg vakning í verki

***Á námskeiði í Lótus jógasetri 20.-22. október mun Shiv Charan Singh kynna fræði sem nefnast Andleg vakning í verki.***

„Shiv Charan hefur einstakan hæfileika til að veita innblástur og bjóða okkur að skoða hlutina út frá nýju sjónarhorni,“ segir Guðrún Arnalds kundalini-jógakennari sem veit manna mest um hinn andlega mann sem væntanlegur er.

„Kundalini-jóga er aðgengilegt kerfi æfinga, öndunar, hugleiðslu og heilbrigðrar ræktunar hugans sem í verki gefur af sér endurnýjun og heilun. Kundalini-jóga er undirstaðan undir aðferð Shivs Charan en hann hefur líka tekið tölfræðina í þjónustu sína sem gagnvirkt tæki til greiningar á ástandi fólks. Til dæmis opnar fæðingartala hvers og eins glugga inn í lífsmunstur hans og karma og í gegnum þann skilning kennir hann fólki að bæta



Shiv Charan Singh býður fólki að bæta bæði innri og ytri mann.

bæði líkamsstöðu og sálarástand.“

Kynningarkvöld verður 20. október og námskeiðið í framhaldinu á Lótus jógasetri sem er í Borgartúni 20.

*- gg*

## Reyklaus bekkur

Samkeppnin um reyklausan bekk heitir Stöndum þétt saman. Skráning í keppnina Reyklaus bekkur er hafin. Allir 7. og 8. bekkir á landinu geta tekið þátt, svo fremi að enginn nemenda reyki. Yfirskrift keppninnar í ár er Stöndum þétt saman en á heimsvísu heitir samkeppnin „Smokefree Class Competition.“ Í ár taka meira en 20 Evrópuþjóðir þátt í keppninni. Glæsileg verðlaun eru í boði en meðal annars getur einn bekkur unnið utanlandsferð fyrir bekkinn næsta vor. Bekkur þarf að skrá sig til leiks fyrir 10. nóvember 2006. Hægt er að skrá bekki á www.lydheilsustod.is





SÓMABAKKAR
PANTAÐU Í SÍMA 565 6000 / FRÍ HEIMSENDING*
*Gildir aðeins ef pantað er fyrir meira en 3.000 kr.
SÓMI
Nánari upplýsingar á somi.is

allt matur
Alla föstudaga



## Persona.is

BJÖRN HARÐARSON
SÁLFRÆÐINGUR SKRIFAR

## Dáleiðsla við kvíða

**Er mögulegt að dáleiðslumeðferð geti komið að gagni við almennri kvíðaröskun? Ef svo er, má búast við langvarandi áhrifum?**

Við höfum mörg skrítnar hugmyndir um dáleiðslu og teljum hana oft á tíðum eingöngu vera eitthvað gabb, grín eða töfrabrögð. Það er kannski ekki skrítið þar sem hluti af dáleiðslunni hefur farið fram í stórum sölum fullum af fólki þar sem fólk er fengið upp á svið og látið „gera sig að fíflum“. Það er látið syngja, játa ást sína ókunnugum og skjóta einhvern með platbyssum. Það er hinsvegar mikilvægt að átta sig á að hér er um sefjun að ræða og þetta fólk er í raun samankomið tilbúið að gera sig að fíflum. Goðsögnin, um að dáleiðsla séu töfrar (og þá oft hættulegir töfrar), er oft haldið á lofti í kvikmyndum. Minnist ég t.d. myndar eftir Woody Allen, þar sem hann lék mann sem framdi glæpi dáleiddur án þess að vita það. Þetta er spennandi skemmtiefni í myndum og á skemmtunum, en staðreyndin er sú að ekki er hægt að láta fólk gera neitt sem það vill í raun ekki gera, og fólk nær ekki að komast í dáleiðsluástand nema með aðstoð einhvers sem það treystir.

Sérfræðingur einn, sem nýtti dáleiðslu í meðferð, sagði að þrátt fyrir að skemmtiatriðin hefðu skekkt skilning fólks á dáleiðslu hafi þau að hluta til haldið dáleiðslunni á lífi. Dáleiðsla er í raun ekkert annað en djúpslökun og slökun í flestum myndum nýtist vel við margskonar meðferð. Við kvíða er slökun og dáleiðsla að mörgu leyti augljóslega árangursrík, ef fólk hefur tileinkað sér hana og þróað með sér færni við að beita henni. Það má útskýra það þannig að kvíði og spenna eru að mörgu leyti andstæða slökunar, og ef fólk hefur þróað með sér færni í að ná slökun hefur það mikinn möguleika á að breyta kvíða sínum í slökun. Annað atriði sem lýsir hvernig dáleiðsla vinnur gegn kvíða er sú staðreynd að dáleiðsla, auk þess að vera slökun, einkennist af einbeitingu (fókus). Þar er að segja, við þjálfum okkur í að beina huganum í ákveðna átt. Þetta getur verið í formi þess að einbeita sér að ákveðnum stað, og leggja áherslu á góða, afslappaða tilfinningu, þar sem okkur líður vel. Það er í raun það sama sem við gerum þegar við erum kvíðin, við einblínum á það sem er neikvætt eða hættulegt og í raun ýtum við frá okkur hugsunum um eitthvað ánægjulegt. Með dáleiðslunni lærum við að taka fókusinn í burt frá vanlíðaninni og neikvæðum hugsunum yfir í betri líðan og jákvæðari hugsanir. Þannig að til að svara spurningu þinni, þá hefur dáleiðsla reynst vel við kvíða og ef fólk tileinkar sér og eflir færni sína í að nota dáleiðsluna eins og aðra slökun, er það komið með tæki í hendurnar sem hefur mikla möguleika á langvarandi áhrifum til batnaðar.

*Gangi þér vel*

# Gigtveikir ganga af stað

***Fimmtudaginn 12. október munu gigtveikir ganga með fjölskyldum sínum og vinum frá Lækjartorgi upp á Skólavörðuholt undir kjörorðinu „Gigtin gefur“.***



Gengið verður upp Skólavörðustíginn. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

12. október er alþjóða gigtardagurinn en kjörorð hans er „Af stað“. Gangan er farin í tilefni 30 ára afmælis Gigtarfélagsins en markmið hennar er að vekja athygli á þeim stóra hópi sem á við gigtarsjúkdóma að stríða og vekja umræðu um þann stóra heilsufarsvanda sem við er að fást. Auk þess vonast Gigtarfélagið til þess að auka skilning á högum fólks með gigtarsjúkdóma en 60.000 Íslendingar þjást af gigt eða tengdum stoðkerfisvanda.

Lagt er af stað í gönguna frá Lækjartorgi kl. 17.30 en upphitun hefst tíu mínútum fyrr. Gengið er upp Bankastræti og Skólavörðustíg, upp á Skólavörðuholt þar sem göngufólki gefst kostur á að hlusta á létt orgelspil í Hallgrímskirkju.

*-tg*

# Hamingjan er föl

***Ný rannsókn á vinningshöfum breska lottósins sýnir að peningarnir gerðu fólkið hamingjusamara.***




34 vinningsahafar sem unnið höfðu meira en 130 milljónir í lottóinu voru spurðir út í líf sitt fyrir og eftir vinninginn. 97 prósent þeirra sögðust vera jafn hamingjusöm eða hamingjusamari eftir að vinningurinn var kominn í hús. Svo virðist líka vera að peningarnir geti keypt ást en 68 prósent vinningshafa voru í hjónabandi áður en þeir hrepptu vinninginn en 75 prósent eftir happið. Tekið skal fram að þarna þurfa engin tengsl að vera á milli.

Enginn af vinningshöfunum saknaði þess að vinna og langflestir vinningshafana héldu lífsstíl sínum óbreyttum. Margir fluttu sig þó í stærri hús en flestir héldu sig áfram í sama hverfi. Þegar kom að því að fara í frí kom einnig á óvart að áfangastaðir urðu ekki exótískari, en allir vinningshafanna höfðu farið í frí innan Bretlands eftir að þeir unnu þann stóra.

*-tg*

## Stefna og framtíð Lýðheilsustöðvar

KYNNT Á FUNDI Í SÍÐUSTU VIKU



Anna Elísabet Ólafsdóttir, forstjóri Lýðheilsustöðvar.

Lýðheilsustöð kynnti nýlega stefnu sína og framtíðarsýn og áætlun um það hvernig stefnunni verður hrint í framkvæmd. Þetta gerði Lýðheilsustöð með því að kynna ritið Lýðheilsustöð, stefna, framtíðarsýn og aðgerðaáætlun.

Tekur stefnan og aðgerðaáætlunin mið af þeim markmiðum sem Alþingi hefur samþykkt í heilbrigðismálum í Heilbrigðisáætlun til 2010. Ritið var unnið undir forystu Önnu Elísabetar Ólafsdóttur, forstjóra Lýðheilsustöðvar.



Börn eru líklegri til að fá eyrnabólgu.

# Orsök eyrnabólgu mögulega genatengd

***Vísindamenn telja sig hafa uppgötvað gen sem hefur áhrif á miðeyrnabólgu.***

Rannsókn framkvæmd á músum leiddi í ljós að mýs með tiltekið gen þjáðust af þrálátri eyrnabólgu, en vísindamenn hafa um langt skeið álitið að þar væri orsökina að finna.

Eyrnabólga, eða miðeyrnabólga eins og hún er stundum kölluð, er bólga í slímhimnu miðeyrans, sem stafar af bakteríusýkingu oft í nefkoki og er algengasta orsök heyrnarvandamála hjá börnum.

Um það bil helmingur breskra ársgamalla barna fær eyrnabólgu og einn þriðji barna á aldursbilinu eins til þriggja ára upplifir einhverja eyrnaverki.

Orsakir þess að börn eru líklegri til að fá eyrnabólgu eru nokkrar, meðal annars hafa þau vanþroskaðra og veikara ónæmiskerfi en fullorðnir og þrengri kokhlust, sem er loftrásin sem liggur á milli miðeyrans og nefkoksins. Stíflist hún þá eykst hætta á eyrnabólgu, þar sem vökvi safnast fyrir og tekur að harðna þar til hann getur skaðað hljóðhimnu og valdið verkjum.

Sýklalyf eru gjarnan notuð gegn eyrnabólgum. Í sumum tilvikum þarf að hreinsa eyrun og setja sérútbúin rör í hljóðhimnuna til að hleypa vökvanum út.

Að sögn vísindamanna þarf að framkvæma fleiri rannsóknir til að staðfesta hvort meingen eigi einhvern þátt í þrálátri eyrnabólgu, en að þeirra áliti undirstrikar uppgötvunin engu að síður að erfðir hafi þarna sitt að segja. *- rve*




# Súperform á fjórum vikum

Námskeiðið Súperform á fjórum vikum hjá Goran Kristófer, íþróttafræðingi, er hannað til að koma þér af stað á mjög árangursríkan og einfaldan hátt. Tilgangur námskeiðsins er að koma þér á æðra stig hvað varðar líkamlega og andlega heilsu.

**Ef þú vilt:**
- Léttast
- Styrkjast
- Efla ónæmiskerfið
- Bæta meltinguna
- Hormóna jafnvægið
- Andlega vellíðan
- Auka minni og einbeitinguna
- Auka orkuna
- Komast í form
- Bæta heilbrigði

Þú kynnist nýjum möguleikum í matarvali, mat sem örvar fitubrennslu, hvernig þú átt að glíma við matar -og sykurþörfina, hvernig þú ferð a því að brenna meira og léttast.

**Fimm tímar í viku – Brennsla, styrking og liðleiki**
- Takmarkaður fjöldi
- Vikulegar mælingar
- Eigið prógramm í tækjasal
- Persónuleg næringarráðgjöf
- Ráðgjöf við matarinnkaup
- Fræðsla og eftirfylgni – 2 fyrirlestrar
- Slökun og herð anudd í pottum að æfingu lokinni
- Hollustudrykkur eftir hverja æfingu
- Karlar kl. 7:30
- Konur kl. 6:30, 7:30, 10:00, 16:30 og 18:30
- Nýtt námskeið kl. 11.00 í 6 vikur – 2 hóptímar í viku hjá Goran og 2 tímar í Rope Yoga með Katrínu Sigurðardóttur

**Nýtt námskeið hefst 16. október nk.**
Skráning er hafin í síma 444 5090 eða nordicaspa@nordicaspa.is. Námskeið greiðist við skráningu – athugið síðast komust færri að en vildu.
**Næstu námskeið 13. nóvember** (6 vikur).

NORDICASPA

Heilsuvöru-
markaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6

**10. okt. Andleg líðan og austurlenskar lækningar**
17:30-19:00 Þórunn Birna Guðmundsdóttir
**11. okt. Heilsukostur - Matreiðslunámskeið**
18:00 - 21:00 Meistarakokkar Maður lifandi
**- örfá sæti laus**
**12. okt. Álitamál í læknisfræði**
17:30-19:00 Hallgrímur Magnússon læknir
**17. okt. Hvernig geta blómadropar og jóga styrkt okkur**
17:30-19:00 Kristbjörg Kristmundsdóttir
**18. okt. Ertu eiturefnaúrgangsruslaskrímsli**
17:30-19:00 Edda Björgvinsdóttir
*Nánari upplýsingar á madurlifandi.is og í síma 585-8700.*

Betra blóðrennsli
Solaray Ginkgo Biloba
Heilsu-hornið
Póstsendum um land allt
S: 462 1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet/heilsuhorn
Útsölustaðir m.a: Yggdrasill, Fjarðarkaup, Maður lifandi í Borgartúni og Hæðarsmára, Lífsins Lind í Hagkaupum, Lyfjaval í Mjódd og Hæðarsmára og Lyfja á Selfossi.

Flott í vetur
Ný tæki - Léttari greiðslur
SLENDERTONE FLEX 4.995.-
SLENDERTONE MAX 6.665.-
LÉTTARI GREIÐSLUR
HREYSTI

Nýtt frá dr. Gillian McKeith,
NÆRINGARSKOT
LIQUID NUTRIENT SHOT
Hráir og óunnir blágrænir þörungar í vökvaformi. Næringarefnin í þörungnum eins vítamín, steinefni, prótein, amónísýrur og fitusýrur nýtast allt að 90% þar sem þeir eru í vökvaformi.
WINNER BEST NEW PRODUCT NATURAL PRODUCTS EUROPE 2005
"Næringarskotið er orkubomba einstaklega næringarríkt, meltanlegt og nýtanlegt jurtabætiefni sem heldur mér og sjúklingum mínum orkumiklum og HRAUSTUM, Gillian...
Droparnir eru einstaklega ríkir af steinefnum, próteinum og vítamínum. Mjög mikið er af B-12 vítamíni, eitt það mesta sem hægt er að fá úr náttúruríkinu. Hentar öllum frá eins árs.
**Útsölustaðir eru:**
Lyfja, Lyf & heilsa, sjálfstæð apótek um allt land, Heilsuhúsið, Hagkaup, Fjarðarkaup, Melabúðin, Yggdrasill, Maður lifandi, Lyfjaval, Blómaval, Heilsubúðin Njálsgötu, Heilsuhornið Akureyri.
Dr Gillian McKeith's Liquid Nutrient Shot

allt tilboð
Alla föstudaga



Ingunn Sævarsdóttir, danskennari, kennir Pole Fitness hjá Mangó í Ármúla. Hún segir námskeiðin henta konum sem hafa gaman af að dansa og vilja komast í snertingu við kvenleika sinn og þokka. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Kraftmikil og þokkafull líkamsrækt

***Hjá Mangó í Ármúla má læra svokallað súlu líkamsrækt eða Pole Fitness. Um er að ræða erfiða líkamsrækt sem styrkir kroppinn og leysir þokkann úr læðingi.***

Súludans hefur nú verið kenndur sem líkamsrækt hér á landi síðastliðna fjóra mánuði. Konur eru nú farnar að taka eftir þessari nýjung og flykkjast að súlunni.

Ingunn Sævarsdóttir, kennari hjá Mangó, segir Pole Fitness góða og skemmtilega líkamsrækt. „Við bjóðum upp á nokkur ólík námskeið,“ segir Ingunn. „Pole Fitness, Pole Dancing, Sensual Dancing og Carmen Electra sem er blanda af svokölluðu erótísku eróbikki og súludansi. Einnig erum við með Pole Fitness fyrir konur yfir fertugu þar sem farið er aðeins hægar í æfingarnar. Pole Fitness jafnast nefnilega á við erfiðustu eróbikktímana. Við höngum til dæmis öfugar á súlunni og það reynir vissulega á. Pole Dancing og Sensual Dancing ganga næstum eingöngu út á kynþokka.“

Ingunn segir tímana vera afar fjölbreytta. „Konur fá út úr þessu bæði góða líkamsrækt, mikla brennslu, aukið þol, aukinn styrk og liðleika. Og auðvitað er toppurinn á þessu öllu að maður verður rosa sexí,“ segir Ingunn og hlær. „ Oftast mæta konurnar feimnar í fyrstu tímana en svo opna þær sig og kynþokkinn tekur völdin. Við erum líka aðeins með sex konur á hverju námskeiði og því myndast fljótt tengsl og hömlurnar hverfa.“

Námskeiðin hjá Mangó henta konum á öllum aldri en stelpum undir átján ára aldri er ekki leyft að taka þátt. „Þessi námskeið henta einnig vel fyrir konur sem langar til að dansa. Það er svo lítið í boði fyrir okkur eldri stelpurnar sem langar til að dansa.“

Blaðamanni lék nú forvitni á að vita hvort hægt væri að kaupa súlu til einkanota hérlendis og hló Ingunn dátt að spurningunni. „Það er nú hægt að fá súlur í gegnum okkur,“ segir hún. „Við getum reddað súlum ef áhugi er fyrir því. Margar konur sem æfa hjá okkur verða sér úti um súlu. Þá geta þær æft sig heima. Ég heyrði líka í þætti hjá Opruh að súludans heima í stofu væri hreinlega að bjarga mörgum hjónböndum.“

Ingunn segir Pole Fitness eða önnur námskeið hjá Mangó ekkert eiga skylt við þann dans sem fer fram á súludansstöðunum. „Við erum ekki að kenna neinum að fara úr fötunum,“ bætir Ingunn við og segist ekki hafa áhyggjur af neikvæðu viðhorfi gagnvart þessari nýju líkamsrækt. „Við höfum öll val og ef okkur langar til að stunda þennan dans þá gerum við það. Það langar allar konur innst inni að læra þetta,“ segir Ingunn. „Þetta blundar í okkur öllum það er bara spurning hvort maður þorir eða ekki.“

*johannas@frettabladid.is*

# Svart te minnkar streitueinkenni

***Vísindamenn telja sig geta fært sönnur á að svart te dragi úr streitueinkennum.***

Rannsókn var framkvæmd í University College í London á 75 tedrykkjumönnum, sem skipt var í tvo hópa og hafðir undir eftirliti í sex vikur og þeir látnir upplifa streitutengdar uppákomur.

Á meðan á rannsókninni stóð máttu þátttakendur ekki drekka te. Fyrri hópurinn fékk þó reglulega drykkjarblöndu sem samanstóð af sömu efnum og eru í svörtu tei.Seinni hópurinn fékk aftur á móti „gervidrykk“, sem bragðaðist eins og blandan fyrrnefnda en skorti efasamsetningu tesins.

Þegar fyrri hópurinn, sá sem drakk reglulega hliðstæðu svarta tesins, upplifði mikla spennu var hann mun fljótari að jafna sig en sá síðari, sem fékk gervidrykkinn.

Því hefur lengi verið haldið fram að te hafi róandi áhrif, en ekki hefur verið hægt að færa á það vísindalegar sönnur. Þótt ekki liggi ljóst fyrir hvaða efni í svörtu tei hafi róandi áhrif, álíta vísindamenn að einhver tengsl séu á milli tedrykkju og slökunar. Frá þessu er greint á fréttavéf BBC, www.bbc.co.uk



Talið er að svart te geti dregið úr streitueinkennum.

## Kristall Sport

NÝR VATNSDRYKKUR FRÁ AGLI SKALLAGRÍMSSYNI

Kristall Sport er nýr hitaeiningasnauður vatnsdrykkur sem er sérsniðinn fyrir fólk sem hreyfir sig reglulega. Drykkurinn er léttkolsýrður og sykurlaus, en er ríkur af vítamínum og steinefnum sem hjálpa líkamanum að jafna sig eftir átök á borð við líkamsrækt eða erfiðsvinnu.



Kristall Sport er afrakstur þróunar hjá Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni, en meginhugmyndin var að búa til bragðgóðan en jafnframt hitaeiningasnauðan íþróttadrykk sem svalar vatnsþörf fólks sem hreyfir sig reglulega. Því eru einungis tvær hitaeiningar í hverjum 100 ml, eða um tíu sinnum minna en í helstu erlendu íþróttadrykkjunum sem fást hér á landi. Þá inniheldur Kristall Sport sex tegundir B-vítamína og kalk, magnesíum og kalíum sem hjálpa líkamanum meðal annars að jafna sig og byggja sig upp eftir átök. Kristall Sport fæst annars vegar með lime- og jarðarberjabragði og hins vegar með appelsínu- og melónubragði. Kristall Sport er seldur í ljósblárri hálfs lítra flösku.

# Engin hert fita í íslensku snakki

***Nokkuð hefur verið rætt um skaðsemi hertrar fitu í matvælum. Í íslensku snakki er engin slík fita.***

Hert fita, eða trans-fitusýrur, hefur skaðleg áhrif á heilsu okkar. Hún stuðla að kransæðasjúkdómum með því að hækka hlutfall slæms kólesteróls í blóðinu á kostnað þess góða. Hert fita finnst í einhverju magni í náttúrunni en svo litlu að þar hefur hún lítlil áhrif. Í iðnvæddri matvælaframleiðslu nútímans er hún hins vegar mikið notuð og þá sérstaklega við matreiðslu ruslfæðis.

Danir urðu fyrstir allra til að setja hömlur á magn hertrar fitu í matvælum og nú íhuga Kanadamenn ásamt borgaryfirvöldum í Chicago og New York að banna herta fitu. Þetta kemur sérstaklega illa niður á þeim sem framleiða franskar kartöflur og snakk.

Dagbjartur Björnsson hjá Iðnmarki segir enga harða fitu notaða hjá fyrirtækinu. Þessar vörur eru m.a.Stjörnusnakk, Stjörnupopp og Bónussnakk, en í stað hertu fitunnar er snakkið steikt úr sólblómaólíu. Það sama er uppi á teningnum hjá Þykkvabæ en þar á bæ nota menn eingöngu pálmaolíu þegar snakkið er steikt.

*- tg*






Líkami og sál.

# Um líkama og sál

***Nýlega komu út tvær bækur um hjúkrun hjá Hinu íslenska bókmenntafélagi.***

Í bókinni Frá innsæi til inngripa er fjallað um þekkingarþróun í hjúkrunar- og ljósmóðurfræði. Meðal efnis er grein eftir Erlu Kolbrúnu Svavarsdóttur um konur sem lifa í stöðugum ótta, og um hjúkrun gegn ofbeldi. Önnur eftir Guðrúnu Pétursdóttur um öryggi á sjó og sú þriðja eftir Helgu Gottfreðsdóttur um breyttar áherslur í meðgönguvernd í ljósi nýrra aðferða til fósturgreiningar og skimunar.

Ingibjörg Hjaltadóttir fjallar um umhverfi og lífsgæði aldraðra á hjúkrunarheimilum og Páll Biering skrifar um geðhjúkrun barna og unglinga. Kaflarnir eru margir og forvitnilegir og er einn höfundur að hverjum kafla.

Líkami og sál heitir hin bókin. Hún fjallar um hugmyndir, þekkingu og aðferðir í hjúkrun og er eftir Kristínu Björnsdóttur. Þar er mótun hjúkrunarstarfsins rakin, bæði í heiminum og á Íslandi, fjallað um tækni og skynsemishyggju í vísindum og samspil heilbrigðis og umhverfis svo nokkuð sé nefnt. Í lokin er kafli um framtíð velferðarþjónustu, forvarnir og heilsueflingu og stefnu íslenskra stjórnvalda í heilbrigðisþjónustu.

*- gg*




Frá innsæi til inngripa.


Þetta er mitt líf!

Námskeið fyrir konur þar sem tekið verður fyrir:

**Fullkomnunarárátta og meðvirkni**



Námskeiðið verður haldið föstudaginn **13.okt. kl 18:00-20:00** í Síðumúla 33, 2 hæð til hægri. Upplýsingar og skráning í síma 694 7997

Verð: 4000 kr. innifalið: Námsgögn og hressing.

Ásta Kristrún Ólafsdóttir - BA, CCDP Ráðgjafi






**SVEFN & HEILSA GEGNIR MIKILVÆGU HLUTVERKI**

*Í starfi mínu legg ég megináherslu á heilbrigt stoðkerfi, stuðningur frá góðri heilsudýnu gegnir þar mikilvægu hlutverki.*

**Veldu það besta!**

**STILLANLEG RÚM**




**Veldu þér eitt með öllu**

WALLHUGGER dregst að veggnum eins og nafnið bendir til. Þannig helst þú alltaf við hlið náttborðsins. Mest seldi ameríski botninn í heiminum.

SWISSFLEX

50 ára reynsla



**Loftrúm án rafmagns**

Eitt virtasta framleiðslufyrirtæki Evrópu. Stillanlegu loftrúmin hjá SWISSFLEX eru í sérflokki.

**Verðdæmi:** 2x90 cm BIFLEX rúm með okkur bestu IQ-CARE heilsudýnu kr. **229.900.-**



BIFLEX

**Einn góður á frábæru verði**

Mest selda stillanlega rúmið. Frábær reynsla á Íslandi frá árinu 2000. Ef þig vantar gott og sterkt stillanlegt rúm þá er BIFLEX lausnin.

**IQ-CARE heilsudýnan er ein besta heilsudýna í heimi**

IQ-CARE aðlagast fullkomlega að líkamanum og tryggir gott blóðflæði sem gerir það að verkum að þú byltir þér minna og nærð dýpri og betri svefni.

IQ-CARE þrýstijöfnunarefnið er mikið notað og viðurkennt af sjúkrahúsum og heilsustofnunum






**Bjóðum upp á fría þrýstijöfnunarmælingu sem greinir hvaða dýna hentar þér best**



CHRISTIAN HAROLD
EIKAR HÚSGÖGN
www.charold.com

WILLIS & GAMBIER
HÁGÆÐA HÚSGÖGN
www.wguk.com




- GÆÐI
- GÓÐ VERÐ
- ÞJÓNUSTA
- ÚRVAL
- ÞEKKING







Verið velkomin

Svefn & heilsa

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 • Opið á laugardögum frá 11-16:00



## DÝRÐARDAGAR ATVINNUTÆKJAFÍKILS

*Ari Arnórsson kíkti á stærstu atvinnutækjasýningu Evrópu í Hannover.*

SJÁ BLS. 2

[ SÉRBLAÐ UM ATVINNUTÆKI – ÞRIÐJUDAGUR 10. OKTÓBER 2006 ]

# Vinnuvélar



FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL

## Efnisyfirlit


HREINT LOFT, FAGURT PÚST
*Umhverfisvernd*
BLS. 2

MERKI SEM MENN TREYSTA
*Hyster-lyftarar*
BLS. 4

ÖRUGGT OG HLJÓÐLÁTT STÝRISHÚS
*Komatsu-vélar*
BLS. 6

MIKILL VÖXTUR
*Fyrirtækið Vélfang*
BLS. 7

UPPFYLLIR ÖLL SKILYRÐI
*Reynsluakstur Ford Transit*
BLS. 10

BROTAVÉLAR VINSÆLASTAR
*Púlsinn tekinn á tækjaleigu*
BLS. 12

NÝJUNGAR FRÁ NÝJA HEIMINUM
*Volkswagen*
BLS. 16

FORNFRÆGAR MINJAR Í SKÓGUM
*Vinnuvélasafn*
BLS. 18





ERTU Í STELLINGUM FYRIR STÓR VERKEFNI?

Glitnir Fjármögnun býður fjölbreytta kosti við fjármögnun bíla, atvinnutækja, skrifstofubúnaðar og atvinnuhúsnæðis.

- **Kaupleiga** Leigðu tækið og eignfærðu
- **Rekstrarleiga** Greiddu aðeins fyrir afnot af tækinu
- **Fjármögnunarleiga** Leigðu tækið og gjaldfærðu
- **Fjárfestingarlán** Fjármögnun með veði

Hafðu samband í síma 440 4400 eða kynntu þér málið á **www.glitnirfjarmognun.is**

GLITNIR
FJÁRMÖGNUN

## IAA Nutzfahrzeug



## Kamaz, kanúþa?

Ein stærsta vörubílaverksmiðja heims. Er rússnesk, og stærst heima fyrir. Þeir vilja gjarnan pota sér í vestur, þótt lítill ys hafi verið á svæðinu þeirra í Hannover. Yfirskegglingarnir tveir á standinum voru í þurrara lagi á sölumannamælikvarðanum, en ef þessi 8x8 kaggi er á Löðuverði, þá – hmmmm. Þessi var ekki á túndrutúttunum sem Rússarnir framleiða í massavís, heldur stífbónuðum 16.00-20 Michelin. Annars var þessi Kamaz með eigin gírkassa, hásingar, eigin 400 ha V8 (Euro 3), en Caterpillarrellur fyrir aðeins meiri aur og hærra Eurostig.











# Dýrðardagar atvinnutækjafíkilsins

**Það stórsér á skónum mínum. Sólarnir steiktir og slitnir. Saumsprettur, leðrið lúið. Afleiðing ofurmaraþongöngu, sennilega vel það, í hita oft yfir 30 stig. Hvað þarf til að draga eindreginn andstæðing skósólaslits í gegn um slíkt? IAA Nutzfahrzeugmesse.**

Engin venjuleg messa það, heldur stærsta sýning atvinnubíla í Evrópu, heiminum öllum held ég, haldin á tveggja ára fresti. Ferkílómetrar, já, heilt innhaf af atvinnubílum, tækjum og búnaði, kunnuglegum og framandlegum, nýjum og nokkrum gömlum með. Endalausar raðir af konfekti fyrir okkur sem frekar vilja láta vélar vinna en slíta eigin skinni. Synd með skóna.

Dagarnir hefjast við sólarupprás sunnan Hannover í miðju Þýskalandi, og með elju og engum kaffitímum næst að skoða nánast alla bása fyrir sólsetur á fjórða degi. Ari Arnórsson segir nú frá örlitlu af því sem fyrir bar.




# Hreint loft, fagurt púst

**Meðal stórfyrirtækjanna og vélaframleiðandanna var mikill reykur í kring um mengunarvarnir. Fátt er hærra á forgangslistanum, bæði hjá seljendum og kaupendum.**

Hinn, að því að virtist, ókleyfi múr Euro 5 hefur þegar verið klifinn og óvenju margar leiðir farnar. Kanónur Caterpillar mættu á blaðamannafund sannfærðir um hina einu réttu leið, sérstakur heljarinnar kútur fullur búnaðar sendir hreinsað, síað og kælt afgas til baka í soggreinina. Þetta dauða gas þynnir inntaksloftið, lækkar brunahitann og minnkar þar með köfnunarefnisoxíðmyndun strax í strokkunum. Vopnaðir Euro 5 skírteinum hyggjast þeir í Illinois olnboga sig inn á Evrópumarkaðinn sem ekki hefur hingað til gleypt Cat-mótora í neinu samræmi við heimamarkaðinn. Línan er 7, 9, 13 og 15 lítra, allt línusexur, þær stærri tvíblásnar (með raðtengdum forþjöppum) og framleiða allt að 625 tandurhrein hestöfl.

Fussum svei fyrir því, sögðu ljós/gráhærðir Scania-verkfræðingarnir tveir yfir laxasnittum, ósköp kurteislega þó. Rétta leiðin þeirra er ekki ósvipuð, en heldur „hefðbundnari", rennir pústi skemmstu leið til baka að inntaksventlunum og treystir á ofurnákvæma brunastýringu og virka sótsíu. Euro 5, án aukabúnaðar. Það er best. Ååe.



Ekkert smáflykki, afmengunarbúnaðurinn í vörubílum framtíðar. Hér er Caterpillar-kúturinn.

Meiri vitleysan, segja þeir hjá Cummins. Eina rétta leiðin er ammoníak. Eh, afsakið, AdBlue. Það er vörumerkið fyrir vatnsþynnt ammoníak sem hafa þarf í sér tanki í bílnum og sprauta inn í púстið fyrir hvarfa- og sótkútana. Fylla þarf á AdBlue tankinn í annað til þriðja hvert skipti sem eldneyti er tekið – vesen - og það er heldur ekki ókeypis. En, sagði herra Cummins þar sem við stóðum við glansandi Ferrari-rauðan nýjan ISB 6,7 mótor (arftaka hins geysiútbreidda 5,9 lítra): Eyðslan minnkar um 7% miðað við Euro 4, því brunanum má haga á hagkvæmari, „skítugri" hátt í strokkunum og láta ammoníakið hvarfa upp pjaið á eftir. „Og veistu hvað" sagði herra Cummins, nú kominn á trúnó, „kúnnarnir okkar sem fengu nýju tryði okkur enginn".



Ekki veit ég hvort ég trúi því heldur, fagtímaritin hafa verið að taka fyrir Benz og fleiri AdBluebrúkara og eru niðurstöðurnar ekki afgerandi. Vissulega eyða ammoníakdrekkarnir yfirleitt að meðaltali ívið minna en afgasæturnar, en á móti kemur kostnaður og umstang við aukavökvann. Klárist hann, sér stýrikerfi mótorsins um að rýra aflið svo að ökumaðurinn þráir ekkert heitara en næsta AdBlue bar.

Hvar sem hann nú er. -aa



Fyrir ammoníakneytendurna er búið að bæta aukatanki í bílinn. Hann getur verið sér, eða sambyggður olíutanknum eins og hér. Bara passa að setja réttan vökva á réttan stað.

RENAULT

# Leiðtogar verða ekki til fyrir tilviljun




Við þróun atvinnubíla hefur Renault að leiðarljósi notagildi, þægindi, sparneytni og öryggi. **Notagildi**, svo að atvinnubíllinn þinn nýtist við fjölbreytt verkefni dagsins; **þægindi** vegna þess að atvinnubíllinn er einnig vinnustaðurinn þinn stóran hluta úr degi; **sparneytni** svo að atvinnubíllinn þinn sé hagkvæm rekstrareining og öryggi, vegna þess að þú verður að geta treyst þessu mikilvæga atvinnutæki þínu.

Jafnframt getur skipt miklu máli hvaða þjónusta fylgir atvinnubílnum þínum. B&L atvinnubílar eru einn stærsti sölu- og þjónustuaðili atvinnubíla á Íslandi, meðal annars vegna þess að við leggjum metnað okkar í að veita viðskiptavinum okkar trausta þjónustu.

**Renault, leiðandi merki í atvinnubílum í Evrópu.**




**Renault Kangoo**
Verð frá kr. 1.620.000
**Verð frá kr. 1.301.205 án vsk**
Fjármögnunarleiga kr. 24.896
**Fjármögnunarleiga kr. 19.996** án vsk.

**Renault Trafic**
Verð frá kr. 2.280.000
**Verð frá kr. 1.831.325 án vsk**
Fjármögnunarleiga kr. 35.295
**Fjármögnunarleiga kr. 28.350** án vsk.

**Renault Master**
Verð frá kr. 2.720.000
**Verð frá kr. 2.184.738** án vsk.
Fjármögnunarleiga kr. 42.024
**Fjármögnunarleiga kr. 33.754** án vsk.

* Fjármögnunarleiga m.v. 5 ára lán í erlendri myntkörfu með 20% útborgun, með og án/vsk.

B&L
ATVINNUBÍLAR
FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

B&L Atvinnubílar - Grjóthálsi 1 - Sími 575 1200 - Ráðgjafasími 575 1224/25 - www.bl.is

www.renault.is

VERKTAKAR
KYNNIÐ YKKUR KEESTRACK MALARHÖRPURNAR



Sterkbyggðar og afkastamiklar hörpur frá Belgíu. Auðveldar í flutningi og notkun. Stærðir frá 16 - 30 tonna.
B.M.M. Sími 894-3836





Starfsmenn fyrirtækisins hafa mikla reynslu af lyfturum.

# Merki sem menn treysta

## Vélar og þjónusta eru umboðsaðili hina þrautreyndu Hyster-lyftara á Íslandi.

Fyrirtækið Vélar og þjónusta selur heildarlausnir í lyfturum frá Hyster-framleiðandanum sem er eitt umsvifamesta fyrirtæki heims á þessu sviði og framleiðir meðal annars allt frá smæstu tjökkum upp í stóra gámalyftara í verksmiðju sinni. Hyster-lyftararnir hafa verið seldir í hartnær hálfa öld hér á landi og að sögn fyrirtækisins hafa þeir reynst einkar vel.

Eiríkur Jóhanneson, sölumaður á lyfturum hjá Vélum og þjónustu, segir fyrirtækið nýlega hafa tekið við Hyster-umboðinu á Íslandi. „Hyster er einn stærsti framleiðandinn í heiminum og getur státað af því að vera eini framleiðandinn sem framleiðir alla línuna í eigin verksmiðju. Við tókum við Hyster-umboðinu í júní og því er þetta að fara af stað af alvöru hjá okkur um þessar mundir,“ segir hann en bætir því við að Hyster sé þó að finna í flestum stærstu verksmiðjum og vörulagerum á landinu.



Vélar og þjónusta hafa nýlega tekið við umboði fyrir Hyster-lyfturum á Íslandi. Lyftararnir hafa verið á markaði á Íslandi í tæplega hálfa öld. FRÉTABLAÐIÐ/VILHELM

Eiríkur segir jafnframt að stefna fyrirtækisins sé að eiga allar algengustu lyftarategundirnar á lager og því ætti biðtíminn frá pöntun að vera mjög stuttur. „Ef fólk er hins vegar með sérpantanir þá getur það tekið aðeins lengri tíma.“

Hjá Vélum og þjónustu er nýhafinn innflutningur á glænýrri línu af lyfturum, allt frá 1,6 tonnum og upp í 5,5 tonn. Lyftararnir eru búnir ýmsum tækninýjungum sem hafa ekki áður sést hjá Hyster. Má meðal annars nefna nýja Dura match-skiptingu sem býður upp á stillanlega sjálfvirka hemlun, spólvörn og tvo gíra. Að mati Eiríks vegur reynsla á Hyster-lyfturum hér á landi þungt. „Eins og áður sagði þá hafa þeir verið til sölu hér á landi í um það bil 50 ár og viðskiptavinir treysta merkinu enda hefur það reynst afar vel.“


Traust
dráttarbeisli
Ásetning á staðnum.



VÍKURVAGNAR EHF.
Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is


# Matur eða mótorfita

Annað sem vakti athygli aftar á svæðinu var hve mörg lítil fyrirtæki bjóða matarolíulausnir fyrir hvers kyns dísilvélar. Í bílinn er sett alls konar dót, síur, hitarar, stýringar og blöndunarventlar, á tankinn gula fitan sem annars myndi hafna í pottinum hjá McDonald's. Í Bandaríkjunum eru vandamálin við lífræna fitubrennslu oft leyst



með efnabreytingu áður en olían fer á tankinn, glycerinið fjarlægt og kolvetnunum breytt til að skapa hreina, velbrennandi dísilolíu án þess að breyta þurfi bílunum. Einn kosturinn við þetta er að ekki skipti miklu hvort fitan sé af repju eða rollu, en í Evrópu er öll áherslan á beinan jurtaolíubruna. Ansi spennandi mál.

## IAA Nutzfahrzeugmesse




# Stálið burt, meira hlass

Úr plasti. Þessi grjótflutningavagn er úr plasti. Plasti og koltrefjum. Raunar var hann sýndur á síðasta IAA, fyrir tveimur árum, sem spennandi nýjung. Síðan hefur hann verið í fullri vinnu, borgandi vinnu, eins og hver annar stálvagn. Nema að í hverri ferð hafa farið ein þrjú aukatonn! Þrjú aukatonn í ferð, það safnast saman, strákar. Og stelpur. Þessi þrjú tonn af sandi koma í staðinn fyrir um þrjú tonn af dauðavigt sem kostar að draga, bæði fram og til baka. En plast? Dugar það daginn? Og kostar það ekki eins og lítið notuð Boeing? Hann er vissulega það dýr, þessi vagn, að ekki er farin af stað nein framleiðsla, og ekki fékk ég að sjá hann að innan, en pælið samt í því. Þrjú auka borgandi tonn í ferð!

# Tvö dekk verða eitt

Tvöföldu afturdekkin undir vörubílum heimsins mega fara fyrir mér. Alltaf hætta á steini á milli, hundleiðinlegt að skipta um innra dekkið ef springur. Allir stóru hjólbarðamakararnir eru með sína lausn, eitt ofurbreitt dekk á breiðri felgu í staðinn fyrir tvö. Hjá Bridgestone heitir þetta Aircept Greatec. Springi, grípur snjallpulsa úr gúmmíi og aramíðfílti dekkið innan frá og fyllir út í það á augabragði, þökk sé tvöföldum ventli sem skammtar meiri þrýstingi í ytra dekkið en pulsuna. Ódýrara en tvöfalt segja þeir, og klárlega léttara. Allir græða.




UNIC SMÁKRANAR



Laugar, Laugardal

Hvar sem aðgengi er takmarkað eða vinnusvæði lítið eru UNIC smákranar eina lausnin.

- 60cm á breidd
- 9m bómuhæð
- lyftir tæpum 3t í 1,4m



Rimaskóli



Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Hentar vel til hífinga innan- sem og utanhúss, t.d. í glerísetningar, á stálbitum, í landslagsvinnu, í legsteinaflutningi, uppsetningu og viðgerðum á tækjum og öðrum þungum hlutum þar sem aðgengi er takmarkað.



www.smakranar.is
Hreinsun og ráðgjöf ehf.
Maríubakki 30 - 109 Rvk.
Sími: 699 4241



„Að mínu mati hentar Vigor Viðskiptahugbúnaður
öllum fyrirtækjum sem vilja öflugt, öruggt
og ekki síst stöðugt fjárhagskerfi.“
Bjarni Sólbergsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Orkubús Vestfjarða

# Til vitnis um íslenskt hugvit

## **Vigor** Viðskiptahugbúnaður

**Öflugasti íslenski viðskiptahugbúnaðurinn**

Vigor viðskiptahugbúnaður frá TM Software er ein öflugasta viðskiptahugbúnaðarsvíta sem hefur alfarið verið þróuð og framleidd á Íslandi. Vigor er hagkvæm lausn sem uppfyllir flestar kerfisþarfir fyrirtækja og stofnana.

Innleiðing íslensks hugbúnaðar í fyrirtæki og stofnanir hefur ótvíræða kosti í för með sér þar sem viðskiptavinir hafa beinan aðgang að þeim sem þróað hafa kerfið og þurfa ekki að eltast við flókin samskipti við erlenda hönnuði.
Þetta gefur einnig aukinn stöðugleika og meiri möguleika á sérlausnum sem henta þínu fyrirtæki.

Vigor viðskiptahugbúnaður
- Fjárhags- og viðskiptakerfi
- Fylgirita- og samþykktarkerfi
- Áætlanakerfi
- Greiningarskýrslur
- Greiðslukerfi
- Innheimtukerfi
- Eignakerfi
- Verkbókhald
- Forðabókhald
- Sölukerfi
- Vörukerfi
- Innkaupakerfi
- Launakerfi

Sérlausnir
- Orkureikningakerfi
- Skaðabótakerfi
- Aksturskerfi
- Gámaleigukerfi
- Kæligeymslukerfi
- Áhaldaleigukerfi

TM Software, framleiðandi Vigor viðskiptahugbúnaðar, er eitt stærsta hugbúnaðarfyrirtæki landsins og hefur hlotið viðurkenningu sem eitt af framsæknustu fyrirtækjum Evrópu. Um 460 manns starfa hjá TM Software.

**TM Software** | Business Solutions    Holtasmári 1 | 201 Kópavogur | Sími 545 3000 | Fax 545 3001 | vigor@t.is | www.t.is






„Það hefur verið gerð hávaðamæling á hljóðlátustu fólksbifreið og Komatsu-gröfu með SpaceCab-stýrishúsi og það kom í ljós að það er hljóðlátara inni í gröfunni," segir Bjarki Harðarson.

# Öruggt og hljóðlátt stýrishús í Komatsu-vélum

Komatsu-vinnuvélaframleiðandinn hefur kynnt nýtt SpaceCab-stýrishús sem tryggir öryggi þeirra sem þar sitja mun betur en áður hefur þekkst.

„Þessi öryggsishús eru nýlega komin á markað og eru í öllum nýjum Komatsu Dash8-vélum sem við höfum til sölu," segir Bjarki Harðarson, sölumaður hjá Kraftvélum, sem er umboðsaðili Komatsu hérlendis. Fyrirtækið er nú á ferð um landið til að kynna nýjungar frá Komatsu.

Í SpaceCab-stýrishúsinu er stálgrind sem tryggir öryggi ökumannsins ef grafan veltur eða eitthvað fellur á hana. „Fjölda grafna hefur verið velt í tilraunaskyni til að athuga styrk hússins og það hefur sýnt sig að það mesta sem gerist er að stýrishúsið skekkist aðeins," segir Bjarki.

Hann segir að þá sé SpaceCab-stýrishúsið sérstaklega hljóðeinangrað. „Það hefur verið gerð hávaðamæling á hljóðlátustu fólksbifreið og Komatsu-gröfu með SpaceCab-stýrishúsi og það kom í ljós að það er hljóðlátara inni í gröfunni"

Í Komatsu-gröfunum er einnig stjórntölva sem skráir vinnustundafjölda og býður upp á ýmsa möguleika fyrir stjórnendur og starfsmenn fyrirtækja. Hægt er að skoða upplýsingar um notkun og staðsetningu vélarinnar í gegnum vefsíðu og þar er einnig hægt að sjá ef einhver bilun kemur upp. „Þetta auðveldar okkur einnig allt starf því ef upp kemur bilun í vél getum við séð á vefsíðunni hvað þarf að gera og hvort panta þarf varahluti í vélina," segir Bjarki.

## IAA Nutzfahrzeugmesse




## Ekki detta! Tölvan bjargar!

Ekki detta! Tölvan bjargar! Úúúúps! Þetta lítur illa út! En það datt samt ekki um koll, þetta fulllestaða æki, þökk sé hjálparhjólunum. Hjálparhjólin eru ekki staðalbúnaður, heldur var hér verið að sýna hve lítið þurfti til að velta 40 tonnum. Hálf óhugnanlegt að fylgjast með MANinum koma á um 40 km hraða í væga beygju og... skauta hálfoltinn á hjálparhjólinu. Tilgangurinn var að sýna að þótt bílstjórinn sé þorskættar í báða leggi geti stöðugleikakerfi sem fáanlegt er sem aukabúnaður á flestum flutningabílum nú afstýrt ósköpum.










Skarphéðinn Erlingsson hjá Vélfangi ehf. segir mikinn vöxt hafa einkennt fyrirtækið.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Mikill vöxtur

Fyrirtækið Vélfang ehf. sérhæfir sig í sölu og þjónustu á nýjum jafnt sem notuðum vinnuvélum.

Fyrirtækið Vélfang selur vélar fyrir landbúnað, vélaverktaka og golfvelli svo fátt eitt sé nefnt. Skarphéðinn Erlingsson, sölu- og markaðsmálamaður hjá fyrirtækinu, segir Terex-vinnuvélarnar sem fyrirtækið selur hafa reynst einkar vel.

Vélfang ehf. er umboðsaðili fyrir mörg vörumerki á sviði landbúnaðar- og iðnaðarvéla. Helstu framleiðendur sem Vélfang ehf. hefur umboð fyrir eru CLAAS, Fendt, Kuhn, Kverneland, Accord, Taarup, Fiona, Redrock, Tahler, Shibaura, Globram og Terex-Benford, svo dæmi séu tekin. Skarphéðinn Erlingsson segir mikinn vöxt hafa einkennt fyrirtækið alveg frá stofnun þess í fyrir tæpum þremur árum.

„Terex-vörumerkið er orðið þriðji stærsti framleiðandinn á iðnaðarvélum og mini-gröfum í heiminum. Við höfum staðið í uppbyggingu vörumerkisins hér á landi undanfarin ár og stefnan er sett á að halda því áfram. Terex-merkið er í sívaxandi sókn“ segir Skarphéðinn.

„Við erum erum jafnframt farin að selja Terex Benford sem eru sjálfkeyrandi hjólbörur og hafa sótt mikið í sig veðrið síðustu misseri. Þar að auki erum við nú farin að selja „trailera“ sem dregnir eru áfram af traktorum.“

Annar búnaður sem Vélfang ehf. selur eru meðal annars alhliða kerrur sem henta til vöruflutninga jafnt sem vélaflutninga.


Terex-traktorsgröfurnar frá Vélfangi ehf. hafa reynst vel hér á landi. Terex-fyrirtækið er þriðji stærsti framleiðandi heims á þessu sviði.










# Nýr sendibíll frá Fiat



Það er kominn nýr Sevel-sendill, bíllinn fjölhæfi sem Fiat og PSA framleiða sameiginlega á Ítalíu og selja undir þrem mismunandi nöfnum. Þetta er útbreiddasti sendibíll Evrópu og er ekkert eftir af þeim gamla í þeim nýja. Fjölbreytnin er með ólíkindum og sýndu Peugeot, Citroën og Fiat samtals a.m.k. 50 stykki. Allt að 3 lítra 157 ha vél snýr framhjólunum.







VÉLFANG VERKIN TALA

Gylfaflöt 32 • 112 Reykajavík • Sími 580 8200 • Fax 580 8210 • velfang@velfang.is

## IAA Nutzfahrzeugmesse



# Er þetta fugl? Er þetta flugvél? Nei, þetta er Truckster!

Til að hnykkja á í kynningarherferðinni lét Fiat gera þetta flippaða frík, Truckster, sem byggt er á elementum úr nýja Fiat Ducato. Notagildið er ekkert, alls ekkert, núll, og reynið að fá vetrardekk á 28" – tuttugu og átta tommu – felgurnar!



# Samkrull í austri

Bara frumgerðir núna, en þessi sæta Lubo-lína í Sprinter-flokki er að fara á færiböndin í Póllandi. Intrall, breskt fyrirtæki, hefur keypt pólskar og tékkneskar atvinnubílaverksmiðjur (Daewoo-Avia, Praga og Lublin), skellt þeim saman, kallar Intrall og er sala í vestur áætluð strax á næsta ári. Lubo-fjölskyldan er jafn stór og Benz- eða Fiat-sendibílalínurnar – spennandi að sjá hvort þetta gengur upp hjá þeim.




Hardox plötur

Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta

Margföld ending og slitþol!
• Slitplötur í miklu úrvali
• Niðurefnun og efnissala
• Smíði úr Hardox

'Á góðum járnum

HÉÐINN
Stórás 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is



# Renault og Volvo styrkja hjónabandið

Á sýningarsvæði Renault var margt ljúffengt, m.a.s. franskt bakkelsi fyrir blaðamenn, og meððí. Eftir því sem mig minnir að þeir hafi sagt þarna á standinum er þetta nýja línan í Formúlu 1 á næsta ári, og nýju ökumennirnir kynntu gripinn (Alonso er jú farinn frá Renault, þessar eru líka mikið sætari, og brosa meira). Eitthvert gat í reglunum, skildist mér, þannig að nú á að taka á því á kappakstursbrautunum - þeir rauðu fara ekki svo létt fram úr þessum, onei.

Annars mátti líka sjá mörg dæmi um náið samstarf Renault og Volvo, mótor frá Volvo hjá Renault og öfugt, og nýja húsið á Volvo FL er dulbúið Midlum-hús frá Renault.



Brotinn í tvennt! Viljandi auðvitað, sniðug glussatjakkdrifin lausn fyrir bílaflutninga með Peugeot Boxer drifhaus við sérsmíðaða grind og afturfjöðrun.





## Stýranlegir jarðborar

- Getur borað allt að 250 m á dag.
- Sá eini í landinu sem borar í gegnum klappir allt að 400 m frá 6" – 12" göt.
- Borar allt að 300 - 600 m í einu.
- Borar fyrir nýjum lögnum.
- Mjög nákvæmur.
- Minna jarðrask og litlar tafir.
- 60 - 800 mm sverleiki.
- Borum undir ár, götur og vötn.
- Erum með 3 stærðir af borum.

LÍNUBORUN EHF
www.linubor.is
Vagnhöfða 11 110 Reykjavík ✆ 577 5177 fax. 577 5178



# Við viljum að þú náir árangri



"Við vitum að með réttum tækjum og tólum eiga viðskiptavinir okkar meiri möguleika að ná árangri í sinni starfsemi. Okkar markmið er að aðstoða þá til góðra verka enda vitum við að velgengni okkar byggist á velgengni viðskiptavinanna."

**Guðríður Ólafsdóttir**
Yfirmaður fyrirtækjasviðs

Hinrik Pétursson | www.mmedia.is/hip

LÝSING
Fjármögnun í takt við þínar þarfir

Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími 540 1500 Fax 540 1505
www.lysing.is









Útlit bílsins er alveg nýtt og það sama má segja um vélina sem kom skemmtilega á óvart, ekki síst með 800 kílóa hlass. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Uppfyllir öll skilyrði

Reynsluakstur Ford Transit-sendibíls.

Það má segja að hlutverk sendibíls sé tvíþætt. Annars vegar er hann vinnustaður bílstjórans, og þarf að vera þægilegur sem slíkur, og hins vegar þarf hann að geta, jú – mikið rétt – flutt hluti.

Ford Transit-sendibílar hafa löngum verið vinsælir og nú nýlega kynnti Brimborg splunkunýja útgáfu sem þar á bæ er sögð enn betri en þær fyrri. Í reynsluakstrinum var prófuð millilöng útgáfa af milliþekju bíl, en alls standa þrjár lengdir til boða og tvær til þrjár hæðir á húsi af hverri lengd.

Ef við lítum fyrst á seinna hlutverkið, að flytja hluti, er hleðslurýmið 2.709 mm langt og 1.740 mm hátt. Hann tekur því 9,07 rúmmetra en hleðsluþyngd millilanga bílsins er á bilinu 1.040 kg til 1.200 kg.

Á bílnum eru stórar rennihurðir á hliðunum sem læsast í haki þegar þær eru fullopnar. Gólfið er lágt og flatt og aðgengi því þægilegt. Að aftan eru tvær vængjahurðir sem hægt er að læsa bæði í 90 gráðum og eins hafa galopnar. Hleðslurýmið er klætt upp á miðjar hliðar með plötum til að verja yfirbygginguna.

Sem vinnustaður er bíllinn vel búinn. Hvert sem litið er má finna hólf og geymslu. Til dæmis eru tvö lokuð hólf ofan á mælaborðinu, annað þeirra með 12V innstungu. Tilvalið fyrir skrifblokkir, síma, penna og hvað annað smálegt sem maður þarf á að halda í amstri dagsins. Allir Transit-bílar eru búnir olíumiðstöð með tímaliða þannig að jafnvel um miðjan vetur er hægt að halda bílnum hlýjum og notalegum þó hann þurfi að standa heilu og hálfu dagana. Litlar ristar í skilrúminu sjá svo til þess að brot af varmanum fer í hleðslurýmið.

Bílstjórasæti er stillanlegt á margan hátt og útsýni úr bílnum gott, nema hvað vinstra megin er klippt fullsnemma á útsýni þegar horft er aftur með bílnum. Speglar eru stórir og góðir, með litlum kúptum speglum fyrir neðan, en glugginn á farþegahurðinni mætti samt ná lengra aftur.

Vélin í Transit er ný 2,2 lítra dísilvél sem vinnur ágætlega og togar vel. Bíllinn var prófaður bæði tómur og með 800 kg hlassi og ekki var um merkjanlegan mun að ræða á aksturseiginleikum eða afli, helst að hann lægi ögn betur á vegi með hlassinu. Gírstöngin er komin í mælaborðið og er létt og ratviss svo bíllinn er mjög þokkalegur í akstri.

Í öryggisdeildinni er Tranist vel græjaður. Fyrir utan ABS-hemla með EBD-hemlajöfnun er hann búinn spólvörn og loftpúða fyrir ökumann. Til viðbótar er hægt að fá í hann ESP-stöðugleikakerfi með hjálparhemlun, loftpúða fyrir farþega og hliðarloftpúða, sem eru reyndar staðalbúnaður í Transit með leðursætum.

Eftir reynsluakstur er ljóst að Ford Transit uppfyllir öll þau skilyrði sem gerð eru til sendibíla, og það vel, hvort sem á að nota hann til að flytja varning eða sem venjulegan vinnubíl frá degi til dags.

*einareli@frettabladid.is*


Vinnuumhverfi ökumanns er mjög vistlegt og þægilegt, með mörgum hólfum og hirslum.


Vængjahurðirnar að aftan má opna til hálfs eða fulls, eftir því hvort þarf.


Sitt sýnist hverjum um nýjan framenda Transit sem virðist hannaður í kringum framljósin. Þau eru hins vegar afbragðsgóð.


Farmrýmið er klætt upp í miðjar hliðar og er þægilegt í umgengni.

**FORD TRANSIT 300M**

2,2 lítra dísilvél.
130 hö / 310 Nm.
**Burðargeta:** 1.040-1.200 kg.
**Farmrými:** 9,07 rúmmetrar.

**PLÚS:**
Vélin öflugri en stærðin gefur til kynna.
Gott vinnuumhverfi og aðgengi.

**MÍNUS:**
Gluggar á framhurðum mættu ná aðeins lengra aftur.







Það er líka torfæra í malbikslöndum. Holger Brauwers var fulltrúi torfærukalla á IAA.

# Múggast um urð og drullu

## Holger Brauwers er fimmfaldur Evrópumeistari.

Þetta er Helgi vinur minn. Eða Holger Brauwers eins og þar stendur. Hann er glampandi glaður, enda fimmfaldur Evrópumeistari! Keppnisbíllinn hans og félaga er gamall en unninn (350 hestar úr gamla OM356!) Unimog sem heitir Holgimog og kostar minna en Porsche. Helgi vinur minn er orkubolti og keppnismaður, segir skemmtilegar sögur og er toppmaður í trukkatorfærunni. Þar er minna mokað með hláturgasi en í þeirri íslensku, lágmarksþyngdin er fimm tonn (bíllinn, ekki ökumaðurinn), en brekkurnar brattar, drullan djúp og mórallinn er frábær. Við Helgi urðum sammála um að það ætti að bæta Íslandi á listann yfir keppnislönd í Evrópuseríunni Truck Trial eða Truck Rallye ekki seinna en um leið og hægt er. Því er hér með komið á framfæri. Og einni pínu sögu:

„Einu sinni var vinur minn búinn að hressa dáldið uppá mótorinn í Múgganum sínum (Unimog torfærukeppnisbílnum) og var úti að prófa þegar hann lenti í löggunni á sveitavegi. Hámarkshraðinn var víst 70 en löggan mældi hann á 160! Það fannst hettumávunum ekkert sniðugt, og ekki heldur að hraðaafbrotadráttarvélin var á traktoramunsturdekkjum. Söng dáldið hressilega í. Löggunni líka. Þeir ætluðu að vera ferlega vondir við hann en um nóttina hömuðumst við allir vinir hans við að breyta drifunum og mótornum og öllu saman þannig að hann kæmist ekki hraðar en 80. Svo var farið með Múggann í TÜV (skoðunarstofu), og þeir vottuðu náttúrlega að 160 væri utan gufuhvolfsins fyrir svona járnhross. Löggan sendi radarinn í viðgerð...“ *-ari*


Traust og örugg fjarskipti:
maxon talstöðvar
fyrir húsbílinn eða jeppann.
Vandaðar talstöðvar sem hafa margsannað gildi sitt í áraraðir í vinnuvélum, lögreglubílum og leigubílum.
Bjóðum 4 rása og 99 rása Maxon bílstöðvar ásamt ísetningu á ótrúlega lágu verði.

maxon bílstöðvar
maxon handstöðvar

Nett, frábær loftnet á flestar gerðir bifreiða.
ÓTTÓ AUGLÝSINGAR
MÚLARADÍÓ
rafeindaþjónusta
FELLSMÚLA 28 108 REYKJAVÍK SÍMI: 554 1550, 588 7211






Kannaðu aðstæður. Vinnuaðstöðunni hefur verið breytt til hins betra í nýjum Transit.

Reyndu nýju vélina í Transit: 2,2 l dísil Duratorq TDCi.
Verð frá 2.032.000 kr. án vsk*.
Kynntu þér nýja og sérstaka þjónustu Atvinnubíla Ford hjá Brimborg.
brimborg
Öruggur staður til að vera á




Sigrún kann góð skil á tækjunum á leigumarkaði Byko. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Brotvélar vinsælastar

Þegar framkvæmdir standa yfir er stundum þörf á tækjum sem ekki eru til á heimilinu. Þá koma áhaldaleigur að góðum notum.

Í leigumarkaði Byko í Breiddinni er lipur stúlka við afgreiðsluborðið. Hún heitir Sigrún Elíasdóttir og svaraði greiðlega spurningum blaðamanns.

-Hvaða tæki eru mest lánuð út og hversu lengi er fólk með þau?

„Brotvélarnar sem notaðar eru til að mylja niður veggi og brjóta fyrir rörum í gólfinu, rotþróm og öðru, eru líklega þær vélar sem algengast er að fólk leigi. Þær eru til í nokkrum stærðum og eru ekki mjög vandmeðfarnar. Stundum er fólk með þær í klukkutíma og stundum fleiri daga. Það fer eftir því hvað mikið þarf að brjóta og hversu öflug vélin er.“

-Eru það ekki einkum karlar sem fá brotvélar lánaðar?

„Jú, en hitt kemur líka fyrir að konur leigi þær. Svo er mikil eftirspurn eftir sláttuvélum á sumrin og sláttuorfum líka og áhöld til runna- og trjáklippinga eru vinsæl á vorin og haustin. Við erum með hekkklippur, bæði rafmagns- batterís- og bensínklippur og sömuleiðis keðjusagir. Ryksugurnar eru líka mikið lánaðar út, þá helst með steinsugum. Steinryk er svo rosalega þungt að það skemmir venjulegar ryksugur. Nú svo má nefna háþrýstidælurnar. Þær minnstu eru 150 bör. Þær eru ágætar til að þrífa stéttina, þakið og húsið. En til að losa málningu þarf sterkari dælu og við erum með þær allt upp í 280 bör. Teppahreinsivélarnar eru rosalega vinsælar hjá húsmæðrum landsins og margir nota hreinsivélarnar líka til að þrífa sætin í bílunum sínum. Svo þurfa ýmsir að fá lánaða stiga og palla. Reyndar er meira um að fólk taki pallana, hálfgerða stillansa.“

-Þarf fólk ekki að vera með kerru undir þá?

„Jú í flestum tilfellum eða leigja sendiferðarbíl. En sumir fá sér bara einfaldan pall sem er svona 2,50 m á hæð og hann er hægt að flytja aftur í venjulegum fjölskyldubíl ef sætisbökin eru lögð fram.“

-Er ekki erfitt að koma pöllunum upp heima?

„Nei, Það er ekki svo flókið þegar maður veit hvað maður er að gera.“

-Hvað kostar að leigja... við skulum segja... litla brotvél?

„Akkúrat eins og er, er tilboð á minnstu vélunum. Fyrsti dagurinn er venjulega á 3.000 krónur en er nú á 2.250.

-Ef fólk gleymir nú að skila tækjunum. Getur skuldin ekki orðið stór?

„Það fer auðvitað eftir því hversu lengi dregst að skila hlutnum. Ef sláttuvél gleymist inni í bílskúr í nokkra mánuði þá er reynt að leysa það einhvern veginn. Það má alltaf reyna að semja.“

-Er stöðug eftirspurn eftir tækjum á leigu?

„Já, en mest að gera á sumrin. Þá er fólk að vinna í alls konar endurbótum og viðhaldi á eignum sínum. Svo minnkar eftirspurnin aðeins eftir sumarfríin en helst jöfn og þétt allan veturinn.“

-Eru tækin þung í hendi?

„Já, flest þeirra eru það.“

-Þarft þú stundum að bera þau út í bíl fyrir viðskiptavini?

„Já, það kemur fyrir og ég geri það með mestu gleði.“

*gun@frettabladid.is*




## IAA Nutzfahrzeugmesse

## Daimler-Chrysler - Stórveldið í í atvinnubílum

Mercedes Benz er þokkalega þekkt merki í atvinnubílum, en bara til að vera viss voru þeir félagar M&B með sýningarsvæði á stærð við Hveragerði. Nýi Sprinterinn var áberandi auðvitað, og AdBlue, þarna voru ruslabílar og rútubílar, tröppur, svið, danspíur og grilljón vatta lýsing. Helsta nýjungin var þriðji Unimoginn, ætlaður sópandi, skafandi, mokandi, flytjandi sveitarfélögum og nú er nebbinn alveg dottinn af. Húsið er ofan úr hillu í þetta sinn, minnsta Atego-húsið, en þar undir er virðist allt nýtt, grind, hásingar og kerfi. Fjarkinn er eina vélin.



## Daily 4x4 - Önnur umferð




Með nýju úgáfunni af Daily reynir Iveco aftur fyrir sér með 4x4 útgáfu á almennum markaði. Í þetta sinn er hásing á blaðfjöðrum undir himinháum framendanum, og klárt mál að slíkir munu sækja um vinnu á Íslandi. Þessi yrði feginn að komast úr steikjandi sólinni á útisvæðinu.

## Meira magn, minna vegpláss




Það er plássleysi á evrópskum vegum. Allt er meira en minna flutt á vörubílum, endimarka á milli. Það er von að leiða sé leitað til að koma sama magni milli staða með minni fyrirferð og tilkostnaði. Þjóðverjar líta í norður þar sem leyfð eru allt að 60 tonn í æki (Svíþjóð) með allt að 5 öxla vögnum, tveimur vögnum aftan í kassabíl, eða með vagni aftan í tengivagni. Þannig er hægt að bæta allt að 20 brettaplássum við í hverri ferð. Eitthvað fyrir okkur?

## IAA Nutzfahrzeugmesse




# Stjörnur úti, stjörnur inni

Starliner-inn frá Neoplan/MAN er ekki af þessum heimi í samanburði við aðrar rútur. Að utan sem og innan. Að standa undir glerinu fremst er upplifun sem hvorki verður lýst með orðum né ljósmyndum. En dýrt er það Drottinn minn.










# Í jeppaleik með 15 tonn

Þetta er 8x8 trukkur eins og Kamazinn, nema þessi er á Rússadekkjum, restin er MAN. Þetta er leikfang keppanda í Truck Trial, torfærukeppnisseríu sem nær frá Spáni og Rúmeníu til Belgíu og Svíþjóðar. Ferlega skemmtilegt dæmi þar sem hriiikalegar her-Tötrur eru kóngarnir. MAN og Mercedes finnst það vera þeirra hlutverki og setja pínu pening í nokkur smá keppnislið með ósmáa bíla.








# Glussi sparar festur

TGA MAN-inn fæst nú með glussasnúnum framhjólum. Ekki ný hugmynd, en hér er stór verksmiðja í fyrsta sinn búin að vinna alla heimavinnuna og setur MAN HydroDrive á markað án takmarkana. Aukaþyngdin er um 300 kíló, og fer í drifskaftstengda, 420 vara dælu, kæli, tank, ventlabox og svo auðvitað hjóldælurnar. Ekkert annað breytist, hæðin sú sama, plássið sú sama, útlitið eins. Hér er verið að svara óskum um búnað sem reddar annars venjulegum malbiksbílum úr klípu ef þarf, án þess að dröslast með syngjandi millikassa, klettþunga framhásingu og annað sem fylgir hefbundnu aldrifi. Til að nota kerfið ýtir bilstjórinn á rofa, dælan tengist, málin reddast, og þegar 30 km hraða er náð aftengist búnaðurinn sjálfkrafa.



Hydradrive-kerfið lætur ekki mikið yfir sér. Þetta er það eina sem sést utan frá.




## IAA Nutzfahrzeugmesse



# Tyrkirnir koma

Tyrkir voru gríðarlega áberandi á IAA. Atvinnubílaiðnaður þar er gamalgróinn en nálgast hægt og hljótt vestræna staðla. Mercedes-Benz hefur jú selt tyrkneskar rútur lengi undir eigin nafni, en viss-uð þið um BMC til dæmis? Pininfarina hannaði fyrir þá þetta skolli flotta hús fyrir alllöngu, og er einnig skrifaður fyrir snotrum sendibíl. Bara tímaspursmál spái ég hvenær þeir verða Íslandsvinir.


Gæði á góðu verði Daewoo lyftarar



Partur-Spyrnan-Lyftarar • Eldshöfða 10 • 110 Reykjavík • Sími: 585-2500 • Fax: 567-9557

Skráðu þig núna!

Viltu auka möguleikana?

Námskeið til aukinna ökuréttinda

Næstu námskeið

Suðurnes - 16. október
Reykjavík - 25. október

▶ Nýjung! Bjóðum nú einnig upp á 14-16 daga dagnámskeið.

Lækkað verð!

Ath! Nú greiða verkalýðsfélög allt að 40.000 kr. af námskeiði.

Skráning í 581 2780, 692 4124 og 822 2908

ÖKUSKÓLI S.G.
SÍMI 581 2780
AUKIN ÖKURÉTTINDI
LEIGUBIFREIÐ · VÖRUBIFREIÐ · HÓPBIFREIÐ

allt atvinna
Alla sunnudaga

Höfum til afhendingar strax



BluCamp Sky 20

Nýir 2007. Ford 2,2 Lt 130 hestöfl - Commandrail diesel, ABS- EBD Aksturstalva - Útihitamælir - Leður stýri - Armpúðar á sætum. Loftkæling-2 öryggispúðar - Útvarp - Geislaspilari með fjarstýringu. Rafm. í rúðum - Gírskipting í mælaborði - Þjófavörn með fjarstýringu. Lengd 6,37 - Svefnpláss fyrir fjóra - Tvíbreitt rúm aftur í. Þriggja punkta öryggisbelti fyrir fjóra - Stór dekk 215/75 R16".
**Verð 5.200.000 kr. með vsk. skráður og skoðaður.**



Mercedes Bens 2650

**Nýr Mercedes Bens 2650** - Tveggja drifa - Kojuhús með háum toppi og spoilerum Sjálfskiptur - Loftpúðarfjöðrun að aftan - Sturtukerfi - Nádrif - Retarder og fleira.
**Verð kr. 9.400.000 + vsk. - Skráður og skoðaður.**



MAN 26.430

**Man 26.430**. fyrst skráður Desember 2005. Tveggjadrifa dráttarbíll á lofti að aftan með sturtudælu. Nádrif - XL Hús með einni koju - Sólskyggni - Kælibox - Símkerfi - Útvarp og geislaspilari - Rafm. í rúðum og speglum - loftkæling. Ekinn aðeins 48,000 km.
**Verð 7.250.000 + vsk. skráður og skoðaður.**

Bílexport á Íslandi ehf.

Bóas sími 0049-175-271-1783 • Eðvald sími 896-6456 • www.bilexport.dk boas@bilexport.dk

www.volkswagen.is




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 4068

Caddy
Verð frá 1.760.000 kr.
eða 28.300 kr. á mánuði*

Transporter
Verð frá 2.520.000 kr.
eða 40.973 kr. á mánuði*

Transporter Pickup
Verð frá 2.625.000 kr.
eða 42.677 kr. á mánuði*

*M.v. Bílasamning SP til 60 mánaða og 20% útborgun

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

SCHMIDT

Snjóblásarar
allar stærðir



AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3
Garðabæ
Sími 480 0000

SCHMIDT

Saltdreifarar
Nido Stratos



AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3
Garðabæ
Sími 480 0000



Ekki meðfylgjandi í grunngerð VW. Transporter er einn Herlegur Davíðsson aftur í, málaður í sjatteringu við lakkið á Voffanum. Sérpöntun, sagði söludaman krossleggjuð, og brosti...



Atacama. Aðalnúmerið á VW-standinum. Bondgellan. Undir öllu sminkinu er þetta nýi VW Crafter-sendibíllinn, með framdrif frá Achleitner í Austurríki. Bara sýningarbíll að vísu. Alveg eins og Bondgellurnar.

# VW: Nýjungar frá nýja heiminum

Wolfsburg, kjarnaverksmiðja VW-merkisins, er nánast úthverfi Hannover, og IAA því heimavöllur VW. Minna mátti nú sjá. VAG-samsteypan því næst teppalagði heilt hverfi á sýningunni með öllu sem til er undir VW-atvinnubílasólinni.

Wolfsburg, kjarnaverksmiðja VW-merkisins, er nánast úthverfi Hannover, og IAA því heimavöllur VW. Minna mátti nú sjá. VAG-samsteypan því næst teppalagði heilt hverfi á sýningunni með öllu sem til er undir VW-atvinnubílasólinni.

Helst vakti athygli þessi nýjasta útgáfa brasilísku vörubílalínunnar Constellation (allt að 18 tonna þríöxlar, Cummins-mótorar) sem líkleg er til að fara á Evrópumarkað. Þótt fáir hafi af því vitað er Volkswagen stórbokki á brasilíska þungavörubílamarkaðnum og skaffar m.a.s. undirvagna undir rútur í fullri stærð.

Kominn var tími á endurnýjun línunnar, og þótt ekkert hafi verið gefið upp um það hvísluðu vanir atvinnubílablaðamenn því að VW hefði gefið upp á bátinn kaup á þungabílaframleiðanda (Scania kom til greina, MAN jafnvel), og ætlaði sér hreinlega að byggja upp eigin línu í beinni samkeppni við þá sem fyrir eru á markaðnum.- *aa*



Helst vakti athygli þessi nýjasta útgáfa brasilísku vörubílalínunnar Constellation (allt að 18 tonna þríöxlar, Cummins-mótorar) sem líkleg er til að fara á Evrópumarkað.

*Ert þú leið(ur) á að skipta um perur?*

**DÍÓÐULJÓSIN FRÁ OKKUR ERU:**



ORKUSPARANDI
ÓBRJÓTANDI
10.000 KLST. ÁBYRGÐ
PASSA FYRIR ALLAR
GERÐIR VÖRU- OG
FLUTNINGABÍLA





**TRUCK - LITE**
**Ljósasamlokurnar frá okkur eru:**
ÓBRJÓTANDI
HÖGGÞOLNAR
ENDAST OG ENDAST



et EHF VERSLUN
Klettagarðar 11, 104 Reykjavík
Sími 568 1580 • Fax 568 0844

*Ljósin frá okkur geta lýst leið þína lengi lengi ...*



## Strætóvoffar

VINSÆLT Í EVRÓPU

VW Transporter framdrifsnef á smástrætó. Það er jú ekki alltaf þörf á tólf tonnum til að flytja nokkrar hræður innanbæjar.

Loftfjöðrun hringinn leggur vagninn á jörðuna ef með þarf, lyftir yfir hraðahindranir ef þarf.





## Forn-Ikarus

Svo það voru Þjóðverjar sem fundu upp rassmótorrútuna? Hvað með þessa ungversku hér frá rétt eftir 1950? Minnir mann á J-Lo.



Útsýnið er afbragð, mannlegur stjóri er ekki nauðsynlegur en gert er ráð fyrir honum þó, framan við farþegarýmið.

## Framtíðar-Phileas

Og að framtíðinni, því hún er hér. Phileas er nafn á verkefni sem miðar að lausn á vanda almenningssamgangna í evrópskum borgum með samþættingu vélbúnaðar, hugbúnaðar og umhverfisvænnar tækni. Þessi háþróaði vagn er í prófunarferli eins og stendur, en skilar sér á göturnar innan tíðar. Engin mengun, tíðar ferðir lagaðar að eftirspurn, sveigjanleiki (í bókstaflegri merkingu þegar komnir eru tveir liðir á vagninn), og er samstarfið leitt af Niðurlendingum. Tækið er á gúmmíhjólum en stýrist frekar eins og lest. Sameinar kosti beggja.



Vélbúnaðurinn er allur aftur í.


RAFTÆKNIVÖRUR
• Töfluskápar úr stáli, ryðfríu stáli og plasti
• Tengibox
• Fylgihlutir fyrir töflur
• Aflrofar
• Hraðabreytar
• Sjálfvör
• Mjúkræsar
• Fylgihlutir
Telemecanique
Merlin Gerin
FÁLKINN
Stofnað 1904
Þekking Reynsla Þjónusta
Suðurlandsbraut 8 • 108 Reykjavík • Sími 540 7000 • www.falkinn.is

Réttu vélarnar í verkið!



Áratuga frábær reynsla af NEW HOLLAND vinnuvélunum á Íslandi eru bestu meðmælin!

NEW HOLLAND







Eigum fyrirliggjandi úrval af stórvirkum vinnuvélum
sem og fjölvirkum smávélum - Veldu vél sem hentar þínu verki!

Langendorf
Malarvagnar



STURLAUGUR & CO
Fiskislóð 14
101 Reykjavík
Sími. 551 4680
www.sturlaugur.is

KORTER.IS

allt hús
Alla mánudaga

O&K
Þjónusta
Þjónustuaðili:
Langendorf Fiat MSB New Holland NPK
Daewoo IR Montabert DEUTZ Kobelco
VélRás ehf.
Sérhæfð þjónusta við rafkerfi og glussakerfi
RAUÐHELLA 16 · 220 HAFNARFIRÐI · SÍMI 555 6670 · FAX 555 6671 · velras@velras.is
Slöngur og fittings á lager.
Smurþjónusta fyrir stóra bíla og vinnuvélar.
Setjum á og útvegum yfirbreiðslur á vagna.




VÉLFANG VERKIN TALA

Gylfaflöt 32 • 112 Reykajavík • Sími 580 8200 • Fax 580 8210 • velfang@velfang.is


# Gott útsýni úr stjórnhúsinu

Liebherr vinnuvélaframleiðandinn setur í þessum mánuði á markað nýja beltagröfu, Liebherr R 313 Litronic. Grafan er um 14 tonn að þyngd og vélin er 102 hestöfl. Þá verður hægt að kaupa nokkrar breiddir af beltum, þar á meðal gúmmíbelti undir gröfuna. Keyrsludrif vélarinnar er tveggja stiga með miklum togkrafti sem gerir vélina mjög öfluga í keyrslu. Hún kemst því auðveldlega upp brekkur og er hraðskreið í akstri á jafnsléttu. Þá er stjórnhúsið rúmgott og þaðan er gott útsýni.



Vinnuvélaframleiðandinn Liebherr setur í þessum mánuði á markað nýja beltagröfu, Liebherr R 313 Litronic.



Beltaskófla-Caterpillar D4 DD, árgerð 1945.


60% MARKAÐSHLUTDEILD Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2004

MANITOU skotbómulyftarar - Þarfur þjónn, sem uppfyllir ströngustu gæði og væntingar þeirra kröfuhörðustu.

HANN ER GRIMMUR!

MANITOU MLT 634 TURBO INTERCOOLER

SKOTBÓMULYFTARI

**Fjórhjóladrifinn**
**Fjórhjólastýrður**
**Lyftigeta:** 3.400 KG
**Lyftihæð:** 6.050 MM
**Gafflar:** 1.200 MM
**Vél:** Perkins Turbo intercooler, 123 HÖ
**LOAD SENSING!!** Samtímis glussahreyfingar án aukins snúningshraða vélar.




- VIÐURKENND VARAHLUTAÞJÓNUSTA í 44 ár
- Útvegum notaða skotbómulyftara
- Úrval notaðra lyftara á lager

MANITOU

PON

PON PÉTUR O. NIKULÁSSON ehf.
Melabraut 23 • 220 Hafnarfjörður
Símar 552 2650 & 552 0110 • FAX: 552 1588 • e-maiL: pon@pon.is


# Fornfrægar minjar í Skógum

Um árin hafa hin ýmsu tól og tæki verið notuð til samgöngubóta og vegagerðar hér á landi. Vegagerðin hefur um nokkurt skeið haldið upp á gamlar vinnuvélar og gert þær upp.

Í Skógum undir Eyjafjöllum er starfrækt Vegminjasafn Vegagerðarinnar. Upphaf safnsins má rekja til ársins 1950 er starfsmenn Vegagerðarinnar hófu söfnun gamalla muna er tengdust á einhvern hátt starfsemi Vegagerðarinnar. Það var ekki fyrr en árið 1989 að Vegagerðin tók við umsjón safnsins og minjavörður var ráðinn til starfa. Að sögn Jakobs Hálfdánarsonar, núverandi minjavarðar, sem tók við starfi árið 1997, er markmiðið með Vegminjasafninu að standa vörð um þær minjar sem tilheyra vegagerð fyrri tíma og varpað geta ljósi á þátt þeirra í menningar og samgöngusögu þjóðarinnar.

Í fyrstu var safnið til húsa í höfuðstöðvum Vegagerðarinnar að Borgartúni 7 í Reykjavík. Fljótlega þótti þó ljóst að ekki væri pláss fyrir starfsemina í höfuðborginni og árið 1999 voru flestir gripa safnsins fluttir í Hvolsvöll. Þar voru þeir munir, sem voru uppgerðir og sýningarhæfir, geymdir í aflögðu áhaldahúsi þar sem almenningi gafst kostur á að skoða þá.

Ljóst varð þó að þessi húsakostur safnsins var ekki fullnægjandi og því var ákveðið að flytja safnið austur undir Eyjafjöll. Samdi Vegagerðin við Samgöngusafnið á Skógum um varðveislu safngripa og sýninga á minjum. Var safnið flutt þangað árið 2002 í glæsilegan sýningarsal sem er um 1100 fermetrar að stærð. 20. júlí 2002 var safnið formlega opnað af Sturlu Böðvarsyni samgönguráðherra.

Safnið hefur vaxið jafnt og þétt með árunum og eru fleiri gömul tæki í eigu Vegagerðarinnar sem nú bíða endurbóta. Að sögn Jakobs vinna starfsmenn á verkstæðum Vegagerðarinnar sjálfir að viðgerðum þessara fornfrægu minja þegar þeir eru ekki að sinna meiri aðkallandi verkefnum. Af þeim fjölmörgu gripum sem tilheyra safninu má nefna hestaveghefil frá árinu 1920, Caterpillar-beltaskóflu frá árinu 1945 og Priestmann-skurðgröfu frá sama ári.

Safnið á Skógum er opið almenningi á sumrin og geta hópar fengið aðgang að safninu á veturna.



Skurðgrafa-Priestman, árgerð 1945.



Bubbi byggir á talandi vinnuvélar sem hreyfa sig sjálfar.

# Bubbi byggir upp unga kynslóð

## Börn sem halda upp á Bubba eiga án efa eftir að verða framtíðarvinnuvélakynslóð þessa lands.

Bubbi byggir hefur farið sigurför um heiminn allt frá því hann kom fram á sjónarsviðið á BBC í apríl 1999. Bubbi er verktaki og býr á byggingarsvæði ásamt vinnuvélunum Skóflu skurðgröfu, Moku jarðýtu, Hringlu steypuhrærivél, Lofta krana og Valta valtara. Þar starfa líka skrifstofumaðurinn Selma og kötturinn Snotra. Það vekur athygli að vélarnar tala en ekki dýrin.

Bubbi og vélarnar vinna saman í sátt og samlyndi og hefur hver vinnuvél sinn persónuleika sem tengist gerð þeirra og eðli; skurðgrafan er framtakssöm, kraninn utan við sig, valtarinn traustur og áreiðanlegur og steypuhrærivélin kát og klappar stundum saman framhjólunum af æsingi. Leiðarstef í þættinum er alltaf spurningin „Tekst þeim það?“ og þeim tekst það alltaf með góðri samvinnu og framtakssemi.

Þættirnir um Bubba eiga sannarlega eftir að hjálpa litlum sálum að finna köllun sína í lífinu enda er fátt svalara en að keyra um á stóru tryllitæki og moka sandi.







PUMPEX dælur



PUMPEX A.Wendel



NISSEN
umferðastjórnbúnaður



nissen A.Wendel




Það opnar ýmsar dyr að hafa vinnuvélaréttindi.

# Gefur réttindi til prófs

## Öku- og vinnuvélaskólinn býður upp á vinnuvélanám.

Öku- og vinnuvélaskólinn ehf. var stofnaður árið 2003 og býður upp á öll öku- og vinnuvélaréttindi ásamt vistakstri, bifhjólanámi og fleiru.

Kennarar skólans eru allir miklir reynsluboltar sem skilar sér vel til nemandans.

Hjá skólanum er boðið upp á ýtarlegt vinnuvélanám. Nú á dögum vaxandi þenslu í byggingariðnaði og jarðvinnu með tilkomu virkjana og jarðgangna út um allar trissur er farið að bera á skorti á vélamönnum, jafnt á höfuðborgarsvæðinu sem um land allt.

Vinnuvélanámskeið hjá Öku- og vinnuvélaskólanum gefur réttindi til prófs á allar gerðir vinnuvéla, samanber reglugerð Vinnueftirlits ríkisins.

Inntökuskilyrði í námið eru þau að viðkomandi verður að vera 16 ára eða eldri fyrir bóklegt nám og hafa ökuréttindi á bifreið fyrir verklegt nám.

Eingöngu er kennt um helgar en hvert námskeið stendur yfir í þrjár helgar. Hver helgi er sjálfstæð eining þar sem farið verður yfir 1., 2. og 3. stig. Því er hægt að dreifa námskeiðinu á eins langan tíma og nemandanum hentar. Námið fer þannig fram að kennt er á föstudagskvöldum frá klukkan sex síðdegis til rúmlega ellefu. Laugardaga og sunnudaga stendur skólinn yfir frá 9.00 til 17.00.

Á heimasíðu Öku- og vinnuvélaskólans kemur fram að námskeiðið kostar 44.900 krónur en bækur eru lánaðar meðan á námskeiði stendur. Mörg stéttarfélög styðja sína félagsmenn í námskeiðið.

Verkleg próf á vinnuvélar fara fram hvar sem er á landinu og eftirlitsmenn frá Vinnueftirliti ríkisins annast framkvæmd þess. Réttindaflokkarnir eru nokkrir og hver þeirra kostar kr. 2.365 og skírteinið sjálft kostar kr. 3.220. Dæmi: Próf á ýtu, gröfu og hjólaskóflu kostar þá 10.315 kr. og er þá skírteinið innifalið. Það greiðist hjá Vinnueftirliti ríkisins þegar skírteinið er afhent. Rétturinn til próftöku fyrnist ekki og hægt er að draga þetta eins lengi og þörf er á, og einnig er hægt að bæta í skírteinið síðar meir eftir þörfum. Best er þó að gera þetta eins fljótt að aðstæður framast leyfa.

*Nánari upplýsingar á www.ovs.is*


TR TRUKKURINN

Trukkurinn ávallt traustur








Sérhæfum okkur í eftirfarandi:
Innflutningi á AB flutningakössum, kælivélum og lyftum frá Syvsten Køle Service í Danmörku. Viðgerðir á flutningabílum, kössum, kælivélum, vinnuvélum, krönum og bátavélum.
Trukkurinn þjónustar Scania umboðið Heklu hf á norðurlandi.
Trukkurinn þjónustar Mercedes-Benz á norðurlandi.
Trukkurinn þjónustar Kraftvélar á norðurlandi.
Trukkurinn þjónustar Sturlaug & co á norðurlandi.
Trukkurinn er til taks allan sólarhringinn.

Trukkurinn hefur það að leiðarljósi að veita fljóta og góða þjónustu.

Carrier CAT HIAB Load Master vejesystemer SCANIA THERMO KING

Trukkurinn ehf. Hjalteyrargötu 8. Akureyri.
Sími 460 7700 Fax 460 7709
Neyðarsímar Trukksins 893-2459 & 898-2459
www.trukkurinn.is e-mail trukkurinn@trukkurinn.is

Trukkurinn



SKF
Kúlulegur
Keflalegur
Veltilegur
Rúllulegur
Flangslegur
Búkkalegur
LANDVÉLAR
Smiðjuvegi 66 - 200 Kópavogi S. 580 5800
VIT
S: 555 6006 • www.skf.is
Melabraut 23 • 220 Hafnarfjörður
STRAUMRÁS
Furuvellir - 600 Akureyri - S. 461 2288
http://www.landvelar.is - landvelar@landvelar.is - straumras@straumras.is




INTERPUMP
HÁÞRÝSTIÞVOTTADÆLUR
INTERPUMP GROUP
· Fyrir fagmanninn og í bílskúrinn
· 90 - 500 bar, 7 - 35 l/mín
· Ein fasa og þriggja fasa
· Sjóþolnar og glussadrifnar
· Bensín drifnar
· Háþrýstislöngur og fittings
· Spíssar og framlengingar
· Hvirfilspíssar (túrbó)
TX
TSX
Blue Time
LANDVÉLAR
Smiðjuvegi 66 - 200 Kópavogi
S: 580 5800
STRAUMRÁS
Furuvellir - 600 Akureyri - S. 461 2288
http://www.landvelar.is - landvelar@landvelar.is - straumras@straumras.is

# Frægðarstjarna vinnuvélanna

Vinnuvélar eru flottar. Þær eru öflugar og töff og maðurinn undir stýri hefur gjörsamlega heiminn á valdi sínu þá stund sem hann stjórnar tækinu upp og niður, til hægri og vinstri. Vinnuvélar koma líka vel út í kvikmyndum, sérstaklega þegar um hasarmyndir er að ræða, háa tónlist og bandbrjálað illmenni. Ef það er töff í Hollywood þá er það töff alls staðar.



Í Die Hard III leikur Jeremy Irons illmennið og hryðjuverkamanninn Simon Gruber sem hinn geðþekki John McClane, leikinn af Bruce Willis, þarf að berjast við. Í aðalráninu í myndinni er notast við ansi marga og stóra vörubíla sem magna upp illskuna í Simon og félögum.



Einn frægasti valtari í bíómynd er í A Fish Called Wanda þegar Ken, leikinn af Michael Palin, valtar yfir Otto, leikinn af Kevin Kline. Ástæðan er einföld – Kevin gleypti fræga fiskinn hans Kens og drap þar af leiðandi fiskinn og þurfti Otto að gjalda fyrir ódæðið. Ekki beint mikið hasaratriði en fyndið er það og því geta vinnuvélar alveg verið fyndnar líka.



Og þegar talað er um vörubíla þá má ekki gleyma Terminator-myndunum, hvort sem það er I, II, III. Í hverri einustu mynd er að finna einhvern rosalegan trukk sem þjónar alltaf sínum tilgangi, að drepa vélmenni eða bjarga fólki. Þannig að trukkar eru ekki alslæmir heldur geta bjargað ýmsu á ögurstundu.



Í kvikmyndinni Aliens er að finna ansi nútímalega vinnuvél. Ellen Ripley, leikin af Sigourney Weaver, fer inn í tryllitækið sem býr yfir fjórum örmum eins og mannvera. Ripley nær að stjórna örmunum af mikilli list og berst hatrammri baráttu við geimveruna sem virðist elta hana þangað til hún deyr. Já, það er aldeilis gott að hafa vinnuvélapróf.



„Cop Killers", eða löggumorðingjar, heita kúlurnar sem vondi karlinn Jack Travis, leikinn af Stuart Wilson, notar til að drepa löggur í myndinni Lethal Weapon III. Hann er sjálfur spillt lögga en þessar löggukúlur hafa þann eiginleika að komast í gegnum skotheld vesti. Í einu atriða myndarinnar mætir Travis löggunum tveimur Riggs og Murtaugh, Mel Gibson og Danny Glover, og ætlar að drepa þá með beltagröfu og stórri skóflu. En það sem Travis veit ekki er að löggurnar hafa reddað sér „Cop Killers" kúlunum og ná að sjá við illmenninu. Og réttlætið sigrar enn á ný.



Það má ekki alveg gleyma fyndnu vinnuvélaatriðunum en þau eru ógleymanleg í Austin Powers: The Spy Who Shagged Me. Austin sjálfur, leikinn af Mike Myers, byrjar á því að valta yfir öryggisvörð, mjög hægt, vægast sagt. Síðan festir hann sig karlinn, og reynir að bakka út úr þröngum aðstæðum sem gengur ekki sem skyldi.



Í kvikmyndinni Convoy er fylgst með eins konar uppreisn trukkanna. Rubber Duck, leikinn af Kris Kristofferson, leiðir þessa uppreisn þar sem vörubílstjórar í Bandaríkjunum mynda langa röð af trukkum til að hefna sín á ansi óliðlegum lögregluforingja. Myndin er byggð á samnefndu kántrílagi eftir C.W. McCall. Kannski var hann mikill trukkamaður?


NÝR
STÁLSÉRFRÆÐINGUR

Létt ferða-MIG-vél fyrir atvinnumanninn og þig.
Bara stilla efnisþykkt í millimetrum og taka í gikkinn,
- vélin sér um restina.

Fyrir ál og stál
Fyrir ryðfría og
fluxfyllta víra 0,6 -1,0mm
Fyrir 230V og rafstöðvar
Þyngd aðeins 9,4 og 9,8 kíló




100 METRA framlengingarsnúrur eru EKKERT MÁL

STOFNAÐ ÁRIÐ 1978
ístækni ehf.
VÉLAR - TÆKI - VERKFÆRI

Arc Under Control
100% KEMPPI

Nethyl 2 Sími: 510 9100
Fax: 510 9109 www.istaekni.is

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

allt heimili
Alla fimmtudaga

Stilling
- betri en bestir
Bílavarahlutir

KÖNIG

# Keðjur fyrir trukka

- Betra grip í snjó og ís
- Hafa miklu betra hliðargrip í beygjum
- Eru mun þægilegri í akstri
- Þær trufla hvorki ABS né Anti spin kerfin
- Endast lengur vegna þess að það er minna álag á hliðarkeðjum. Álagið dreifist á fleiri festingar á langböndum
- Hægt er að snúa keðjunum við án þess að skemma dekkin.



**Allt að 40% meiri ending**

Stilling
Bílavarahlutir

AÐALNÚMER · SÍMI 520 8000
SKEIFUNNI 11 RVÍK. · SÍMI 520 8001
DRAUPNISGATA 1 AK · SÍMI 520 8002
DALSHRAUNI 13 HFN. · SÍMI 520 8003
SMIÐJUVEGI 68 KÓP. · SÍMI 520 8004
BÍLDSHÖFÐA 12 RVÍK. · SÍMI 520 8005
EYRARVEGI 29 SELF. · SÍMI 520 8006
www.stilling.is


Úrval vinnuvéla
flestar gerðir til afgreiðslu strax
Yuchai YC18
Yuchai YC55
Venieri VF-1.33B
Venieri VF-10.33B
Yuchai YC85
Yuchai YC135
Venieri VF-763B
Venieri VF-963
YUCHAI
Venieri
Hyster - S1.0
staflari
Hyster - R1.4
hyllu-lyftari
Hydrema M1400C
Hydrema 912C
Hyster J2.50
rafmagns-lyftari
Hyster 2.5FT
dísel-lyftari
Hydrema 926C/928C
HYSTER
HYDREMA
Gæði á góðu verði
VÉLAR & ÞJÓNUSTA
Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is
Höldur á Akureyri er söluaðili fyrir V&Þ á Norðurlandi

**Vantar vaktstjóra**
**Prikið vantar vaktstjóra fyrir veturinn. Ráðið verður sem fyrst. Aðeins fólk með reynslu kemur til greina. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Upplýsingar gefur Gugga á staðnum milli kl. 11 - 18 eða í s. 662 8474.**

BERNHÖFTSBAKARÍ STOFNAÐ 1834

**Bernhöfts bakarí óskar eftir starfsfólki í fullt starf til afgreiðslustarfa, einnig vantar fólk í hlutastarf. Eldri starfskraftar sérstaklega velkomnir. Góð laun í boði fyrir gott fólk. Uppl. veitir Sigurður í síma 898 0550.**

**Mest**
Umboðsaðili Liebherr á Íslandi óskar eftir starfsmanni í kranaþjónustu fyrirtækisins. Starfið felst í viðhaldi og reisingu á byggingarkrönum. Uppl. gefur Hallgrímur í s. 825 0772.

Aukavinna. Þarf 2 duglega, laghenta menn í að hreinsa, sparsla og mála neðri hæð. S. 690 4923.

**Nagla-og förðunarfr.**
S. Gunnbjörnsson ehf. snyrtivöruheildversl-un óskar eftir starfskrafti við sölustörf. Vinnutími frá kl. 13-18. Við leitum eftir einstaklingi með lipra þjónustulund, gott viðmót og jákvæðni. Ert þú tilbúinn að takast á við nýtt og spennandi starf? Ath. reykl. vinnustaður. Uppl. gefur Berglind í s. 845 6821.

**Ritfanga- og leikfanga-verslun**
óskar eftir starfsfólki í fullt starf. Umsóknir sendist á smaar@frett.is merktar „Blýantur".

**Starf í heimaþjónustu**
Óskum eftir að ráða starfsmann í heimaþjónustu hjá Seltjarnarnesbæ. Fullt starf eða hlutastörf í boði með sveigjanlegum vinnutíma. Gefandi og fjölbreytt starf. Nánari upplýsingar hjá Þóru eða Snorra í síma 595 9130 eða 897 2079.

## Atvinna óskast

38 ára kona óskar eftir starfi fyrir hádegi, er með stúdentspróf og söngkennaranemi. Góð ensku og ítölsku kunnátta. Uppl. í s. 699 4686.

## Viðskiptatækifæri

Stafrænar myndir, spennandi möguleiki fyrir jákvætt og duglegt fólk, vefmyndir.ws

## TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

**Herbergi til leigu**
**Herbergi til leigu í Kærleikssetrinu fyrir miðla, stjörnuspekinga og óhefðbundnar lækningar. Upplýsingar í s. 567 5088.**

## Ýmislegt

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

Meistaradeildin Meistaradeildin á Badabing Flatahrauni Hafnarfirði.

Kjúklingur í ostrusósu, kjúklingur í ostrusósu Badabing Flatahrauni Hafnarfirði.

Potturinn og Pannan, súpa og salatbar, Brautarholti 22

Tökum við hópum allt að tvöhundruð manns, veitingahúsið Salthúsið, Grindavík.

## Einkamál













Ný kvöldsaga fyrir karlmenn - Ung kona leikur sér „mjög innilega" í mjög hressandi upptöku. Þú hlustar í síma 905 2002 (símatorg, kr. 99,90 mín) og 535 9920 (Visa, Mastercard, ódýrara, aðeins kr. 19,90 mín.), upptökunr. 8391.

**Símaspjall 908 6666.**
Við erum við allan sólahringinn. Lilja og Birta vilja vera vinkonur þínar.

Ríflega fertugur myndarlegur karlmaður vill kynnast eldri karlmanni. Auglýsingu hans má heyra hjá Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (Visa, Mastercard), kr. 199,90 mín, augl. nr. 8215.

31 árs kona vill kynnast karlmanni með tilbreytingu í huga. Auglýsingu hennar má heyra hjá Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (Visa, Mastercard), kr. 199,90 mín, augl.nr. 8876.

Ný frásögn fyrir karlmenn: Ung kona segir frá sumarbústaðarferð sl. helgar! Þú heyrir upptökuna hjá sögum Rauða Torgsins í síma 905-2002 (símatorg, kr. 99,90 mín) og 535-9930 (Visa, Mastercard, ódýrara kr. 19,90 mín), sögunr. 8432.

Konur! Á hverjum degi leggja karlmenn sem leita kynna við konur inn nýjar og spennandi auglýsingar. Nýttu þér gjaldfrjálsa þjónustu Rauða Torgsins, Stefnumót daglega í síma 555-4321.

Chihuahua tík til sölu, 4ra mán. síðhærð. Hreinr. m/ættb+heilsub. V. 120 þ. S. 659 5415.

Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Hafðu samband í síma 869 6914.

## ATVINNA



**Skemmtileg vinna!**
**Okkur vantar góða skemmtilega starfsmenn! Fólk til að tala í síma og veita frábæra þjónustu!**

**Fyrirtæki og stofnanir láta okkur sjá um símsvörun og úthringingar til að hagræða og auka þjónustu.**

SKÚLASON
Skúlason símaver ehf - Sími 575 1500 - www.skulason.is

# Vinna með námi hjá Hive

**Hive vantar gott fólk í úthringiver sitt.**

Við erum að hringja milli kl.18:00 og 22:00 og starfsmenn vinna að meðaltali 2-4 daga í viku. Þetta er tilvalin vinna með námi og eru meðaltekjur sölumanna um 12.000 kr. á kvöldi eða um 3.000 kr. á tímann.

Áhugasamir sendi póst með helstu upplýsingum um sig á soluver@hive.is eða hringi í Elmar í síma 697-8166.

Hive

## TILKYNNINGAR




ORKUÞING 2006

*Þingið er öllum opið og fer skráning fram á heimasíðu Samorku: www.samorka.is*

*Skráningargjald er kr. 10.000.- Námsmenn fá sérstakan afslátt og eru hvattir til þátttöku.*

*Upplýsingar um dagskrá er á heimasíðu Samorku www.samorka.is*

*Samhliða þinginu fer fram sýning á „vistvænum" bílum við hótelið.*

**Árið 2006 er orkuþings ár**

Orkuþing hafa verið haldin á 10 ára fresti, það fyrsta árið 1981, þá 1991 og 2001.

Nú hefur verið ákveðið að halda slík þing á fimm ára fresti, því er árið í ár orkuþingsár. Þingið verður á Grand-Hótel Reykjavík dagana 12.-13. október n.k.

Fjölmargir aðilar sem tengjast orkumálum standa að þinginu. Samorka, sem eru samtök orkufyrirtækja og vatnsveitna, sér um framkvæmd þess.

Á orkuþingi verður fjallað um alla helstu þætti orkubúskapar Íslendinga. Sérstök áhersla er lögð á menntunarmöguleika innan orkuiðnaðarins.

Um er að ræða ráðstefnu sem tekur á stöðu orkumála í nútíð og framtíð, nýtingu hennar í daglegu lífi okkar, bæði hvað varðar heimili, atvinnulíf og samgöngur. Skyggnst verður til framtíðar og nýting á náttúruauðlindunum tekin fyrir ásamt umgengni við náttúruna. Áhersla verður á rannsóknir og hverskonar nýjungar á orkusviðinu.

*Einkunnarorð þingsins eru:*

***Orkan og samfélagið – vistvæn lífsgæði***

***Vísað er til þess að orkunýting landsmanna er ein mikilvægasta undirstaða okkar nútíma samfélags, þar sem byggt er á vistvænum orkugjöfum og stefnt að sjálfbærri nýtingu.***

Það eru **Samorka, iðnaðarráðuneytið og Orkustofnun** sem standa fyrir Orkuþingi 2006, ásamt eftirtöldum aðilum:

Háskóli Íslands – Verkfræðideild
Samtök iðnaðarins
Háskólinn í Reykjavík – Tækniháskóli Íslands
Olíufélagið ehf ESSO
Iðntæknistofnun

Umhverfisráðuneytið
ÍSOR
Samgönguráðuneytið
Kennaraháskóli Íslands
Landvernd

Jarðhitafélag Íslands
Neytendasamtökin
Íslensk NýOrka
Rannís – Rannsóknamiðstöð Íslands
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins

Samband íslenskra sveitarfélaga
Háskólinn á Akureyri auðlindadeild
Samtök atvinnulífsins
LÍÚ

## TILKYNNINGAR

LÝÐHEILSUSTÖÐ

HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

## Hreyfing fyrir alla - tilraunaverkefni

Árið 2007 munu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, Lýðheilsustöð og Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands, standa fyrir tilraunaverkefninu Hreyfing fyrir alla í samstarfi við viðeigandi aðila á tilteknum svæðum.

Markmið verkefnisins er að fjölga tilboðum á skipulagðri hreyfingu fyrir fullorðna og eldra fólk. Ætlunin er að höfða til mismunandi hópa sem stunda ekki reglulega hreyfingu. Hugmyndin er að styrkja starf þjálfara sem hefðu það meginhlutverk að sinna áðurnefndum hópum.

Hér með er óskað eftir umsóknum frá áhugasömum sveitarfélögum og/eða íþróttabandalögum, héraðssamböndum og íþróttafélögum um þátttöku í verkefninu.

**Eftirfarandi viðmið verða höfð að leiðarljósi við val á tilraunasvæðum:**

- Sveitarfélag er tilbúið að taka þátt í kostnaði vegna þjálfara og aðstöðu.
- Sveitarfélag, heilsugæsla og íþróttahreyfingin á viðkomandi svæði eru tilbúin til að starfa saman að framgangi verkefnisins (ásamt fleiri hagsmunaaðilum eftir því sem við á).
- Fram komi raunhæfar hugmyndir um fyrirkomulag verkefnisins á viðkomandi svæði s.s. hvaða þjónustu væri æskilegt að bjóða upp á og fyrir hverja, aðgengi að mannvirkjum og hugmyndir um hvernig hentugt væri að ná til markhópa.

Afar mikilvægt er að verkefnið sé viðbót við þá þjónustu sem þegar er í boði á svæðinu en skerði hana ekki.

**Umsóknarfrestur er til og með 30. október.**

Umsóknir skulu berast:
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti,
b.t. Una María Óskarsdóttir, Vegmúla 3, 150 Reykjavík.

Nánari upplýsingar veita, Gígja Gunnarsdóttir verkefnisstjóri hjá Lýðheilsustöð (gigja@lydheilsustod.is/580 0900) og Jóna Hildur Bjarnadóttir sviðsstjóri hjá ÍSÍ (jona@isisport.is/514 4000)


TAKTU NÆSTA SKREF MEÐ RE/MAX
SLÁSTU Í HÓP MEÐ ÖFLUGUSTU SÖLUFULLTRÚUM HEIMS
10 Ástæður fyrir því að fjárfesta í RE/MAX Sérleyfi
Af því það er ennþá hægt !
Hugsanlega er mesta verðgildið í RE/MAX kerfinu falið í sjálfu RE/MAX nafninu.
Fullur stuðningur í einu og öllu.
RE/MAX er viðurkennt um allan heim sem fremsta fyrirtækið í fasteignaviðskiptum.
RE/MAX notar nýjustu tækni.
RE/MAX hefur stækkað og eflst í hverjum mánuði frá því að fyrirtækið var stofnað.
RE/MAX selur sérleyfi á hverjum degi.
RE/MAX þekkir alla sína viðskiptavini.
RE/MAX fyrir alla landsmenn.
Standið ein að ykkar viðskiptum en ekki óstudd, RE/MAX er öflugur bakhjarl.
RE/MAX
ÍSLAND
remax@remax.is
Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign.
www.remax.is

# SJÓNARHORN



Lömbin eru misvæn þegar þau koma af fjalli. Er sumum þeirra hleypt í fóðurkálið til að fita þau, líkt og þessu lambi og móður þess á Jökuldal.
Fréttablaðið/GVA

## TOPP 5: KATHY BATES

Leikkonan Kathy Bates er sjálfsagt þekktust fyrir hlutverk Annie Wilkes í kvikmyndinni Misery (1990), sem byggir á samnefndri skáldsögu Stephens King, en fyrir túlkun sína á morðóðu hjúkrunarkonunni hlaut hún einróma lof. Fram að þeim tíma hafði Bates leikið töluvert bæði á sviði og í kvikmyndum og oft þurft að bíta í það súra epli að sjá á eftir hlutverkum til föngulegri (og grennri) leikkvenna. Frægt er þegar Michelle Pfeiffer hafði af henni hlutverk gengilbeinunnar ólánsömu Frankie í kvikmyndinni Frankie and Johnny (1991), en persónan, sem Bates lék í samnefndu leikriti, var upphaflega skrifuð með hana í huga. Eftir Misery vænkaðist hagurinn og þótt Bates hafi kannski ekki fengið mörg rómantísk hlutverk er flestum ljóst að þar er mikil hæfileikamanneskja á ferð.

**1. Misery (1990).** Rithöfundur lendir í bílslysi og rankar við sér hjá sálsjúkum aðdáanda. Eins og fyrr sagði uppskar Bates óskarinn og einróma lof fyrir frammistöðu sína í myndinni og ekki að ástæðulausu, því hún fer hreinlega á kostum sem kvenvargurinn Annie Wilkes.

**2. Dolores Claiborne (1995).** Blaðakona snýr á heimaslóðir þegar móðir hennar er ákærð fyrir morð. Svo hrifinn varð King af túlkun Bates í Misery að hann barðist eindregið fyrir því að hún fengi aðalhlutverkið í þessari mynd sem byggir á annarri skáldsögu hans og þurfti svo sannarlega ekki að harma ákvörðun sína.

**3. Fried Green Tomatoes (1991).** Óhamingjusöm húsmóðir finnur lífsgleðina á ný eftir að hún vingast við eldri konu. Með þessari mynd sýndi Bates að hún væri einnig liðtæk gamanleikkona, en síðan þá hefur hún leikið í ótal gamanmyndum, sbr. About Schmidt (2002) og Waterboy (1998).

**4. Primary Colors (1998).** Undirförull forsetaframbjóðandi og eiginkona hans svífast einskis til að ná kjöri. Bates stelur senunni í hlutverki áhangandi frambjóðandans í mynd sem er augljóslega hugsuð sem ádeila á forsetahjónin fyrrverandi Bill og Hillary Clinton.

**5. At Play in the Field of the Lords (1991).** Kaþólskir trúboðar lenda í hremmingum þegar þeir reyna að frelsa indíána í Suður-Ameríku. Bates tekst með hárfínni túlkun að vekja samúð með persónu sem hefði hæglega verið hægt að afskrifa sem einstrengingslega og ógeðfellda trúarofstækiskonu.









# Bílslys og afleiðingar þess

UMRÆÐAN

Afleiðing bílslysa

Undanfarnar vikur hefur mikið verið fjallað um hraðakstur og nýja hugtakið ofsaakstur hefur einnig verið nefnt.

Tuttugu manns hafa látist í umferðarslysum það sem af er árinu, jafnmargir og allt síðasta ár. Í ár er meira um ofsaakstur, kappakstur og vítavert gáleysi en áður og í fimm tilvikum notuðu ökumenn eða farþegar ekki bílbelti.

Á hverjum degi verða 13 manns að meðaltali fyrir aftanákeyrslu, og af 92 á viku slasast um 16 (Einar Guðmundsson, Sjóvá). Þetta veldur greinarhöfundi þó nokkrum áhyggjum þar sem hann starfar sem sjúkraþjálfari og meðhöndlar því daglega skjólstæðinga sem hafa lent í bílslysum.

Hvað getur gerst við árekstur? Gerum ráð fyrir að flestir séu í bílbelti, en við árekstur aftan á bíl (aftanákeyrsla) sveiflast höfuðið fram, sveifla brjóstkassans stöðvast af beltinu, gríðarleg tognun verður á aftanverðum hálsvöðvum og langlegum liðböndum í hálsi, höfuðið kippist svo afturábak og stöðvast á höfuðpúða. Aftanákeyrsla nefnist whiplash (svipuólar- eða sveifluólaráverki). Auk þess getur þessu fylgt áverki á brjóstkassa og höggið valdið heilahristing.

Á myndinni sést áverki á diskþófa sem er milli hryggjarliða. Önnur líffæri sem einnig geta orðið fyrir áverka eru m.a. vöðvar, liðbönd og taugar. Læknar og sjúkraþjálfarar eru ekki allir á sama máli um hvaða meðferð er ákjósanlegust og beri mestan árangur. Meðferð er annars vegar bráða (fyrstu vikurnar eftir slysið) og langvarandi (í marga mánuði eftir slysið). Flestir eru sammála um notkun hálskraga fyrst eftir slysið en hversu lengi (dagar/vikur) eru skiptar skoðanir um. Verkja- og bólgueyðandi töflur geta dregið úr einkennum ásamt sjúkraþjálfun, en í henni er annars vegar mjúkvefjameðferð (nudd, rafmagnsmeðferð, nálastungur) og auk þess eru æfingar gjarnan notaðar. Það er mjög misjafnt eftir einstaklingum hvaða meðferðaráætlun hentar hverjum og einum, sennilega fer það eftir því hversu mikill (slæmur) hnykkurinn var.



GUÐJÓN TRAUSTASON

Því miður ná ekki allir bata eftir hálshnykksáverka, sumir finna fyrir álagstengdum einkennum en aðrir eru nánast alltaf með verki í hálsi, finna fyrir höfuðverk, ógleði og jafnvel sjóntruflunum. Þessi einkenni geta þannig leitt til þess að viðkomandi getur ekki stundað fulla vinnu sem reynir á háls- og herðasvæði. Erfiðisvinna þarf ekki að vera sú versta heldur er skrifstofuvinna jafnvel enn verri ef hún krefst margra klukkutíma kyrrsetu fyrir framan tölvuskjá. Á síðustu árum hafa sjúkraþjálfarar getað öðlast réttindi frá Landlæknisembættinu til að stunda nálastungur sem hluta af reglubundinni meðferð. Hún hefur breytt talsverðu varðandi árangur meðferðar til hins betra.

Kostnaður samfélagsins vegna aftanákeyrslna var gríðarlegur (um 1,9 milljarðar árið 2005) en hver ákeyrsla kostaði samfélagið að meðaltali 1,3 milljónir. Meðaltalskostnaður tryggingafélaga er um 2,4 milljarðar á ári (Einar Guðmundsson, Sjóvá). Heildarkostnaður aftanákeyrsla var um 5,2 milljarðar árið 2005.

Margir leita réttar síns hjá lögfræðingum eftir umferðarslys, en bótaskylt tryggingafélag á að bæta tjónþola m.a. kostnað vegna læknisheimsókna og sjúkraþjálfunar. Bæði sá sem er í rétti og í órétti við slysið eiga bótarétt vegna líkamstjóns, en tjónvaldur



ÁVERKI Á DISKÞÓFA

gegnum slysatryggingarhluta af iðgjaldi bifreiðar og tjónþoli úr ábyrgðartryggingu bifreiðar.

Hvað er besta forvörnin gegn aftanákeyrslum? Hún er einföld – keyra á löglegum hraða og ávallt vera vakandi við stýrið! Enn fremur er mikilvægt að höfuðpúðinn sé í hæð við hnakka bílstjórans.

*Höfundur er sjúkraþjálfari.*

## AF NETINU

### Allir kokkar gleðjast

**Egill Helgason veltir fyrir sér tilraun ríkisstjórnar Íslands til að lækka matarverð.**

Í gær var ég að lýsa eftir því að menn færu að gera eitthvað í sambandi við hið brjálæðislega matarverð í stað þess að tala bara út í eitt. Og nú er það komið, matarskattur svokallaður verður lækkaður í 7 prósent, bæði á vörum sem hafa borið 14 og 25 prósenta virðisaukaskatt. Það ætti að muna um þetta.

Hins vegar er fyndið að þetta á ekki að koma til framkvæmda fyrr en í mars, kortéri fyrir kosningar eins og það heitir. Það verður kosið seinnipartinn í apríl. Þá geta stjórnarflokkarnir aftur gert sér mat úr þessu. Skyldi þetta vera ávísun á áframhaldandi setu sömu ríkisstjórnarinnar - er hún kannski eilífðarvél?

Matarverð á Íslandi hefur hækkað svo mikið á þessu ári að furðu sætir. Lækkun á gengi krónunnar skilaði sér lítt út í matarverðið en maður undireins var við gengishækkanir. Nú er spurning hvort ítrustu áætlanir ríkisstjórnarinnar nái fram að ganga. Einhvern veginn er maður pínu efins um að það gerist svona af sjálfu sér. Hvað taka stórmarkaðirnir mikinn hluta lækkunarinnar til sín - og hversu mikið skilar sér til neytenda? Og veitingahúsin, eigum við von á að verði þar verði loksins skaplegt? Virðisaukaskattur hefur verið fáránlega hár hér á landi, einhver sá hæsti í heimi. Svo auðvitað fagnar maður þessu. En kannski hefði verið ráð að lækka virðisaukaprósentuna almennt í stað þess að flækja skattkerfið enn frekar - eða þá bara stíga skrefið til fulls og leggja flata skattprósentu á allt, vörur, þjónustu, tekjur, fyrirtæki og fjármagn?

Annars á Guðni Ágústsson orð dagsins: „Það munu allir kokkar í eldhúsum Íslands gleðjast".

**Egill Helgason skrifar á visir.is undir Skoðanir.**


Leiðtogafundurinn í Höfða

20 ára afmælisdagskrá

*Upphaf endaloka kalda stríðsins eru rakin til fundar Ronald Reagan, fyrrum Bandaríkjaforseta og Mikhail Gorbachev, fyrrum aðalritara sovéska Kommúnistaflokksins, í Höfða 11. og 12. október 1986.*

*Í tilefni þess að 20 ár eru liðin frá þessum merka viðburði standa Reykjavíkurborg, Háskóli Íslands og Icelandair fyrir fjölbreyttri dagskrá um Höfðafundinn og áhrif hans á alþjóðastjórnmál og friðarmál í heiminum.*



**Meðal dagskrárliða má nefna:**

*Þriðjudagur 10. okt.*
**Leiðtogafundurinn í Reykjavík 1986.**

*Miðvikudagur 11. okt.*
**Leiðtogafundurinn í Reykjavík 1986 – ljósmyndasýning í Ráðhúsi Reykjavíkur.**

**Áhrif leiðtogafundarins á íslenska blaða- og fréttamennsku.**

*Fimmtudagur 12. okt.*
**Fyrirlestur Mikhail Gorbachev í Háskólabíói.**

*Föstudagur 13. okt.*
**Áhrif leiðtogafundarins í Höfða árið 1986 á lok kalda stríðsins.**

*Föstudagur 13. okt.*
**Höfði til sýnis fyrir almenning frá klukkan 13.30 – 17.00**

*Sunnudagur 15. okt.*
**Höfði til sýnis fyrir almenning frá klukkan 13.30 – 17.00**

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavíkurborg

WWW.ICELANDAIR.IS

# 25,2% styðja framboð eldri borgara

UMRÆÐAN
Eldri borgarar


BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

25,2% kjósenda telja líklegt, að þeir mundu styðja framboð eldri borgara, ef það kæmi fram við alþingiskosningar samkvæmt skoðanakönnun Gallups. Þetta er gífurlegt fylgi við hugsanlegt framboð eldri borgara. Þessi niðurstaða bendir til þess, að framboð eða flokkur eldri borgara gæti strax í byrjun orðið einn stærsti flokkur landsins. Þetta er með ólíkindum. Hvað segir þetta okkur: Jú þetta segir okkur það, að það er gífurleg óánægja meðal eldri borgara með kjör og aðbúnað þessa fólks. Þetta segir okkur það, að eldri borgarar blása á þetta svokallaða „samkomulag“ eða yfirlýsingu ríkisstjórnar og Landssambands eldri borgara. Þeir telja það lítils virði. Eldri borgarar vilja fá raunhæfar kjarabætur og úrbætur í sínum málum strax. Þess vegna eru þeir tilbúnir að bjóða fram við alþingiskosningar, ef þess þarf til þess að fá fram þær kjarabætur, sem nauðsynlegar eru.

**Ríkisstjórnin hefur brugðist**

Ég hefi áður skrifað um þetta mál, kjör eldri borgara og hugsanlegt framboð þeirra. Ég varpaði fram þeirri hugmynd, að gefa ætti stjórnmálaflokkunum eitt tækifæri enn. Ég veit, að vísu, að aldraðir eru orðnir mjög þreyttir á stjórnmálamönnunum. Þeir eru orðnir þreyttir á ríkisstjórninni og telja hana hafa brugðist í málefnum eldri borgara. Þeir treysta því ekki, að hún muni taka sig á og þeir eru tortryggnir gagnvart öðrum stjórnmálaflokkum. Það er eðlilegt. Sporin hræða. Fróðlegt verður að sjá hvernig stjórnmálaflokkarnir bregðast við þessum tíðindum um gífurlegt fylgi við hugsanlegt framboð eldri borgara. Munu stjórnmálaflokkarnir taka sig á og sýna öldruðum, að þeim sé alvara með það að gera róttækar breytingar á kjörum aldraðra. Ef stjórnmálaflokkarnir geta sýnt fram á það, er hugsanlegt að ekki verði af framboði eldri borgara. En það þarf mjög róttækar aðgerðir til þess að afstýra slíku framboði.

**Lífeyrir aldraðra hækki í 160-170 þúsund**

Hvað þarf að hækka lífeyri aldraðra mikið svo sómasamlegt sé? Ég hefi bent á, að meðaltals neyslukönnun Hagstofu Íslands séu 167 þúsund krónur á mánuði fyrir utan skatta. Með hliðsjón af þeirri könnun er ljóst, að hækka verður lífeyri einstaklinga frá almannatryggingum upp í 160-170 þúsund krónur á mánuði svo viðunandi sé. Það er algert lágmark. Þessi upphæð er í samræmi við kröfu sem Öryrkjabandalag Íslands og Landssamband aldraða (LEB) settu fram sameiginlega í skýrslu um kjaramál. Mín skoðun er sú, að það sé algert lágmark að hækka lífeyri einstaklinga frá almannatryggingum í 160 þúsund á mánuði (er 123 þúsund í dag). Verði það gert má hugsanlega afstýra framboði eldri borgara. Síðan þarf að hækka skattleysismörkin verulega. Öryrkjabandalagið og LEB gerðu kröfu til þess, að þau færu í 130 þúsund á mánuði. Það er ekki nóg. Það þarf að hækka þau meira. Önnur leið er sú, að hafa lífeyri aldraðra frá almannatryggingum skattfrjálsan án þess að hækka skattleysismörkin svo mikið almennt. Síðan þarf að lækka skatt á lífeyri úr lífeyrissjóðum. Hann á ekki að vera hærri en skattur á fjármagnstekjum eða 10%. Og sá skattur á að haldast óbreyttur þó skattur á fjármagnstekjum verði hækkaður. Tekjur úr lífeyrissjóði eiga ekki að skerða lífeyri frá almannatryggingum. Draga verður úr öðrum tekjutengingum. Allar þessar breytingar verða að taka gildi strax eða í síðasta lagi um næstu áramót. Gera verður einnig átak í því að fjölga hjúkrunarrýmum fyrir aldraða strax. Þar dugir ekkert margra ára „plan“. Það verður sennilega að taka í notkun eldra húsnæði í þessu skyni og breyta því svo unnt sé að taka það í notkun fljótlega.

**Hvað gerir LEB?**

Landssamband eldri borgara (LEB), sem stóð að yfirlýsingunni með ríkisstjórninni, sagði: Við komum aftur í haust. LEB ætlar að knýja á um frekari kjarabætur nú í haust fyrir eldri borgara. Fróðlegt verður að sjá viðbrögð ríkisstjórnar við þeim kröfum. Það veltur á viðbrögðum ríkisstjórnarinnar og viðbrögðum allra stjórnmálaflokkanna hvort eldri borgarar bjóða fram sjálfstætt eða ekki. Það liggur alla vega ljóst fyrir, að framboð eldri borgara mundi fá mikið fylgi.

*Höfundur er viðskiptafræðingur.*

# Lífsstíll leikskólabarna – til heilsu eða vanheilsu

UMRÆÐAN
Leikskólamál


FANNÝ HEIMISDÓTTIR

Í Fréttablaðinu sunnudaginn 24. september er vitnað í foreldra tveggja leikskóladrengja: Þau Steinar og Steinunn segja frá því að undanfarið hafi þau þurft að sækja strákana sína í leikskólann áður en hefðbundnum skóladegi lýkur. Þetta hefur verið vegna manneklu í leikskólum drengjanna. Steinunn segist furða sig á hversu lítið heyrist í ráðamönnum um þennan vanda. Hún dregur jafnframt í efa að kornungir starfsmenn hafi burði til að sinna störfum eins og vera ber á þessu fyrsta skólastigi.

*Foreldrar og fyrirtæki lenda í vandræðum, en það sem virðist mest um vert er að börnin njóta ekki þeirra uppeldisskilyrða sem ættu að vera til staðar í ríku samfélagi.*

Ég fagnaði þessari lesningu en þó ekki þannig að það hafi verið ánægjulegt að lesa um vanda leikskólanna, foreldranna og barnanna. Mér finnst hins vegar ánægjulegt að sjá á prenti það sjónarmið að leikskólastigið þurfi menntaðan og stöðugan starfskraft, en ekki nægi eingöngu að „dekka daginn“ á einhvern hátt, oft með ungu og lítt menntuðu fólki sem sumt hvert staldrar stutt við. Sá óstöðugleiki sem hlýst af tíðum mannaskiptum setur síðan mark sitt á það starf sem verður með börnunum. Þannig er einnig líklegt að skortur á mannskap og menntun, ásamt óstöðugleika, setji nú mark sitt á líf íslenskra barna og það er viðurkennt að lífsstíll er líklegur til að hafa áhrif á heilsu og velferð fólks til langframa. Þetta er því stórmál til framtíðar en ekki dægurfluga sem þarf einhvern veginn að redda og ekki nægir að stinga hausnum í sandinn.

Leikskólakennarar, flestir konur, eru of fáir á markaði sem hefur breyst gífurlega undanfarin ár. Langflest börn eru nú í heilsdagsvistun meðan foreldrar eru við nám eða störf. Samfélagið er þannig allt öðru vísi en var fyrir nokkrum árum, en þeir sem sitja við stjórnvölinn virðast ekki huga nægilega að þessum breytingum og vandinn verður margvíslegur: Foreldrar og fyrirtæki lenda í vandræðum, en það sem virðist mest um vert er að börnin njóta ekki þeirra uppeldisskilyrða sem ættu að vera til staðar í ríku samfélagi og þurfa að vera til staðar í flóknu nútímasamfélagi. Starfsfólk við uppeldis- og kennslustörf í leikskólunum dregur of þungt hlass. Kröfur og nauðsyn um langan vistunartíma og gæði annars vegar og hins vegar tölur um mikla starfsmannaveltu og skort á leikskólakennurum, benda m.a. til þessa. Mæður hafa meira komið að uppeldi barna og konur sjá enn að mestu um þennan þátt þó í breyttri mynd sé. Þeir sem starfa við leikskólana gera sér líklega best grein fyrir því að gæði eru afgerandi þáttur. Til að halda uppi nauðsynlegum gæðum þarf betri bjargir en nú eru til staðar. Langvarandi ójafnvægi um þær kröfur sem gerðar eru og þær bjargir sem eru tiltækar er líklegt til að valda vanheilsu og streitu.

Nýskipað leikskólaráð í Reykjavík hyggur nú á aðgerðir til að bæta ímynd leikskólakennarastarfsins, lokka fólk til starfa í leikskólum og draga jafnframt úr starfsmannaveltu. Vonandi tekst því vel til þó ekki hafi enn komið nægilega fram hvaða aðferðir á að nota til þessa og áhyggjuefni virðist sú skipan ráðsins að allir aðalmenn eru konur. Meðal varamanna eru aðeins tveir karlar. Skólamál ættu og þurfa að vera mál beggja kynjanna, þó ekki væri nema vegna þess að löng hefð er fyrir því að konur fá oft skertan hlut þó vel sé gert og áhugi fyrir úrbótum fyrir hendi.

Til marks um mikinn áhuga leikskólastarfsfólks við að halda uppi góðu skólastarfi sóttu um 300 leikskólakennarar og leikskólaleiðbeinendur ráðstefnu sem skólaþróunarsvið kennaradeildar Háskólans á Akureyri stóð fyrir laugardaginn 23. september. Af þessum fjölda voru um 160 af höfuðborgarsvæðinu og enn fleiri komu einnig langt að. Flestir fóru norður eftir vinnu á föstudaginn og sátu svo ráðstefnuna í blíðskaparveðri á laugardaginn. Þetta er aðeins eitt dæmi um það hvernig leikskólastarfsfólk sækir sér innblástur og hvatningu án þess að hefðbundið skólastarf truflist.

Við hlustuðum á fyrirlestra um það hvernig stærðfræði birtist meðal ungra barna og hvernig starfsfólk getur og ætti að hvetja til aukinnar stærðfræði í námsumhverfi leikskólanna. Einnig voru fyrirlestrar um mikilvægi góðrar umönnunar sem undirstöðu skólastarfsins og um leik og uppgötvun sem mikilvægustu námsleið barna.

Aðalfyrirlesarar ráðstefnunnar voru frá Stokkhólmi. Þær höfðu skoðað leikskóla fyrir norðan og sögðust dást að arkitektúrnum. Þær sögðu jafnframt að í Stokkhólmi væri mikil fjölgun leikskólaplássa en að ekki væri byggt svo stórhuga eins og hér er gert. Hins vegar gáfu þær okkur aðrar mikilvægar upplýsingar um hópastærðir og kennarafjölda: Þar kom fram að á deild 1-3ja ára barna eru 14 börn og 3 kennarar í 2,7 stöðugildum. Á deild eldri barnanna eru börnin 18 talsins, en sami starfsmannafjöldi. Allir kennararnir hafa formlega menntun til starfsins.

Tölur geta skipt býsna miklu máli: Í íslenskum leikskólum eru oft 20 börn á yngri deildunum. Þar með eru starfsmenn að vísu fleiri, en hætt er við að fjölmennari deildarsamfélög verði flóknari og háværari, ekki síst ef stöðugleika og menntun er ábótavant. Á deildum eldri barnanna eru börnin oftast 25–30. Hópastærð skiptir máli og menntun skiptir máli. Í grein í Morgunblaðinu sunnudaginn 1. október ítrekar Eva María Jónsdóttir einnig að tímalengd foreldra með börnum skipti máli og virðist þarft að það sjónarmið komi fram aftur.

Að búa vel að börnum og þeim kerfum sem þau vaxa upp í, fyrst og fremst fjölskyldum og skólum, er öllu samfélaginu mikilvægt til framtíðar og það er brýnt að gera fjölbreyttar ráðstafanir til bóta.

*Höfundur er leikskólakennari.*


VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




1. VERÐLAUN
í Þýskalandi
W2241WPS

Hreinn sparnaður

ALLT AÐ
30%
AFSLÁTTUR

Ef þú kaupir Miele þvottavél færðu kaupverðið endurgreitt með betri meðferð á þvottinum þínum

**Miele þvottavélar** eru með nýrri tromlu með vaxkökumynstri sem fer betur með þvottinn. Einkaleyfi Miele.

**Miele þvottavélar** eru byggðar á stálgrind og eru með ytri þvottabelg úr ryðfríu stáli ólíkt flestum öðrum þvottavélum.

**Miele þvottavélar** endast lengur en aðrar þvottavélar.

MIELE ÞVOTTAVÉL
- fjárfesting sem borgar sig

| Gerð | Listaverð | TILBOÐ |
|---|---|---|
| Þvottavél W2241 1400sn/mín/5 kg. | kr. 160.000 | kr. 114.800 |
| Þurrkari T223 útblástur/5 kg. | kr. 112.200 | kr. 78.540 |
| Þurrkari T233C rakaþéttir/5 kg. | kr. 131.000 | kr. 91.700 |

Íslenskt stjórnborð

Miele

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20 – 108 Reykjavík – Sími 588 0200 – www.eirvik.is




FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.418 **+0,63%** **Fjöldi viðskipta:** 412 **Velta:** 4.955 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Hampiðjan** | +3,85% | **Straumur-Burðarás** | -1,16% |
| **Kaupþing** | +1,37% | **Actavis** | -1,15% |
| **FL Group** | +1,33% | **Avion** | -0,65% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 69,00 -1,15% ... Alfesca 5,04 +0,00% ... Atlantic Petroleum 574,00 +0,70% ... Atorka 6,54 -0,31% ... Avion 30,80 -0,65% ... Bakkavör 58,50 +0,00% ... Dagsbrún 5,08 -0,20% ... FL Group 22,80 +1,33% ... Glitnir 20,90 +0,97% ... Kaupþing 887,00 +1,37% ... Landsbankinn 26,70 +1,14% ... Marel 80,00 +0,63% ... Mosaic Fashions 17,10 -0,58% ... Straumur-Burðarás 17,00 -1,16% ... Össur 124,00 +0,00%

**viðskipti**
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# *Peningaskápurinn*



**Sótt í breska sparibauka**
Landsbankinn ætlar að auka við starfsemi sína í Bretlandi á næstunni og mun meðal annars gefa kúnnum sínum kost á að stofna sérstakan sparireikning í netbanka fyrirtækisins. En landnám Landsbankans á Bretlandseyjum og sparnaður almennings virðist fara illa í suma því um helgina birtist lítil klausa í breska dagblaðinu The Guardian þar sem segir að Landsbankinn ætli að feta í fótspor netbankans ING Direct, og seilast í sparifé landsmanna.

**OMX stígur norskan dans**
OMX-kauphallararmurinn, sem stefnir að því að eignaðist Kauphöll Íslands og Verðbréfaskráningu Íslands, hefur keypt tíu prósenta hlut í Oslo Børs Holding ASA sem rekur Kauphöllina í Osló. Kaupverðið er um þrír milljarðar króna. Forsvarsmenn OMX fara ekki dult með áhuga sinn á að komast yfir markaðinn í Osló svo að allar norrænu kauphallirnar verði undir einum hatti. Sambærilegur áhugi hefur hins vegar ekki verið til staðar hjá stjórnendum og eigendum Kauphallarinnar í Osló, sem vilja halda sjálfstæði sínu og láta það samstarf sem þegar er til staðar við OMX duga.
Stærsti eigandinn norsku Kauphallarinnar, með fimmtungshlut, er stórbankinn DnB Nor sem vill halda í sjálfstæði markaðarins.

# Ræðast óformlega við

## Áhugi Marels á Stork Food Systems vekur athygli.

Óformlegar viðræður hafa átt sér stað milli Marels hf. og Stork Food Systems um hugsanlegt nánara samstarf, að því er fram kemur í tilkynningu Marels til Kauphallar Íslands í gær. Tilkynningin er sögð send vegna fjölmiðlaumfjöllunar í Hollandi og á Íslandi um hugsanlega sameiningu Marels og Stork Food Systems.

*Het Financieele Dagblad* í Hollandi sagði, líkt og Fréttablaðið, frá því í forsíðufrétt í gær að Marel hefði hug á að taka yfir matvælavinnsluvélahluta Stork N.V. Staða Stork hefur vakið mikla athygli ytra en félagið á sér tæplega 180 ára sögu í Hollandi. Tveir bandarískir fjárfestingasjóðir sem fara með 32 prósenta hlut í félaginu hafa farið fram á að seldur verði hliðariðnaður frá kjarnastarfsemi félagsins, en forstjóri þess er á móti uppskiptingunni. Hluthafafundur kýs um málið á fimmtudag.

Þá hefur Mergermarket.com eftir talsmanni Stork í gær að félagið væri fyrst nú að heyra af áhuga Marels á Food Systems-hlutanum og sagði félagið ekki eiga í viðræðum við Marel um sölu á matvælavinnsluvélahlutanum. Hann sagði stefnu fyrirtækisins vera að vaxa í þeim geira. „Við horfum til allra fjárfestingarkosta í þeim efnum, líka til Marels.“ - óká


HET FINANCIEELE DAGBLAD
IJslands bedrijf Marel eist snel Stork Food op

**HOLLENSKA VIÐSKIPTAFRÉTTABLAÐIÐ** Í forsíðufrétt greindi *Het Financieele Dagblad* í Hollandi frá því í gær að Marel vildi taka yfir Stork Food Systems.

# FL Group eykur stuðning sinn við íslenskt tónlistarlíf

**Garðar Thór Cortes og Bang Gang verða fyrstu verkefni nýja fjárfestingarsjóðsins Tónvíss, sem ætlað er að vinna með íslenskum tónlistarmönnum á erlendri grundu. Stofnfé sjóðsins er 200 milljónir króna.**

Tónlistarmennirnir Barði Jóhannsson og Garðar Thór Cortes verða fyrstu listamennirnir til að njóta góðs af nýjum fjárfestingasjóði sem FL Group hefur stofnað. Sjóðurinn hefur hlotið nafnið Tónvís og er honum ætlað að vinna með íslenskum tónlistarmönnum í útlöndum og fjárfesta í mögulegri velgengni þeirra þar.

Stuðningur Tónvíss við verkefni þeirra Garðars Thórs og Bang Gang, með Barða Jóhannsson í broddi fylkingar, mun meðal annars felast í útgáfu- og kynningarstarfsemi. Garðar, sem gaf út plötu hér heima síðasta vetur undir stjórn Einars Bárðarsonar, mun njóta stuðnings sjóðsins í Bretlandi þangað sem hann á fyrirhugaða tónleikaferð á næstu misserum. Barði vinnur hins vegar að útgáfu Bang Gang í Bandaríkjunum, ásamt útgáfufélagi sínu og Sigurðar Pálma Sigurbjörnssonar, From Nowhere Records.


**VIÐ KYNNINGUNA Á TÓNVÍS** Tryggvi Jónsson, framkvæmdastjóri Tónvíss, tónlistarmennirnir Garðar Þór Cortes og Barði Jóhannsson og Hannes Smárason, forstjóri FL Group. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Tónvís verður, að sögn Hannesar Smárasonar, forstjóra FL Group, ólíkur styrktarsjóðum eins og þeir hafa þekkst hingað til hér á landi. „Við munum hjálpa listamönnunum að koma sinni list á framfæri utan landsteinanna, taka áhættuna með þeim og fá af því ávinning ef hann verður til. Okkar styrkur til þeirra felst ekki bara í fjárfestingunni heldur ætlum við að koma með ákveðna viðskiptahugmyndafræðiinn líka og fylgjast náið með framgangi mála.“

Hannes segir stofnun sjóðsins falla vel að markmiði FL Group um að styðja við íslenska tónlist. „Við höfum sett okkur það markmið að styðja við menningu og höfum einbeitt okkur sérstaklega að tónlistinni. Við erum aðalstyrktarfélag Sinfóníunnar, við erum að fara að styrkja tónleikana hjá Sykurmolunum og nú erum við að stofna þennan sjóð.“

Þeir Barði og Garðar eru fyrstu listamennirnir til samstarfs við Tónvís en ekki þeir síðustu að sögn Tryggva Jónssonar, framkvæmdastjóra sjóðsins. „Þetta er sjóður sem hefur sjálfstætt líf og mun taka að sér sambærileg verkefni fyrir fleiri. Það er ekki búið að velja næstu þátttakendur en það verður gert á næstu vikum og mánuðum.“

holmfridur@frettabladid.is






**ELLERT B. SCHRAM ER 67 ÁRA Í DAG.**

*„Ég er vel ern enn og man allt sem ég vil muna. Ég nýt hins vegar þeirra forréttinda að geta kennt aldrinum um þegar ég gleymi einhverju.“*

***Þetta sagði þáverandi forseti ÍSÍ í tilefni afmælisins fyrir fjórum árum.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 10. OKTÓBER 1972

## *Helgi slettir skyrinu*

Helgi Hóseasson greip til örþrifaráða í baráttu sinni við geistleg og veraldleg yfirvöld á Íslandi við að fá skírnarsáttmála sinn ógiltan á þessum degi árið 1972. Helgi hrærði skyr í væna fötu og gerði forseta Íslands, biskupi, ráðherrum og alþingismönnum fyrirsát þegar hópurinn gekk frá Dómkirkjunni til þingsetningar Alþingis.

Helgi var orðinn langþreyttur á áhugaleysi yfirvalda á að leysa úr máli hans þegar hann sletti skyrinu. „Af hverju skyr? Ég varð að láta eitthvað koma á móti því að þingsetarnir og ríkisstjórnin og fleiri ráðamenn eins og biskoppur sinntu ekki bréfi mínu,“ sagði Helgi í viðtali við Fréttablaðið fyrir nokkrum árum. „Ég skrifaði þeim öllum bréf og þeir önsuðu mér bara tveir; Bjarni Ben. og Lúðvík Jósepsson. Hinir svöruðu mér ekki og til minningar um það þá réðist ég í það að sæma þá skyrinu. Ég hef ekki verið kærður fyrir það enn þann dag í dag.“



HELGI HÓSEASSON

Helgi var handtekinn eftir að hafa nánast tæmt skyrfötuna yfir þingheim og segir að hann hafi ekki verið tekinn neinum vettlingatökum. „Þeir lágu þarna fjórir ofan á mér niður í skyrslettunum og drösluðu mér svo burt, járnuðum á höndum og fótum.

Ég skvetti líka tjöru á Stjórnarráðshúsið á sínum tíma og hef ekki heldur verið kærður fyrir það. Það er kynjalegt þetta réttarfar í þessu helvítis landi. Menn eru nú kærðir fyrir minni læti en þetta.“

Merkisatburðir

1886 Smókingjakkinn kemur fyrst fyrir almenningssjónir í New York.

1963 Stífla brestur á Ítalíu með þeim afleiðingum að 3.000 manns týna lífi.

1973 Fídjieyjar fá sjálfstæði eftir að hafa verið undir stjórn Breta í tæpa öld.

1973 Spiro Agnew, varaforseti Bandaríkjanna, segir af sér embætti eftir að hann var ákærður fyrir skattsvik.

1986 Jarðskjálfti sem mælist 7,5 á Richter skekur San Salvador, höfuðborg El Salvador, með þeim afleiðingum að 1500 manns týna lífi.

1995 Gary Kasparov sigrar Viswanathan Anand í skákeinvígi sem hafði staðið í tæpan mánuð.

ÞÓRÐUR INGI GUÐJÓNSSON: NÝR FORMAÐUR FÉLAGS ÍSLENSKRA FRÆÐA

# Samkeppni við sjónvarpið

Þórður Ingi Guðjónsson tók við af Sigríði Þorvaldsdóttir sem formaður í Félagi íslenskra fræða á föstudag. Félagið var stofnað 27. apríl 1947 og var upphaflega ætlað að vera hagsmunafélag þeirra sem leggja stund á íslensk fræði, að sögn Þórðar. Hlutverk félagsins hefur þó breyst á þeim sextíu árum sem brátt eru liðin frá stofnun þess, en nú er það eins konar samnefnari fyrir íslensk fræði í sem víðustum skilningi. „Markmið félagsins er nú að vekja athygli og efla áhuga á íslenskum fræðum og þeim sem þau stunda,“ sagði Þórður, en félagar eru í dag í kringum þrjú hundruð.

Þórður sagði starf formannsins fyrst og fremst felast í að skipuleggja fyrirlestradagskrá vetrarins. Fyrirlestrarnir eru opnir öllum og fara fram í húsi Sögufélagsins í Fischersundi á fimmtudagskvöldum. „Við miðum að því að hafa fyrirlestrana fjölbreytta og aðgengilega fyrir almenning, þeir mega ekki vera of sérhæfðir,“ sagði Þórður.

Þórður segir aðsóknina hafa verið góða í gegnum árin. „Það er samt misjafnt eftir því um hvað fyrirlesturinn er og hvað er í sjónvarpinu það kvöldið,“ sagði Þórður sposkur. „Það er mikið áreiti á fólk nú til dags og hörð samkeppni um athyglina. En við stefnum að því að auka mætinguna enn frekar með mjög áhugaverðum fyrirlestrum í vetur,“ bætti hann við. Næsti fyrirlesari verður menningarfræðingurinn Sigrún Sigurðardóttir, en hún mun halda fyrirlestur um ljósmyndir og áhrif þeirra á ýmis hugræn svið, eins og endurminningar, þann 26. október.

**sunna@frettabladid.is**



**ÞÓRÐUR INGI ÁSAMT DÓTTUR SINNI INGUNNI SIF** Félagsmenn eru íslenskufræðingar, sagnfræðingar og þjóðfræðingar svo fátt eitt sé nefnt. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



*Ástkær faðir okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jósafat Sigurðsson**

frá Siglufirði,
Eyjabakka 6, Reykjavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni miðvikudaginn 4. október.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Þóranna Sigríður Jósafatsdóttir Jónsteinn Jónsson**
**Sigurður Gunnar Jósafatsson Ingigerður Baldursdóttir**
**Elenóra Margrét Jósafatsdóttir Sigurður H. Ingimarsson**
**Þorfinna Lydia Jósafatsdóttir Þorkell V. Þorsteinsson**
**Örn Einarsson Steinþóra Sumarliðadóttir**
**Stella Einarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Svanhvít Svava Sigurðardóttir**

Hvassaleiti 58, Reykjavík,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Eir sunnudaginn 1. okt. verður jarðsungin þriðjudaginn 10. okt. kl. 15 í Grensáskirkju.

**Edda Kolbrún Metúsalemsdóttir Ómar Kristjánsson**
**Stefán M. Ómarsson Birna Gísadóttir**
**Georg H. Ómarsson**
**Ómar Þór Ómarsson Klara Elíasdóttir**
**Svava María Ómarsdóttir**
**Ómar Björn Stefánsson**
**Stefán Gísli Stefánsson**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000**.



*Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Bernharður Guðmundsson**

fyrrverandi þingvörður,

lést á Landspítalanum við Hringbraut fimmtudaginn 5. október.

**Guðjón Hafsteinn Bernharðsson Helga Jónsdóttir**
**Guðmundur Bernharðsson Svanhildur Jónsdóttir**
**Eggert Þór Bernharðsson Þórunn Erlu-Valdimarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Pálsdóttir**

Lækjarsmára 6, Kópavogi,

lést á hjartadeild Landspítalans sunnudaginn 8. október. Útför hennar verður auglýst síðar.

**Sigurður Pálsson**
**Þórunn Sigurðardóttir Sigurður Knútsson**
**Páll Sigurðsson Aldís Aðalbjarnardóttir**
**Sigrún Sigurðardóttir Tómas Erling Hansson**
**Guðný Sigurðardóttir Halldór Morthens**
**Hildur Sigurðardóttir**
**Barnabörn og langömmubörn.**


FÉLAG ÍSLENSKRA ÚTFARARSTJÓRA

FJARÐARÁSI 25



STJORN@FIU.IS
WWW.FIU.IS

SÓLSTEINAR

Gæði
Þjónusta
Gott verð
Úrval
Fagmennska



Kársnesbraut 98 | Kópavogur | S: 564 4566
www.solsteinar.is | sol@solsteinar.is

Legsteinar



Rein ehf. Steiniðnaður
Lækjarmel 2, Síðumúla 17
566-7878 WWW.rein.is



Rúnar Geirmundsson
Sigurður Rúnarsson
Elís Rúnarsson

Þegar andlát ber að

Alhliða útfararþjónusta í 16 ár
Símar: 567 9110 & 893 8638
www.utfarir.is • utfarir@utfarir.is
Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ




*Faðir minn*

**Björn Haukur Magnússon**

lést í Florida í Bandaríkjunum 21. september sl. Útförin hefur farið fram ytra. Fyrir hönd aðstandenda,

**Laufey Björnsdóttir.**



Campagnadagar í nettó
frábær stemmning
þú sparar 101 kr/stk
51% afsláttur við kassa
Verð nú 98 kr/stk
Verð áður 199 kr/stk
Campagna Caponata, puttaneska og tomat+basil pastasósur
þú sparar 40 kr/stk
51% afsláttur við kassa
Verð nú 39 kr/stk
Verð áður 79 kr/stk
Campagna spaghetti og tagliatelle
þú sparar 95 kr/stk
50% afsláttur við kassa
Verð nú 95 kr/stk
Verð áður 189 kr/stk
Campagna pestó, grænt og rautt
þú sparar 120 kr/stk
50% afsláttur við kassa
Verð nú 120 kr/stk
Verð áður 239 kr/stk
Campagna sólþurrkaðir tómatar
þú sparar 43 kr/stk
50% afsláttur við kassa
Verð nú 43 kr/stk
Verð áður 85 kr/stk
Campagna penne rigate og fusilli
þú sparar 30 kr/stk
51% afsláttur við kassa
Verð nú 29 kr/stk
Verð áður 59 kr/stk
Campagna makkarónur
þú sparar 45 kr/stk
50% afsláttur við kassa
Verð nú 45 kr/stk
Verð áður 89 kr/stk
Campagna farfalle og fusilli 3-lita
þú sparar 85 kr/stk
50% afsláttur við kassa
Verð nú 85 kr/stk
Verð áður 169 kr/stk
Campagna lasagna
þú sparar 150 kr/stk
50% afsláttur við kassa
Verð nú 150 kr/stk
Verð áður 299 kr/stk
Campagna balsamic vinegar
þú sparar 250 kr/stk
50% afsláttur við kassa
Verð nú 250 kr/stk
Verð áður 499 kr/stk
Campagna ólívuolía
allt í matinn á einum stað
www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími frá 10. október til 11. október eða á meðan birgðir endast.
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi
nettó




## STUÐ MILLI STRÍÐA: Hár á lofti

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** ER MEÐ HNÚT Í MAGANUM



Hárið á mér veldur mér miklum heilabrotum en þessa dagana er það hvorki sítt né stutt. Kannski svolítið kvenlegur hugsunarháttur en mér er sama, karlar þurfa líka velta því fyrir sér hvort hárið á þeim sé í lagi. Sjáið bara alla þessa knattspyrnukappa sem standa vafalítið fyrir framan spegilinn tímunum saman og velta því fyrir sér hvort þeir eigi að bleyta það, setja gel eða raka það allt af.

Ekki er langt síðan ég fór að velta vöngum yfir hárgreiðslunni sem höfuðið prýddi. Þurfti nefnilega ekkert sérstaklega að spá í hvort þessi hár á kollinum væru smart eða ekki. Um það sáu æðstu yfirvöldin á heimilinu. Fram eftir aldri þurfti ég aldrei að hugsa né spá í hvort þörf væri komin á klippingu, æðsta ráðið myndi hvort eð er funda um hvort tími væri til kominn og fylgja mér síðan niður á rakarastofu þar sem rakaranum voru lagðar línurnar. Eitt smá frávik gæti kostað hann starfið, jafnvel lífið. Einn gerðist meira að segja svo djarfur að fylgja eftir skipunum frá litla stráknum með stóru eyrun sem vildi hylja þau eins og hann gæti en sá ágæti maður hefur ekki sést síðan. Oft gat ég bölvað þessari tilhögun og gerðist meðal annars svo djarfur að laumast inn á stofu þar sem ég vissi að yfirvöldin höfðu engin ítök og lét raka hárið af. Slíkur varð skelfingarsvipurinn á hinum fullorðnu að mér var hótað brottvikningu úr Paradís. Ég hafði etið af lífsins tré og stóð ber fyrir framan almættin tvö.

Sem betur fer hef ég nú Húsfreyjuna mér til halds og traust ef eitthvað skyldi klikka. Hef jafnvel rætt um að hún stjórni þessum aðgerðum gegn góðri greiðslu. Hana dreymir hins vegar um að leika sér með hárið á mér og stílisera það sjálf með skærum úr IKEA. Slíkt myndi ég aldrei leyfa, ekki eftir að móður minni (samkvæmt gloppóttu minni mínu) tókst að klippa annað eyrað af. Kannski verð ég hreinlega að fara að standa á eigin fótum, panta klippingu og segja skömmustlegur við rakarann gamla í Hafnarfirði: „Bara sama og síðast.“

# myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



**HONDA**
The Power of Dreams



Kynntu þér hvernig **CR-V**
skarar framúr í öllum árstíðum







Fullbúinn **CR-V** rúmgóður
fyrir þig, þína og allt dótið
verð frá aðeins:

**28.631** kr.
á mánuði*

**3.149.000** kr.

**ÞÚ VELUR.**
**VIÐ SETJUM Á.**
**200.000** kr.
**aukahlutapakki**
þar sem þú velur aukahlutina fylgir
öllum nýjum CR-V.

honda.is

Þú brunar áfram á framúrskarandi fjórhjóladrifnum Honda CR-V sem kemur þér þangað sem þig langar hvort sem það er út í næstu verslun á niðdimmum vetrarmorgni eða að víðáttumiklu og fallegu vatni yfir sumartímann. Honda CR-V er hlaðinn búnaði og með aksturseiginleika eins og best verður á kosið. Honda CR-V er einstaklega rúmgóður fyrir þig, þína og allt dótið þitt. **Komdu og sjáðu hvernig CR-V skarar fram úr í öllum árstíðum.**

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100
www.bernhard.is

*Miðað við bílasamning hjá SP-Fjármögnun í 84 mán. og 35% útborgun.

Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bernhard, sími 421 7800 - Akranes, Bilver, sími 431 1985 - Akureyri, Höldur, sími 461 6020 - Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535

**!** **Kl. 12.05**
*Bandaríski sagnfræðingurinn og rithöfundurinn Antony Beevor heldur fyrirlestur á vegum Sagnfræðingafélags Íslands í hátíðasal Háskóla Íslands. Fyrirlesturinn nefnist „Stalíngrad og Berlín. Sagnfræðirannsóknir í Rússlandi.“ Fyrirlesturinn er hluti hádegisfundaraðar Sagnfræðingafélags Íslands sem jafnan fer fram í Þjóðminjasafni Íslands.*

# menning
menning@frettabladid.is

## Tenórtónar í hádeginu

Fyrstu hádegistónleikar Íslensku óperunnar fara fram í dag en þá stíga Finnur Bjarnason tenór og Anna Guðný Guðmundsdóttir píanóleikari á stokk og flytja ljóð eftir Robert Schumann. Finnur syngur um þessar mundir eitt aðalhlutverkanna í uppfærslu Íslensku óperunnar á Brottnáminu úr kvennabúrinu eftir Mozart.
Hádegistónleikaröðin hefur fest sig í sessi á undanförnum árum og í vetur verða fimm tónleikar haldnir þar sem listafólk óperunnar skemmtir tónlistarunnendum með stuttum en vönduðum tónleikum.



**FINNUR BJARNASON TENÓR SYNGUR SCHUMANN** Heldur tónleika ásamt Önnu Guðnýju Guðmundsdóttur píanóleikara.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Hinn 14. nóvember næstkomandi munu Jónas Guðmundsson tenór og Kurt Kopecky píanóleikari flytja rússneskar og ítalskar aríur á hádegistónleikunum en síðar í vetur munu söngkonurnar Ingveldur Ýr og Sigríður Aðalsteinsdóttir koma fram ásamt Kopecky.
Tónleikarnir hefjast jafnan kl. 12.15 og standa í liðlega fjörutíu mínútur en þess má geta að léttar veitingar eru til sölu í anddyri óperunnar bæði fyrir og eftir tónleika fyrir þá gesti sem vilja slá tvær flugur í einu höggi og næra bæði sál og líkama í hádeginu.



### > Ekki missa af...

**Norrænum músíkdögum** en fjölbreytt dagskrá þeirra stendur til 14. október. Hornleikarinn **Stefán Jón Bernharðsson** heldur stutta tónleika í sal **Listaháskóla Íslands á Sölvhólsgötu** og í kvöld leikur hinn lofaði **Bozzini strengjakvartett** í Listasafni Íslands og flytur meðal annars verk eftir **Þórð Magnússon** og **Jean-Francois Laporte.**




# Sænskættaður umskiptingur

**Patrekur átti að vera lítill gleðigjafi fyrir ástríkt par sem vildi ættleiða snáða en reyndist síðan ólíkindatól á unglingsaldri, vandræðaunglingur með blóðuga sakaskrá sem nú er óforvarendis fluttur inn á heimilið. Enda kárnar gamanið.**



**PATREKUR REYNIST ALGER UMSKIPTINGUR** Meinfyndið sænskt sósíalraunsæi fyrir áhorfendur á öllum aldri.
MYND/ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið frumsýnir Patrek 1,5 eftir sænska leikskáldið Michael Druker í Fjölbrautaskóla Suðurlands í dag en sýningin mun ferðast milli framhaldsskóla á landsbyggðinni í októbermánuði. Leikstjórinn Gunnar Helgason segir að nýtt flokkakerfi hafi verið fundið upp til að greina verkið og kennir það við „vanda-gaman“ og vísar þar til uppruna þess. „Svíar eru jú þekktir fyrir að taka á erfiðum þjóðfélagsmálum og þetta er pínulítið svoleiðis en það er bara svo fyndið líka,“ segir hann spozkur. „Viðfangsefnið er auðvitað margþætt en í forgrunni eru tveir hommar, giftir menn, sem ætla að ættleiða barn en þegar síðan kemur í ljós að það er ekki eins og hálfs árs gamalt barn heldur fimmtán ára vandræðaunglingur og morðingi í þokkabót þá takast á stálin stinn. Vandræðaunglingar eru sjaldnast í uppáhaldi hjá fólki, hvað þá þeir sem líka hatast út í homma eða eru með slíka fordóma sem margt fólk upplifir enn,“ útskýrir Gunnar.

Leikararnir Rúnar Freyr Gíslason og Jóhannes Haukur Jóhannesson fara með hlutverk parsins ólukkulega en unglinginn leikur Sigurður Hrannar Hjaltason, sem er nýútskrifaður úr leiklistarnámi í London og stígur nú sín fyrstu skref í íslensku atvinnuleikhúsi.

Gunnar segir ómetanlegt tækifæri felast í þeirri ráðstöfun Þjóðleikhússins að fara með sýningu sem þessa út á land og gefa ungu fólki, sem mögulega flykkist ekki á sýningar þess hér á höfuðborgarsvæðinu, tækifæri á að sjá leikhús við sitt hæfi. „Leikhúsið talar sterkt til fólks og auðvitað vil ég sem leikhúsmaður að sem flestir njóti þess. Það má heldur ekki gleyma því að úti á landsbyggðinni er mikil gróska hjá áhugaleikfélögum og ekki síður hjá skólunum sjálfum,“ segir hann en bendir jafnframt á að þessi tiltekni aldurshópur gleymist samt oft og þar sem Þjóðleikhúsið vill bera nafn sitt með rentu sé þessi leið valin nú.

Hann segir líka að það sé frábært að ungt fólk á landsbyggðinni fái að njóta sýningarinnar fyrst því oft séu leikferðalög farin eftir að verk hafa verið á fjölunum um hríð í borginni en nú er því öfugt farið.

Sýningin Patrekur 1,5 hentar þó fólki á öllum aldri þótt Gunnar segi að húmorinn höfði máski hvað best til fólks á menntaskólaaldri. Hún verður tekin til almennra sýninga á Smíðaverkstæði Þjóðleikhússins í nóvember auk þess sem menntskælingum á höfuðborgarsvæðinu býðst þá einnig að sjá hana. Þá er líka von á höfundinum til landsins. „Sko, hann komst ekki á frumsýninguna, hann er nefnilega að keppa í tennis enda segist hann vera meðal þeirra bestu í Svíþjóð,“ segir Gunnar að lokum og hlær.

kristrun@frettabladid.is

„SKYLDI HÆNA HAFA SÁL?“ MEIN KAMPF

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**
Sun 15/10 kl. 14 Sun 22/10 kl. 20
Lau 28/10 kl. 14 Sun 29/10 kl. 20

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Fös 13/10 kl. 20 Sun 15/10 kl. 20
Fös 20/10 kl. 20 Sun 29/10 kl. 20

**FOOTLOOSE**
Fim 12/10 kl. 20 Lau 14/10 kl. 20
Sun 22/10 kl. 20 Fös 27/10 kl. 20

**HVÍT KANÍNA**
Nemendaleikhúsið sýnir nýtt verk eftir hópinn.
Fim 12/10 kl. 20 Fös 13/10 kl. 20
Bannað innan 16 ára. Síðustu sýningar

**BRILLJANT SKILNAÐUR**
Fim 26/10 kl. 20 Fim 2/11 kl. 20
Fim 9/11 kl. 20 Fim 16/11 kl. 20
Aðeins þessar sýningar.

**MANNTAFL**
Sun 29/10 kl. 20 Fös 3/11 kl. 20
Fös 10/11 kl. 20 Sun 19/11 kl. 20
Aðeins þessar sýningar.

**MEIN KAMPF**
Lau 14/10 kl. 20 Lau 21/10 kl. 20
Fös 27/10 kl. 20 Lau 28/10 kl. 20
Lau 4/11 kl. 20

**LEIKHÚSSPJALL**
Leikhúsumræður á Borgarbókasafninu í Kringlunni. Rætt veður um leikverkið Mein Kampf.
Fim 12/10 kl. 20 Allir velkomnir.

**AMADEUS**
Fim 19/10 kl. 20 forsýning 1000 kr.
Fös 20/10 kl. 13 forsýning 1000. kr.

Lau 21/10 kl. 20 frums. UPPS. Bleik kort.
Fim 26/10 kl. 20 2.sýning Gul kort.
Lau 4/11 kl. 20 3.sýning Rauð kort.
Sun 12/11 kl. 20 4.sýning Græn kort
Lau 18/11 kl. 20 5.sýning Blá kort
Sun 19/11 kl. 20 6.sýning

**VIÐ ERUM KOMIN-Íd**
Októbersýning Íd, 2 ný verk:
Við erum komin e. Ólöfu Ingólfsdóttur og Hver um sig e. Vaðal.
Fim 12/10 kl. 20 frumsýning UPPS.
Fös 13/10 kl. 20 Sun 15/10 kl. 20
Fim 19/10 kl. 20 Fös 20/10 kl. 20

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

550 5600
Hringdu ef blaðið berst ekki
FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesið

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ **Þjóðleikhúsið fyrir alla!**

**STÓRA SVIÐIÐ KL. 20:00**

**ELDHÚS EFTIR MÁLI** eftir Völu Þórsdóttur byggt á sögum Svövu Jakobsdóttur.
Fös. 13/10 **örfá sæti laus**, lau. 14/10, fös. 20/10. Aðeins þessar þrjár sýningar eftir!

**FAGNAÐUR** eftir Harold Pinter.
Sun. 15/10 **kl. 21:00**. Allra síðasta sýning!

**SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ PINTER**
Fyrirlestur um verk Nóbelsskáldsins fyrir sýningu í Leikhúskjallaranum kl. 20:00, leikhúsgestum að kostnaðarlausu. Boðið er upp á kvöldverð í anda leiksýningarinnar kl. 19:00, upplýsingar og pantanir í miðasölu s: 551 1200

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Lau. 14/10 kl. 14:00, sun. 15/10 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, lau. 21/10 kl. 14:00, **örfá sæti laus**, sun. 22/10 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 29/10 **örfá sæti laus**, sun. 5/11 kl. 14:00, sun. 12/11 kl. 14:00, sun. 19/11 kl. 14:00.

**PÉTUR GAUTUR** eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur.
Fim. 2/11 **örfá sæti laus**, fös. 3/11 **örfá sæti laus**, fim. 9/11, fös. 10/11 **örfá sæti laus**, sun. 5/11 kl. 14:00, sun. 12/11 kl. 14:00, sun. 19/11 kl. 14:00.

**KASSINN KL. 20:00**

**PÉTUR GAUTUR** eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur.
Mið. 11/10 **uppselt**, fim. 12/10 **uppselt**, fös. 13/10 **uppselt**, lau. 14/10 **uppselt**, sun. 15/10 **kl. 17:00 uppselt**, fim. 19/10 **uppselt**, fös. 20/10 **uppselt**, lau. 21/10 **uppselt**, sun. 22/10 **kl. 17:00 uppselt.**

**SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20:00**

**SUMARDAGUR** eftir Jon Fosse.
Sun. 15/10 **kl. 17:00**, sun. 22/10 **kl. 17:00**.

**LEIKHÚSLOFTIÐ KL. 12:15**

**SKOPPA OG SKRÍTLA** eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur.
Lau. 14/10 **uppselt**, sun. 15/10 **uppselt**, lau. 21/10 **örfá sæti laus**, sun. 22/10 kl. 11:00.

*Farandleiksýning í framhaldsskólum landsins í október*
**PATREKUR 1,5 eftir Michael Druker**
Frumsýning í Fjölbrautaskóla Suðurlands í dag 10/10 kl.13:00 **uppselt.**
Menntaskólinn að Laugarvatni mið. 11/10 kl. 20:30.

Miðasala í síma **551 1200** og á netinu: **www.leikhusid.is**
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 8:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.




**Sýningar í október í Landnámssetri**

Fimmtudagur 12. október kl. 20 Uppselt
Föstudagur 13. október kl. 20 Uppselt
Laugardagur 14. október kl. 20 Uppselt
Sunnudagur 15. október kl. 20 Uppselt
Fimmtudagur 19. október kl. 20 Uppselt
Föstudagur 20. október kl. 20 Uppselt
Laugardagur 21. október kl. 20 Uppselt
Sunnudagur 22. október kl. 20 Uppselt
Fimmtudagur 26. október kl. 20
**Síðasta sýning - Uppselt**

**LEIKHÚSTILBOÐ: Tvíréttaður kvöldverður og leikhúsmiði frá kr. 4300 - 4800**
**TEKIÐ Á MÓTI PÖNTUNUM frá kl. 10 til 16 mánudaga - fimmtudaga í síma 437 1600 Staðfesta þarf miða með greiðslu viku fyrir sýningardag**

# Velmeinandi mannvonska

KVIKMYNDIR

[UMFJÖLLUN]

Lokamynd Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík var nýjasta mynd danska leikstjórans Lars von Trier, sumpart óvenjuleg mynd um græðgi og fyrirgefningu en sem fyrr líka mórölsk kennslustund í mannlegu niðurrifi. Þetta er ósköp skondin saga af leikara sem ráðinn er af velmeinandi en merkilega rotnum stjórnanda upplýsingatæknifyrirtækis til þess að leika forstjóra þess þegar íslenskur skaphundur hyggst kaupa fyrirtækið. Hinn kunnuglegi Jens Albinus fer með hlutverk leiksoppsins sem dregst inn í óborganlega atburðarás þar sem valdapýramídi fjölþjóðlegra fyrirtækja og illskiljanlegt lagaumhverfi þeirra er til umfjöllunar.

Vandinn er sá að enginn vill taka erfiðar ákvarðanir og því hefur hinn góðlátlegi, raunverulegi stjórnandi fyrirtækisins skákað í skjóli gerviforstjórans um árabil en saklaus leikarinn þarf að súpa seyðið af illa ígrundaðri ákvarðanatöku hans, selja fyrirtækið og svíkja meinlaust samstarfsfólkið.

Maður kemst ekki hjá því að sjá Trier fyrir sér glottandi út í annað enda er þessi mynd alveg í hans anda þrátt fyrir að vera galgopalegri en nýjustu verkin hans. Þetta er vel skrifuð og skemmtileg mynd, útfærð í þessum dogmatíska stíl sem leyfir samtölum og leik persónanna að njóta sín til fullnustu. Dogmatíkin bitnar hins vegar á yfirbragði myndarinnar og þeir sem láta stöðugar birtu- og hljóðbreytingar fara í taugarnar á sér þyrftu að tileinka sér jákvæðara hugarfar.



**DIREKTØREN FOR DET HELE**

LEIKSTJÓRI: LARS VON TRIER

**Aðalhlutverk:** Jens Albinus, Jean-Marc Barr, Benedikt Erlingsson, Friðrik Þór Friðriksson og Casper Christensen

**Niðurstaða:** Stórfyndin og á köflum satanísk mannlífsstúdía fyrir alla þá sem eiga það til að henda gaman að öðrum.

Fléttan er óútreiknanleg enda er Trier meistari þess að láta fólki finnast það hafa rangt fyrir sér.

Af öðrum ólöstuðum kitlaði Benedikt Erlingsson máski flestar hláturtaugarnar á frumsýningunni í hlutverki túlksins sem snara þarf gífuryrðum íslenska kaupsýslumannsins, Friðriks Þórs Friðrikssonar, yfir á dönsku tungu. Einvalalið þarlendra leikara skapar síðan ótrúlegt gallerí af furðufuglum sem maður getur þó ekki annað en vorkennt og skellihlegið að á sama tíma.

Kristrún Heiða Hauksdóttir



**FJÖLLISTAMAÐURINN KETILL LARSEN** Les úr eigin verkum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fjallabyggð á skáldakvöldi

Skáldspírukvöld Lafleur útgáfunnar hefja nú göngu sína á ný eftir sumarfrí og í kvöld fá gestir Iðuhússins við Lækjargötu að kynnast verkum fjöllistamannsins Ketils Larssen. Mun hann lesa úr ljóðabálki sínum, Fjallabyggðinni, ásamt því að syngja við undirleik Halldórs Þórarinssonar.

Ketill Larsen er einnig liðtækur myndlistarmaður en verk hans eru um þessar mundir til sýnis á kaffihúsinu Mokka við Skólavörðustíg.

Aðgangur að Skáldspírukvöldum er ókeypis en skipuleggjandi þeirra er sem fyrr útgefandinn og rithöfundurinn Benedikt S. Lafleur.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

OKTÓBER

7 8 9 **10** 11 12 13

**Þriðjudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 21.00 **Austurlandahraðlestin**, kvartett Jóels Pálssonar og Sigurðar Flosasonar, leikur á **Kaffi Hljómalind.**

### FYRIRLESTRAR

☐ 12.00 **Rachael Lorna Johnstone** er lektor við Félagsvísinda- og lagadeild **Háskólans á Akureyri** ræðir um hlutverk Alþjóðadómstólsins í Haag á Lögfræðitorgi skólans, í stofu 24 að Þingvallastræti 23.

☐ 17.00 **Viðar Hreinsson** heldur fyrirlestur á vegum **Akureyrar-Akademíunnar** í gamla **Húsmæðraskólanum**. Erindi sitt nefnir hann **Um handritamenningu fyrri alda, skringilega andófsmenn og nýjar áherslur í íslenskri menningarsögu.**

### FUNDIR

☐ 19.00 Hátíðar- og baráttufundur **SÁÁ** verður haldinn í **Háskólabíói**.

### NÁMSKEIÐ

☐ 18.00 Námskeið fyrir byrjendur og lengra komna í **zen-hugleiðslu** með zen-meistaranum **Jakusho Kwong roshi** verður haldið á **Laufásvegi 22**. Nánari upplýsingar og skráning er á www.zen.is


VINIR Í BATA

Tólf sporin—Andlegt ferðalag í kirkjunni

Vetrarstarfið að hefjast

Sjá upplýsingar á www.viniribata.is




**BROTTNÁMIÐ ÚR KVENNABÚRINU - eftir W. A. Mozart** 25 ára og yngri: 50% afsl.

5. sýn. fös. 13. okt. kl. 20 - 6. sýn. sun. 15. okt. kl. 20 - 7.sýn. fös.20. okt. kl. 20
8. sýn. sun. 22. okt. kl. 20 - 9. sýn. fös. 27. okt. kl. 20
10. sýn. sun. 29. okt. kl. 20 - SÍÐASTA SÝNING - Kynning fyrir sýningu í boði VÍÓ kl.19.15

HÁDEGISTÓNLEIKAR - LJÓÐ; ROBERT SCHUMANN
Þriðjudaginn 10. október kl. 12.15
Finnur Bjarnason, tenór, og Anna Guðný Guðmundsdóttir, píanó

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN

# Peningar og punktar, allt sem þú þarft!

e² Vildarkort er nýtt VISA kreditkort sem veitir korthöfum bæði Vildarpunkta Icelandair og endurgreiðslu – allt í sömu færslunni, hvar sem þú verslar innanlands.

## Kostir e² Vildarkortsins:

- Þú þarft engu að breyta í innkaupum – Þú færð bæði Vildarpunkta og endurgreiðslu **hvar sem þú verslar innanlands.**
- Þú færð Vildarpunkta og endurgreiðslu af **öllum boðgreiðslum** eins og orkureikningum, leikskólagjöldum, fasteignagjöldum, sjónvarpsáskriftinni og öllu hinu sem fylgir því að reka heimili.
- Þú færð **0,65–25% viðbótarendurgreiðslu eða viðbótarvildarpunkta** og ýmis sértilboð hjá næstum 400 fyrirtækjum.
- Með því að nota e² Vildarkortið geturðu áunnið þér **tugi þúsunda Vildarpunkta** sem hægt er að nota til að komast út í heim með Icelandair og **tugi þúsunda króna** sem þú notar í það sem þér hentar!



## Þú sækir um á www.e2.is

Allir geta sótt um kortið óháð viðskiptabanka



SPRON / Sími: 550 1400 / thjonusta@e2.is / www.e2.is

Vildarkort
Allt í einu korti




# Palli og Valli syngja pönkdiskó

Diskókóngur Íslands, Páll Óskar Hjálmtýsson, tróð upp með Fræbbblunum á skemmtun starfsfólks Reykjavíkurborgar síðastliðinn föstudag. Aðstandendur skemmtunarinnar höfðu valið henni hið skemmtilega þema Diskó og pönk. „Ég var fulltrúi diskósins sem plötusnúður, og Fræbbblarnir voru fulltrúar pönksins,“ sagði Páll Óskar, en hann sagði þema kvöldsins hafa verið nokkuð snúið. „Þemað kallar í sjálfu sér á reiptog. Ef ég spilaði diskó báðu pönkararnir um pönk, og ef ég spilaði það fussuðu diskóboltarnir og drifu sig af dansgólfinu,“ sagði hann.

Dúettinn var afrakstur skyndihugdettu Valgarðs, söngvara Fræbbblanna. „Hann spurði hvort ég væri í stuði til að syngja Í nótt með þeim. Ég dreif mig bara baksviðs og lagði textann á minnið,“ sagði Páll Óskar, en samstarfið vakti mikla lukku í salnum. „Diskóið og pönkið eru ekki jafn ósamræmanleg og fólk heldur,“ sagði Páll Óskar, „í báðum tilvikum er þetta lífsgleðitónlist.“

Páll Óskar sinnir nú dómarastörfum í X-faktor, en áheyrnarprufur fara fram í Reykjavík á laugardag. Hann segir hafa gengið á ýmsu í höfuðstöðvum X-faktor manna. „Fyrst hélt fólk að keppnin snerist um að borða köngulær eins og í Fear Factor. Og nú er fólk að skrá sig úr keppni út af einhverjum misskilningi. Það heldur að það verði lokað inni í herbúðum í tvo mánuði, sem er helber vitleysa. Þetta er bara Idol fyrir fullorðna,“ sagði Páll Óskar. - sun



**PALLI OG VALLI** Páll Óskar segist hafa munað textann við Í nótt „svona næstum því“. FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN HJÁLMARSSON



**EMMA BUNTON** Þessi geðþekka söngkona er á leiðinni í hjónaband í mars á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS

# Barnakryddið giftir sig

Fyrrverandi kryddstúlkan Emma Bunton er á leiðinni í hjónaband með kærasta sínum til margra ára, Jade Jones. Brúðkaupið mun fara fram í mars á næsta ári og Bunton er þögul varðandi athöfnina sjálfa, sem líklegast mun ekki fara fram á Bretlandi. Vinkona söngkonunnar segir að Emma sé mjög hamingjusöm og ánægð með þennan ráðahag. Emma er þekkt fyrir að vera barnakryddið eða „Baby Spice“ í hinni ofurvinsælu stúlknahljómsveit Spice Girls.



**ROBERT ALTMAN** Leikstjórinn aldni vinnur að nýrri mynd um hæfileikakeppni í Texas. Hér tekur hann á móti heiðursóskarnum fyrr á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Altman með nýja mynd

Leikstjórinn virti Robert Altman er að þróa handrit byggt á viðfangsefni heimildarmyndarinnar Hands on a Hard Body: The Documentary. Fjallaði hún um hæfileikakeppni í Texas þar sem glænýr trukkur var í verðlaun.

Altman hefur lengi stefnt að því að gera myndina og hefur nú ákveðið að þetta verði hans næsta mynd. Svo gæti farið að Billy Bob Thornton og Hilary Swank fari með aðalhlutverkin. Tökur á myndinni eiga að hefjast í janúar á næsta ári.

Altman, sem er 81 árs, fékk mjög góða dóma fyrir síðustu mynd sína, A Prairie Home Companion. Hann hefur einnig leikstýrt myndum á borð við Gosford Park, The Player og Short Cuts.

# Bítlaaðdáandinn Vilhjálmur ánægður að hitta Yoko Ono í Höfða

**Stór stund var í Höfða í gær þegar Yoko Ono staðfesti áform sín um að reisa friðarsúlu í Viðey að ári. Borgarstjóri er ekki í nokkrum vafa um að súlan eigi eftir að hafa mikla þýðingu fyrir land og þjóð.**

„Þetta mun vekja athygli á Íslandi og Reykjavík og sýna friðarvilja íslensku þjóðarinnar. Við erum herlaus þjóð sem vill efla friðinn í heiminum. Þannig má segja að þetta sé framhald af leiðtogafundinum í Höfða fyrir tuttugu árum.“

Yoko segir að sér hafi lengi fundist hugmyndin um friðarsúlu frábær en ekki vitað hvar ætti að koma henni fyrir. „Ég hef komið margoft til Íslands og það var í einni slíkri ferð sem ég áttaði mig á að þetta væri heppilegur staður fyrir ljóssúluna. Þetta er einstök eyja að mörgu leyti, sérstaklega vegna þess að aðalorkulindin er vatn en ekki olía. Það gerir landið frábrugðið flestum öðrum. Það er mikil orka hér, bæði í landinu og fólkinu. Íslendingar eru friðsöm þjóð og bera virðingu fyrir landinu, sem er orðið fágætt á Vesturlöndum núorðið.“

Hún kveðst ekki hafa fengið bakþanka vegna virkjanastefnu íslenskra stjórnvalda og stuðnings þeirra við Íraksstríðið. „Ég kynni mér ekki stefnu stjórnvalda, ég reyni að kynnast fólkinu í hverju landi og finn hér að fólkið – þegnarnir – ber raunverulega virðingu fyrir náttúrunni.“

Yoko valdi súlunni sjálf stað í Viðey og er hæstánægð með það. Vilhjálmur veit hins vegar sem er að Viðey skiptir Reykvíkinga miklu máli og margir vilja þar sem minnst rask. „Ég hef svo sem orðið var við að ekki eru allir sáttir við þetta en ég held að það sé ástæðulaust að hafa áhyggjur. Þetta verður ljóssúla en ekki steypt mannvirki og ég held að fólk eigi eftir að kunna að meta þetta á endanum.“ Gert er ráð fyrir að kostnaður við ljóssúluna hlaupi á um 30 milljónum; Orkuveita Reykjavíkur greiðir helming og restin kemur úr borgarsjóði.

Gærdagurinn var ekki síður merkilegur fyrir Vilhjálm sjálfan, því hann er mikill og einlægur aðdáandi Bítlanna og John Lennon. „Mig grunaði aldrei að ég ætti eftir að hitta Yoko Ono,“ segir hann. „Þegar ég var skiptinemi í Bandaríkjunum veturinn 1963-64 voru Bítlarnir að koma þangað í fyrsta sinn. Unglingarnir trylltust þegar þeir heyrðu í þeim í útvarpinu. Mig minnir að She Loves You hafi verið mest spilað á þeim tíma. En þetta var auðvitað stórkostleg og merkileg hljómsveit sem á mörg klassísk og merkileg lög. Sjálfur held ég mest upp á Michelle og Yesterday.“

bergsteinn@frettabladid.is



**YOKO ONO OG VILHJÁLMUR VILHJÁLMSSON** Borgarstjóra grunaði ekki að hann myndi einhvern tímann hitta Yoko. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Nýjum þætti Audda fagnað

Eins og kunnugt er fór fyrsti þáttur Auðuns Blöndal, Tekinn, í loftið á Sirkus í gærkvöldi og í tilefni af því héldu aðstandendur þáttanna partí á Q bar á föstudagskvöldið. Margmenni mætti til að fagna því að upptökum þáttanna væri lokið og loksins komin tími til að sjá afraksturinn. Auðunn sjálfur var að sjálfsögðu á staðnum og vonandi að fólkið sem hann tekur fyrir í þáttunum sé búið að fyrirgefa honum fyrir prakkarastrikin en í þáttunum stríðir Auðunn þjóðþekktum einstaklingum. Plötusnúðurinn Margeir sá um að gestir gætu dillað sér við skemmtilega tónlist.



**JEFF WHO?** Strákarnir í einni vinsælustu hljómsveit landsins, Jeff Who?, skemmtu sér vel við barborðið á Q bar.



**HRESSIR** Þessir félagar voru í miklu stuði í partíinu og brugðu á leik. FRÉTTABLAÐIÐ/SKARI



**PRAKKARINN SJÁLFUR** Auðunn Blöndal var að sjálfsögðu mættur hress og kátur í fylgd kærustu sinnar, Lilju.



**Í GÓÐU STUÐI** Drífa og Henrik létu fara vel um sig á Q bar.

# Neyddur í frí

Forsprakki hljómsveitarinnar Babyshambles, Pete Doherty, frestaði tónleikum sveitarinnar í Liverpool á föstudaginn. Nú hefur komið í ljós að líklega þurfi að fresta hljómleikaferð sveitarinnar um ókomna framtíð því Doherty þykir hafa byrjað of fljótt að spila eftir að hann kom úr meðferð.

Fréttirnar komu daginn eftir að bresk slúðurblöð voru búin að fjalla um meint rifrildi Dohertys og unnustu hans Kate Moss um barneignir og þykir þessi frestun tónleikanna ýta enn meira undir þær sögusagnir.

Babyshambles á fimm tónleika eftir á hljómleikaferð sinni en býst forstjóri útgáfufyrirtækis sveitarinnar, EMI, ekki við því að Doherty klári túrinn þar sem hann þurfi á fríi að halda.



**PETE DOHERTY** Skipað í frí eftir meðferðina og ekki er víst hvort hann klári hljómleikaferð Babyshambles.

# Brúðkaup næsta sumar

Ástin blómstrar meðal leikara í spennuþáttunum Lost sem aldrei fyrr. Nú hefur verið tilkynnt að þau Dominic Monaghan og Evangeline Lilly hyggist ganga upp að altarinu næsta sumar. Skötuhjúin, sem leika fyrrum eiturlyfjaneytandann Charlie Pace og flóttamanninn Kate Austin í þáttunum vinsælu, kynntust við upptökur á Lost og trúlofuðu sig fyrr á þessu ári. Nú stefna þau að brúðkaupi næsta sumar.

„Þau ákváðu að það væri rétti tíminn og eru ástfangnari en nokkru sinni fyrr. Þetta verður sumarbrúðkaup,“ sagði vinur hjónaleysanna. Þetta er ekki eina tilhlökkunarefnið hjá Dominic og Evangeline því hann lýsti því nýlega yfir hversu mikið hann langaði til að verða pabbi. „Ég hef verið spenntur fyrir því síðan ég var sjálfur krakki. Ég elska að vera í kringum dýr og börn vegna þess að samskiptin við þau eru svo hrein. Það snýst allt um augnablikið. Þess vegna elska ég börn. Þau eru æðisleg,“ segir Dominic.



**EVANGELINE OG DOMINIC** Parið úr Lost-þáttunum ætlar að ganga í hjónaband næsta sumar. Þau hafa aldrei verið eins ástfangin. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

# Kærir barnfóstruna

Fyrrverandi kryddstúlkan Geri Halliwell hefur nú kært barnfóstru sína til lögreglu vegna þess að söngkonuna grunar að fóstran hafi lagt hendur á barn hennar. Breska götublaðið The Sun segir Halliwell hafa farið beinustu leið til lögreglu þegar hún uppgötvaði marbletti á dóttur sinni sem barnfóstran gat ekki útskýrt.

Dóttir Halliwell fæddist í maí á þessu ári og heitir Bluebell.



**GERI HALLIWELL**



**FRUMKVÖÐULL** Fatahönnuðurinn og frumkvöðullinn Yves Saint Laurent fékk hjartaáfall um helgina og setti það svartan blett á tískuvikuna sem stendur hátt um þessar mundir. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Hneig niður

Yves Saint Laurent, stofnandi samnefnds tískuhúss, hneig niður úti á götu í París um helgina og var hann keyrður beinustu leið upp á spítala. Atvikið átti sér stað fyrir utan YSL búðina nálægt aðalverslunargötu Parísarborgar, Champs Elysées. Það hefur nú komið fram að Saint Laurent fékk vægt hjartaáfall en hann er búinn að vera við slæma heilsu síðustu ár vegna mikillar áfengis- og eiturlyfjanotkunar gegnum tíðina. Laurent er sjötugur á þessu ári en hann er þekktur fyrir að vera mjög fjölmiðlafælinn og lætur því oftast lítið á sér bera.

# Syngur aldrei aftur

Fyrrverandi kryddstúlkan og fótboltafrúin Victoria Beckham hefur gefið út þá yfirlýsingu að hún muni aldrei syngja aftur. Einnig blæs frú Beckham á allt slúður sem tengist því að hún stefni í leiklistarbransann. „Ég mun aldrei gera þetta aftur. Ég er búin að prófa bæði og það var gaman. En ég elska allt sem tengist tísku,“ segir Victoria en árið 2005 byrjaði hún með sína eigin gallabuxnalínu hjá bandaríska fatamerkinu Rock and Republic sem hefur gengið vonum framar og stefnir frú Beckham á framtíð í fatahönnun.



**VICTORIA BECKHAM**



**KRISTALL SPORT**
er nýr íþróttadrykkur og fyrsti sinnar tegundar á landinu. Hann inniheldur aðeins 10 kaloríur í hverri flösku ásamt nauðsynlegum vítamínum og steinefnum s.s. 6 mismunandi B-vítamín, bíótín, kalk, magnesíum, kalíum og natríum. Kristall SPORT er uppspretta bætiefna sem nýtast við öll dagleg átök.




| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | |
|---|---|
| DRAUGAHÚSIÐ ÍSL. TAL | kl. 4 og 6 B.I. 7 ÁRA |
| MONSTER HOUSE ENSKT TAL | kl. 4, 6, 8 og 10 B.I. 7 ÁRA |
| TALLADEGA NIGHTS | kl. 5.30, 8 og 10.25 |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 5.30, 8 og 10.25 |
| JOHN TUCKER MUST DIE | kl. 6, 8 og 10 |
| CLERKS 2 | kl. 10.15 |
| ÞETTA ER EKKERT MÁL | kl. 8 |
| GRETTIR 2 ÍSL. TAL | kl. 4 |

| REGNBOGINN SÍMI 551 9000 | |
|---|---|
| DRAUGAHÚSIÐ ÍSL TAL | kl. 6 B.I. 7 ÁRA |
| TEXAS CHAINSAW MASSACRE | kl. 8 og 10 B.I. 18 ÁRA |
| TALLADEGA NIGHTS | kl. 5.40, 8 og 10.20 |
| JOHN TUCKER MUST DIE | kl. 6, 8 og 10 |
| ÞETTA ER EKKERT MÁL | kl. 8 og 10.15 |
| VOLVER | kl. 5.50 |

| Borgarbíó SÍMI 462 3500 | |
|---|---|
| DRAUGAHÚSIÐ ÍSL TAL | kl. 6 B.I. 7 ÁRA |
| TALLADEGA NIGHTS | kl. 8 og 10 |
| CRANK | kl. 6 og 10 |
| JOHN TUCKER MUST DIE | kl. 8 |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu
BÍÓ.IS – allt á einum stað





# Ný plata í nóvember

Talið er líklegt að ný plata frá hljómsveitinni Guns N‘ Roses líti dagsins ljós síðar á þessu ári. Platan mun heita Chinese Democracy eins og áður hefur komið fram, en söngvarinn Axl Rose hefur unnið að gerð hennar í næstum heilan áratug. Á vefsíðu breska tónlistarritsins NME kemur fram að eftir stífa spilamennsku á tónleikum hafi eftirvænting aðdáenda sveitarinnar aukist og nú sé talið líklegt að platan komi út í næsta mánuði.

Meðlimir Guns N‘ Roses tilkynntu nýlega að þeir væru á leið í hljómleikaferð um Bandaríkin og hefst hún á föstudaginn í næstu viku. „Það eru 13 þriðjudagar eftir af árinu,“ sagði í enda tilkynningarinnar og var með því vísað til þeirra daga sem plötur eru gefnar út í Bandaríkjunum. Tónlistartímaritið Rolling Stone spáir því að Chinese Democracy verði gefin út 21. nóvember en það hefur ekki verið staðfest af meðlimum sveitarinnar eða plötufyrirtæki þeirra.



**AXL ROSE** Söngvari Guns N‘ Roses hefur unnið að nýrri plötu í næstum áratug. Því er nú spáð að Chinese Democracy verði gefin út í næsta mánuði.

# Moss frægust allra stjarna

**Fátt þykir Bretanum skemmtilegra en að flokka fræga fólkið sitt og búa til skrautlega lista. Eftir mjög vísindalega úttekt hefur komið í ljós að fyrirsætan Kate Moss er vinsælasta stjarnan.**

Könunin var framkvæmd á mjög fræðilegan hátt. Safnað var saman þeim forsíðum sem fræga fólkið hefur birst á, hversu oft þær hafa verið í viðtölum og síðan reiknað út með hliðsjón af niðurstöðum leitarvefjarins Google hvaða stjörnu fólk væri almennt áhugasamast um. Moss var þar efst á blaði, sem kemur ekki á óvart því hún hefur óneitanlega verið drottning götublaðanna á þessu ári enda hefur henni tekist að hætta með Pete Doherty oftar en nokkur maður gæti talið og látið mynda sig við að sniffa kókaín auk þess að fara í meðferð.

Fast á hæla Moss kom poppdrottningin Madonna en tónleikaferð hennar komst á forsíður blaðanna þegar söngkonan lét krossfesta sig á miðju sviði. Í þriðja sæti lenti síðan David Beckham en hann má varla hnerra né reima á sig nýja skó án þess að breskir fjölmiðlar birti af því fréttir. Fjórða sætið vermir síðan írski mannréttindasöngvarinn Bono sem reynt hefur að vekja athygli á bágum málstað þriðja heims ríkjanna og krafist þess að ríkustu þjóðir heims felli skuldir þeirra niður. - fgg



**STÆRSTA STJARNAN** Kate Moss er hundelt af ljósmyndurum enda hefur ástarsamband hennar við Pete Doherty verið með skrautlegasta



**UMDEILD TÓNLEIKAFERÐ** Madonna komst heldur betur á forsíður blaðanna þegar hún lét krossfesta sig á miðju sviði.



**EKKI SÁ BESTI EN SÁ FRÆGASTI** Þrátt fyrir að Beckham sé hættur með enska landsliðinu og vermi tréverkið hjá Real Madrid er hann ein stærsta stjarnan á Bretlandi.



FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY IMAGES

**BARÁTTA FYRIR BETRI HEIMI** Bono hefur verið duglegur við að vekja máls á bágri stöðu þróunarríkja og hefur fyrir vikið orðið stærri en hljómsveitin hans U2.

# Svíar sem kunna að poppa

**[TÓNLIST]**
UMFJÖLLUN

Ofursænska tríóið Peter, Bjorn and John hefur verið starfrækt í nokkuð langan tíma og er nýjasta afurðin, Writer‘s Block, þriðja breiðskífa þríeykisins. Hljómsveitin hefur lengi verið afar áberandi innan hinnar frábæru sænsku poppsenu sem virðist vera að springa út um þessar mundir, að minnsta kosti út fyrir þetta fjölmennasta land Norðurlandanna. Þessir þrír mætu piltar hafa einnig unnið með öðrum sæmilega vel þekktum sænskum sveitum og hefur Bjorn meðal annars tekið upp plötur með sveitum á borð við Shout Out Louds og The Concretes.

Ekki verður annað sagt en að félagarnir þrír séu dúndur lagasmiðir og eru lögin flest öll í feykilega vel sniðnum og hönnuðum búningum. Nær ekkert laganna líkist öðru lagi á plötunni en heildarsvipurinn er samt sem áður afar sterkur. Hljómur plötunnar er afar svalur og minnir kannski helst á kraftapopp frá sjöunda áratugnum. Auk þess minnir tónheimur tríósins á poppaðar nýbylgjusveitir og þá sérstaklega hinn skemmtilegi trommuhljómur sveitarinnar.

Platan er samt ekki alveg fullkomin og eru til dæmis síðustu tvö lögin, Roll the Credits og Poor Cow, nokkuð leiðigjörn. Af Pétri, Birni og Jóni verður samt ekki skafið að þeir kunna að gera popplög, bæði framsækin og alveg einstaklega grípandi. Úr seinni flokknum ber sérstaklega að nefna lagið Young Folks sem hefur einhvern mest grípandi krók sem heyrst hefur lengi. Önnur lög eins og The Chills, Start to Melt, Up Against the Wall og Objects of My Affection eru síðan önnur persónuleg uppáhalds af plötunni. Writer‘s Block er svo sannarlega með því mest hressandi sem komið hefur frá frændum okkar í Svíþjóð í ár en þar er poppsenan í meira lagi gróskusöm. Poppheimurinn hér á landi gæti tekið margt þaðan sér til fyrirmyndar (*hóst*hóst* Sena *hóst*hóst*).

Steinþór Helgi Arnsteinsson




**PETER, BJORN AND JOHN**
WRITER'S BLOCK

**Niðurstaða:** Ein mest heillandi poppplata ársins og ef einhver verður ekki gripinn af laginu Young Folks vantar augljóslega einhverjar dillisellur í viðkomandi.

# Vonsvikin yfir breyttum plönum

Leikkonan Angelina hefur lýst yfir vonbrigðum með að geta ekki tekið nýjustu mynd sína í Pakistan eins og til stóð. Kvikmyndin ber nafnið „A Mighty Heart“ og er handritið sannsögulegt um blaðamanninn Daniel Pearl sem var rænt af hryðjuverkamönnum og myrtur árið 2002. Handritið er byggt á bók sem eiginkona Daniels, Mariane Pearl, skrifaði um manninn sinn.

Stjórnvöld í Pakistan munu hafa beðist undan því að myndin yrði tekinn upp í Pakistan þar sem ekki væri hægt að tryggja öryggi tökuliðsins. Tökurnar voru því færðar yfir til Indlands. Angelina mun leika eiginkonu Pearls en kærasti hennar Brad Pitt er einn af framleiðendum myndarinnar. Þau eru því bæði stödd á Indlandi um þessar mundir ásamt þreumur börnum sínum.



**ANGELINA JOLIE** Vonsvikin yfir því að nýjasta mynd hennar verði ekki tekinn upp í Pakistan þar sem hún segist elska land og þjóð enda hefur leikkonan komið þangað þrisvar.




www.haskolabio.is




| | | |
|---|---|---|
| WORLD TRADE CENTER | kl. 6 - 8:30 - 10:10 | B.i. 12 |
| THE ROAD TO GUANTANAMO | kl. 6 - 8 - 10:10 | B.i. 16 |
| THE QUEEN | kl. 6 - 8 - 10:10 | B.i. 12 |
| ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal | kl. 6 | Leyfð |
| BJÓLFSKVIÐA | kl. 8 | B.i.16 |
| PIRATES OF CARIBBEAN 2 tilboð 400 kr | kl. 10:10 | B.i. 12 |

HAGATORGI • S. 530 1919

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| WORLD TRADE CENTER | kl. 5:50 - 8 - 10:40 | B.i. 12 | BÖRN | kl. 5:50 - 8:30 | B.i.12 |
| WORLD TRADE CENTER VIP | kl. 4 - 8 - 10:40 | | STEP UP | kl.3:45-5:50-8-10:15 | B.i. 7 |
| BEERFEST | kl. 5:50 - 8 - 10:15 | B.i. 12 | MAURAHRELLIRINN M/- Ísl tal | kl. 3:45 | Leyfð |
| HARSH TIMES | kl. 10:40 | B.i. 16 | THE PROPOSITION | kl. 10:40 | B.i. 16 |
| NACHO LIBRE | kl. 3:45 - 8 | B.i. 7 | | | |
| ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal | kl. 4 - 6 | Leyfð | | | |
| THE WILD M/- ensku tal | kl. 4 | Leyfð | | | |

Munið afsláttinn

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| BEERFEST | kl. 5:45 - 8 -10:10 | B.i. 12 |
| HARSH TIMES | kl. 8 - 10:20 | B.i. 16 |
| BÖRN | kl. 8 - 10:10 | B.i.12 |
| UNITED 93 | kl. 5:45 | B.i.14 |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| BEERFEST | kl. 8 - 10:15 | B.i. 12 |
| AN INCONVENIENT TRUTH | kl. 10 | |
| NACHO LIBRE | kl. 8 | B.i. 7 |

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| WORLD TRADE CENTER | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | B.i. 12 |
| ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal | kl. 6 | Leyfð |
| THE ALIBI | kl. 8 - 10 | B.i. 12 |

Þriðjudagar eru bíódagar
2 fyrir 1 í Sambíóin
fyrir viðskiptavini sparisjóðsins
SPARISJÓÐURINN

www.sambioin.is 575 8900


# X - Factor í uppnámi

Breski raunveruleikaþátturinn X - Factor er í uppnámi eftir að upp komst að fleiri en einn þátttakandi væri hugsanlega á samningi hjá umboðsfyrirtæki í Liverpool. Strákasveitin Eaton og söngvarinn Ray liggja sterklega undir grun um að hafa logið í áheyrnarprufum en breska götublaðið News of the World greinir frá þessu á heimasíðu sinni. Þar er sagt frá því að umboðsfyrirtækið Colette Fenlon hafi þessa aðila innan sinna vébanda sem er skýrt brot á leikreglum X-Factor og koma fréttirnar á ákaflega óheppilegum tíma því stutt er síðan að strákasveitinni Avenue var sparkað.

Talsmenn sjónvarpsþáttarins neita staðfestlega að svona sé í pottinn búið og að þessum þátttakendum verði ekki vikið úr keppni. Heimildarmaður News of the World sagði hins vegar í samtali við blaðið að stjórnendurnir væru æfir yfir þessu. „Hvað er Collette Fenlon annað en umboðsfyrirtæki? Hvað er þetta annað en brot á leikreglunum?“



**HARÐSKEYTTUR DÓMARI** Simon Cowell er einn dómara í X-Factor.



**EKKI SKEMMT** Simon Fuller, einum frumkvöðla X -Factor, er væntanlega ekki skemmt þessa dagana enda þáttaröðin í uppnámi eftir lygar og svik þátttakenda.



**KAMPAKÁTUR Á FRUMSÝNINGU** Martin Scorsese ásamt stórum hluta þess flotta leikhóps sem prýðir nýjustu mynd hans, The Departed.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

# Fjölmiðlar fagna endurkomu Martins Scorsese

**Kvikmyndin The Departed sló öllum við í kvikmyndasölum Bandaríkjanna en henni er leikstýrt af fremsta kvikmyndaleikstjóra Bandaríkjanna.**

The Departed er endurgerð kvikmyndarinnar Wu jian dao sem gerð var í Hong Kong og segir frá Colin Sullivan, sem nær að brjótast til æðstu metorða innan Boston-lögreglunnar í þeim tilgangi að njósna um aðgerðir hennar gegn glæpaforingjanum Frank Costello. Án nokkurrar vitneskju um þennan svikara felur lögreglan hinum unga Billy Costigan að komast inn í innsta hring Costello og afla upplýsinga um hinn valdamikla foringja. The Departed hefur verið beðið með mikilli eftirvæntingu enda snýr Scorsese þar aftur til þeirrar kvikmyndagerðar sem flestir telja að henti honum best með glæpaforingjum, spilltum löggum og dágóðum skammti af ofbeldi í fyrirrúmi. Leikhópurinn er heldur ekki árennilegur en í helstu hlutverkum eru þeir Jack Nicholson, Matt Damon, Leonardo DiCaprio og Ray Winstone. Gagnrýnendur hafa keppst um að hrósa myndinni og segja hana þá bestu úr smiðju Scorsese í háa herrans tíð.

Aðdáendur Scorsese hafa margir hverjir orðið fyrir vonbrigðum með tvær síðustu myndir hans, Gangs of New York og The Aviator. Þeir geta væntanlega tekið gleði sína á ný því erlendir fjölmiðlar hafa sett The Departed á sama stall og Goodfellas, bestu mynd leikstjórans að margra mati.
- fgg

# Spenna fyrir börnin

**KVIKMYNDIR**
**[UMFJÖLLUN]**

Hryllingsmyndir eru oft tengdar við unglinga, blóði drifnar, fullar af líkamsmeiðingum og oftast markaðssettar sem bannaðar innan 18 ára. Hryllingur hefur því oft lítil tengsl við börn yfir sjö ára aldri. Teiknimyndin Monster House eða Hryllingshúsið brýtur hins vegar ákveðið blað í þessum efnum. Söguþráðurinn er á þá leið að unglingsstrákurinn DJ glímir við alla fylgifiska gelgjunnar og á í erfiðleikum með að gera sér grein fyrir hvort hann sé fullorðinn eða barn. Honum stendur stuggur af húsinu á móti þar sem hinn skapstyggi Nikódemíus býr en hann hótar krökkum, bréfberum og öðrum öllu illu ef þeir nálgist húsið hans. Þegar Nikódemíus deyr verður DJ þess var að húsið á sitt eigið líf og vill fá sitt að borða, líkt og mannætuplantan í Litlu hryllingsmyndabúðinni. DJ ákveður því í samvinnu við vin sinn Chowder og ástina í lífi sínu, Jenny, að ráða niðurlögum hússins með óvæntum uppljóstrunum úr fortíðinni.

Monster House er vel gerð, persónurnar líflegar og skemmtilegar, þá sérstaklega hinn þybbni Chowder sem er ekki alveg á sama tímapunkti í lífi sínu og vinur sinn DJ. Íslenska talsetningin er til fyrirmyndar að venju og Sigurður Sigurjónsson er sérstaklega skemmtilegur sem hin ógurlegi Nikódemíus. Myndin er spennuþrungin og á köflum það hryllileg að hinum fullorðnu á eftir að bregða í brún og þykja jafnvel nóg um, óttast ef til vill að krakkarnir festi ekki svefn eftir bíóferðina. Þeir þurfa hins vegar engar áhyggjur að hafa því smáfólkið veit sem er að þetta er jú bara teiknimynd.
**Freyr Gigja Gunnarsson**



**MONSTER HOUSE**
LEIKSTJÓRI: GIL KENAN
**Aðalraddir:** Mitchel Musso og Steve Buscemi.
**Niðurstaða:** Monster House er stórskemmtileg hryllingsmynd fyrir alla fjölskylduna sem kemur ekki í veg fyrir svefn hjá smáfólkinu.

# Miðasala gengur vonum framar

Miðasala á Airwaves-hátíðina sem nálgast nú óðfluga hefur gengið framar öllum vonum, en aðstandendur hátíðarinnar búast við allt að tvö þúsund erlendum gestum í ár. Í Bandaríkjunum, þar sem miðasala fór fram í gegnum sölustöðvar Icelandair, er nánast uppselt, á meðan Icelandair í Skandinavíu hefur slegið sölumet. Til að anna eftirspurn mun Icelandair einnig senda stærri vélar til Bretlands föstudaginn 20. október og sunnudaginn 22. október. Áhugi erlendra fjölmiðla á hátíðinni er mikill í ár. Channel 4 og afþreyingarstöðin E4 munu senda tökulið til landsins og áforma þáttagerð um hátíðina, en einnig er von á fjölmiðlafólki frá BBC, ríkisútvarpi Danmerkur og Noregs, Euronews í Frakklandi og Pitchfork.com. Eins munu tímaritin Spex, Kerrang! og verðlaunaritið Clash Magazine fjalla um og hafa eigin kvöld eða svið á hátíðinni.

Miðasala hérlendis hófst fyrir þremur vikum, en yfir helmingur miðanna hefur þegar selst. Uppselt hefur verið á hátíðina síðustu tvö árin og stefnir í að sama verði upp á teningnum í ár. Það fer því hver að verða síðastur að tryggja sér miða á Airwaves.



**FRÁ AIRWAVES Í FYRRA** Fjöldi starfsmanna frá útgáfufyrirtækjum og tónlistarhátíðum hefur boðað komu sína á hátíðina í ár.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## > Birgir Leifur slapp fyrir horn



Birgir Leifur Hafþórsson, kylfingur í GKG, lauk keppni á Áskorendamótaröð Evrópu um helgina er hann hafnaði í 59.-61. sæti á móti í Toulouse í Frakklandi. Árangurinn færði honum um 32 þúsund krónur í verðlaunafé og þénaði hann alls um 1,35 milljónir króna. Það skilaði honum í 88. sæti peningalistans á mótaröðinni en efstu 90 kylfingarnir komast beint inn á annað stig úrtökumótsins fyrir Evrópumótaröð næsta árs. Í fyrra hafnaði Birgir Leifur í 85. sæti á sama lista og var síðan hársbreidd frá því að komast inn í aðalmótaröðina.

# sport

sport@frettabladid.is

RAGNAR SIGURÐSSON: GÆTI VERIÐ Á LEIÐ TIL SÆNSKA ÚRVALSDEILDARFÉLAGSINS IFK GAUTABORG

# Gott fyrsta skref að fara til Svíþjóðar



Árbæingurinn Ragnar Sigurðsson gæti hafa leikið sinn síðasta leik með Fylki í bili, að minnsta kosti. Honum hefur verið sýndur mikill áhugi frá félögum á Norðurlöndunum og nú hefur sænska úrvalsdeildarliðið IFK Gautaborg komist að samkomulagi við Fylki um kaupverð á Ragnari. Fréttablaðið hefur reyndar heimildir fyrir því að Malmö FF hafi einnig sýnt Ragnari mikinn áhuga og hafi verið komið langt í samningaviðræðum þegar IFK greip inn í.

„Mér skilst að menn frá IFK hafi komið hingað þrisvar í sumar til að sjá mig spila," sagði Ragnar við Fréttablaðið. „Ég þarf því ekki að æfa með liðinu en stefni engu að síður að fara bráðlega út til að kíkja á aðstæður og semja við liðið um kaup og kjör."

Ragnar segir að hann muni skoða vel hvað félagið hafi upp á að bjóða og bera það undir aðila sem hann treystir og þekkir vel. Hann kannaðist þó ekki við áhuga Malmö en sagði að Fylkismenn hefðu ef til vill ekki verið að segja honum alla söguna. „Ég held að það sé betra að vita ekki öll smáatriði því það getur bara truflað einbeitinguna."

Ragnar er tvítugur varnar- og miðjumaður sem hefur verið fastamaður í liði Fylkis undanfarin tvö ár. Litlu munaði að hann semdi við félag síðasta haust en nú virðist fátt geta komið í veg fyrir útrás hans. „Ég hef stefnt að því að gerast atvinnumaður í knattspyrnu allt mitt líf og langar auðvitað að fara eins langt og ég get. En mér líst vel á Svíþjóð og tel það hollt að taka lítil skref í einu."

Hann telur að sú reynsla sem hann hafi fengið með Fylki sé dýrmæt. „Ég hef klárlega bætt mig mikið á undanförnum tveimur árum og ekki má vanmeta þá reynslu sem maður fær í íslensku deildinni. Það er til að mynda gott að spila undir þessari pressu og takast á við einkunnagjafir fjölmiðla og fleira í þeim dúr. Það finnst mér skipta máli."

Ragnar hefur á síðastliðnum þremur tímabilum með Fylki í Landsbankadeildinni leikið 45 leiki og skorað í þeim tvö mörk. Þá hefur hann verið fastamaður í yngri landsliðunum og leikið samtals 20 leiki með þremur landsliðum og skorað í þeim þrjú mörk.

# Þýðir ekki að hengja haus

**Íslenska landsliðið í knattspyrnu tók í gærmorgun sína fyrstu æfingu í undirbúningi sínum fyrir leikinn gegn Svíum á Kaplakrikavelli. Menn virtust upplitsdjarfir og jákvæðir þrátt fyrir slæmt tap fyrir Lettum um helgina.**

**FÓTBOLTI** Stefán Gíslason var í byrjunarliði Íslands gegn Lettlandi um helgina og verður sennilega áfram á sínum stað gegn Svíum, sér í lagi í fjarveru Brynjars Björns Gunnarssonar sem verður í leikbanni á morgun. Stefán sagði á æfingu íslenska landsliðsins í Kaplakrika í gær að menn væru ekki mikið að velta sér upp úr tapi liðsins fyrir Lettum um helgina.

„Við munum að sjálfsögðu skoða leikinn gegn Lettum vel og reyna að bæta úr því sem miður fór. En það þýðir ekkert að hengja haus enda stutt í næsta leik," sagði Stefán. „Nú þurfum við einfaldlega að einbeita okkur að næsta verkefni og við ætlum okkur að gera betur gegn Svíum og sýna okkar rétta andlit þar."

Í síðustu landsleikjahrinu byrjaði Ísland á því að leggja Norður-Íra á útivelli og tapa svo gegn Dönum heima. Nú hófst vikan á tapi í Lettlandi og fram undan er heimaleikur gegn Svíum. En Stefán segir að lítill munur sé á íslenska hópnum á milli leikjanna. „Hvort sem við vinnum eða töpum kunna menn einfaldlega að takast á við þetta. Síðasti leikur á ekki að hafa neitt að segja í þeim næsta og í hópnum eru menn með reynslu sem kunna að takast á við bæði töp og sigra."

Landsliðsþjálfarinn tók í svipaðan streng og sagði að andinn væri góður í hópnum, þrátt fyrir allt. „Auðvitað var þessi leikur með algjörum ólíkindum. Við gerðum nokkur mistök og þeir voru fljótir að refsa okkur fyrir þau."

Kollegi Eyjólfs í Svíþjóð, Lars Lagerbäck, sagði að varnarleikur Íslands virtist óstöðugur og komu þau ummæli Eyjólfi ekki á óvart. „Við erum nýbúnir að fá á okkur fjögur mörk í einum leik og Svíar koma þar að auki til leiks með mikið sjálfstraust og fullt hús stiga. Við tökum sérstaklega mið af því að mæta liði sem er með bullandi sjálfstraust og ætlum að reyna að verjast þeirra skyndisóknum."

Frá því að Eyjólfur valdi upphaflegan 20 manna hóp fyrir þessa landsleiki hafa nú þrír dottið úr hópnum vegna meiðsla og leikbanns. Hann hefur nú kallað á Ólaf Örn Bjarnason sem flaug til landsins frá Noregi í gær. „Óli verður til taks ef við þurfum að bæta við í vörninni þar sem við höfum misst mikið úr. Hann þekkir þetta allt vel og fellur vel í hópinn."

**eirikur.asgeirsson@frettabladid.is**



**FYRIRLIÐINN** Eiður Smári Guðjohnsen fer fyrir sínum mönnum gegn Svíum á Laugardalsvelli á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**MÁLIN RÆDD** Eyjólfur Sverrisson landsliðsþjálfari og Hermann Hreiðarsson varnarjaxl. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**FJÓRIR GÓÐIR** Íslensku leikmennirnir á æfingu í gær. Helgi Valur er annar frá hægri. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Íslenska landsliðið:

## Ólafur Örn inn og Helgi tæpur

**FÓTBOLTI** Ólafur Örn Bjarnason var í gær kallaður inn í íslenska landsliðið og kemur hann í stað Kára Árnasonar, sem meiddist í leik Íslands og Lettlands um helgina. Kári fór í gær í myndatöku vegna meiðslanna.

Helgi Valur Daníelsson gat æft í gær en hann var aumur í baki eftir leikinn gegn Lettum. Hann ætti að verða klár í slaginn á morgun. Grétar Rafn Steinsson var sömuleiðis tæpur í síðustu viku en gat leikið um helgina og verður klár á morgun. - esá

Grétar Rafn Steinsson:

## Aðeins smávægileg meiðsli



GRÉTAR RAFN STEINSSON

**FÓTBOLTI Grétar Rafn Steinsson lék að venju í vörn íslenska liðsins gegn Lettum þrátt fyrir að hafa meiðst í leik með AZ Alkmaar í síðustu viku. Þá vankaðist hann einnig og man hann reyndar lítið eftir þeim leik í dag.**

**„Ég er allur að koma til enda aðeins um smávægileg meiðsli að ræða sem maður lætur ekki stoppa sig. Ég er betri í dag en um helgina og nú þurfum við bara að bæta krafti í okkar leik og ná góðum úrslitum gegn Svíum."** - esá

1. deildarlið Leiknis:

## Óli Halldór ráðinn sem þjálfari

**FÓTBOLTI** Óli Halldór Sigurjónsson var í fyrradag ráðinn aðalþjálfari meistaraflokks Leiknis sem leikur í 1. deildinni. Tekur hann við af Garðari Gunnari Ásgeirssyni sem lét af störfum eftir tímabilið. Leiknir hafnaði í 9. sæti deildarinnar en féll ekki þar sem liðum verður fjölgað á næsta ári. Óli hefur áður starfað sem aðstoðarþjálfari í meistaraflokki Leiknis. - esá



**VAR HANN INNI?** Tobias Linderoth verst skalla Carles Puyol gegn Spánverjum um helgina. NORDIC PHOTOS/AFP

Sænska landsliðið:

## Einkaþota bíður Linderoth

**FÓTBOLTI Þrír miðvallarleikmenn sænska landsliðsins verða sennilega ekki með liðinu sem mætir Íslandi á morgun. Þegar er ljóst að Fredrik Ljungberg verður frá vegna meiðsla og þá tekur Anders Svensson út leikbann. Sá þriðji, Tobias Linderoth, er í Kaupmannahöfn þar sem kona hans á von á barni þessa dagana.**

**Sænska knattspyrnusambandið hefur leigt einkaþotu sem bíður í Kaupmannahöfn ef svo fer að Linderoth geti komið á síðustu stundu.**

**Þá er eins og flestir vita Zlatan Ibrahimovic í sjálfskipuðu leyfi og Andreas Isaksson markvörður er meiddur.** - esá



**EIÐUR SMÁRI** Hér í léttum æfingum á Kaplakrikavelli í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Eiður Smári Guðjohnsen:

## Spánn kemst ekki áfram

**FÓTBOLTI** Sænska götublaðið Aftonbladet birti í gær ítarlegt viðtal við landsliðsfyrirliðann Eið Smára Guðjohnsen þar sem hann ræðir um íslenska landsliðið og félagslið sitt, Evrópumeistara Barcelona.

Meðal þess sem kemur fram í greininni er að hann telur að Spánn muni sitja eftir í undankeppninni fyrir EM 2008 og að Svíþjóð og Danmörk muni komast áfram.

„Spánn tapaði fyrir Norður-Írlandi og það væri flott að fá tvær Norðurlandaþjóðir á EM. Svíþjóð og Danmörk eru með mjög öflug lið." Spænskir fjölmiðlar tóku viðtalið upp í sínum viðtölum í gær.

Hann segir að íslenska liðið sé skipað góðum leikmönnum og geti staðið sig vel á góðum degi. „Leikurinn gegn Norður-Írum er gott dæmi um það. Við verðum að eiga þannig leik ef við ætlum okkur eitthvað úr leik gegn stórþjóð eins og Svíþjóð." - esá

Veigar Páll Gunnarsson átti ágæta innkomu gegn Lettum á laugardag:

# Ég vil auðvitað spila alla leiki

**FÓTBOLTI** Veigar Páll Gunnarsson, leikmaður Stabæk í Noregi, kom inn á í síðari hálfleik gegn Lettum á laugardag og færði meiri sóknarþunga í íslenska liðið eftir afleitan fyrri hálfleik þar sem Lettar komust þremur mörkum yfir.

„Það var ekki létt að koma inn á í þessari stöðu," sagði Veigar Páll í gær. „En maður reynir að hugsa jákvætt og ég leit á það þannig að vinna alla vega síðari hálfleikinn. Maður vill auðvitað standa sig vel og vinna sér sæti í liðinu."

Eyjólfur Sverrisson landsliðsþjálfari stillti íslenska liðinu upp samkvæmt 4-5-1 leikkerfinu eftir að 4-4-2 skilaði íslenska liðinu þremur stigum gegn Norður-Írum og Dönum. Nú eru fjarverandi þeir Heiðar Helguson og Gunnar Heiðar Þorvaldsson og því minna um framherja í hópnum en áður, en íslenska liðinu gekk betur á laugardag eftir innkomu Veigars Páls.

„Ég vil að sjálfsögðu vera í liðinu en það er auðvitað þjálfaranna að ákveða það og hvernig taktík liðið spilar. Ég mun sinna þeirri ákvörðun, sama hver hún verður. En ég á minni möguleika á sæti í liðinu ef við spilum 4-5-1."

Veigar neitar því ekki að hann og Eiður Smári hafi náð ágætlega saman gegn Lettum. „Við sköpuðum fullt af færum í leiknum og að mínu mati gekk betur í síðari hálfleik en þeim fyrri. Þá virtist munurinn á liðunum ekki jafn mikill og vorum við afar óheppnir að ná ekki að minnsta kosti einu marki." - esá



**VEIGAR PÁLL GUNNARSSON** Á æfingu íslenska landsliðsins á Kaplakrikavelli í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**FERRARI** Ætla að berjast til lokastundar í Formúlu 1. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Formúla 1:

## Ferrari neitar að gefast upp

**FORMÚLA 1 Ferrari neitar að leggja árar í bát í baráttunni um heimsmeistaratitil ökumanna þrátt fyrir að Fernando Alonso hjá Renault hafi pálmann í höndunum fyrir síðsta mótið. Alonso þarf bara að enda í einu af átta efstu sætunum til að tryggja sér titilinn.**

**„Við játum okkur ekki sigraða fyrr en tímabilið er búið. Ef svo fer að við vinnum ekki titilinn þá gerir þetta okkur enn ákveðnari í að vinna titilinn í framtíðinni. Mótið er hins vegar ekki búið fyrr en á síðustu metrunum í Brasilíu, Áfram Ferrari!“ sagði Luca di Montezmolo, forseti Ferrari.** - dsd

Róbert Sighvatsson hefur ef til vill leikið sinn síðasta handboltaleik sem atvinnumaður:

# Róbert Sighvatsson tekur við þjálfun HSG Wetzlar í þýsku úrvalsdeildinni

**HANDBOLTI** Þær fregnir bárust í gær að Róbert Sighvatsson hefði verið ráðinn aðalþjálfari þýska úrvalsdeildarliðsins HSG Wetzlar sem hann hefur leikið með síðan 2002. Dragan Markovic hefur stýrt liðinu undanfarna ellefu mánuði en liðinu hefur gengið skelfilega í upphafi tímabilsins og tapað öllum sínum sjö leikjum.

Róbert hefur ekkert getað leikið með Wetzlar síðan í apríl síðastliðnum vegna meiðsla í hné og óttast hann að leikmannaferli sínum sé nú lokið. „Það er búið að skera í hnéð nokkrum sinnum og lítur ekki vel út. Það fór liðþófi í hnénu og svo sprakk upp úr brjóskinu. Skömmu síðar lenti ég í samstuði þar sem brotnaði enn meira brjósk og þurfti þá að bræða brjósk í hnéð í kjölfarið. Það gekk ekki betur en svo að hnéð er alltaf bólgið og ég get ekki hlaupið í þannig ástandi.“

Hann segir að þess vegna hafi það legið fyrir í nokkurn tíma að hann tæki við þjálfun liðsins þar sem hann gæti ekki leikið með liðinu. „Þetta kom fáum á óvart hér og sjálfur hef ég stefnt að því leynt og ljóst að fara í þjálfun. Ég bjóst reyndar ekki við því að það kæmi eins snemma og raunin er en nú tekur við starf á nýjum vettvangi í umhverfi sem ég þekki vel.“

Róbert verður með aðstoðarmann sér innan handar, Wolfgang Klimpke, en hann segir að mikil vinna sé framundan. „Nú strax á föstudag mætum við Lemgo og svo taka aðrir erfiðir leikir við. Deildin virðist ætla að þróast þannig að það verða 6-7 lið í botnbaráttunni og eigum við eftir að mæta flestum þeirra í næsta mánuði. Þangað til þurfum við að vinna okkar heimavinnu vel og byrja að safna sem flestum stigum.“

Róbert er nú á sínu ellefta tímabili í þýska handboltanum en hann hefur leikið með Schuttewald, Dormagen, Düsseldorf og nú síðast Wetzlar.

Róbert verður því þriðji íslenski þjálfarinn sem starfar í þýsku úrvalsdeildinni. Alfreð Gíslason stýrir Gummersbach og Viggó Sigurðsson tók tímabundið við þjálfun Flensburg en bæði þessi lið verða í toppbaráttu þýsku úrvalsdeildarinnar í vetur. - esá



**Í KRÖPPUM DANSI** Róbert Sighvatsson tekst hér á við Guillaume Gille, leikmann HSV, í leik í þýsku úrvalsdeildinni vorið 2004. NORDIC PHOTOS/BONGARTS



**LOGI GUNNARSSON** Fór vel af stað með ToPo í Finnlandi.

Logi Gunnarsson:

## Lék í fyrsta leiknum

**KÖRFUBOLTI** Logi Gunnarsson lék vel í sínum fyrsta leik fyrir nýja liðið sitt ToPo í Finnlandi. Logi samdi við liðið félagið í síðustu viku og hafði lítið æft með liðinu áður en hann lék sinn fyrsta leik. Logi byrjaði leikinn á bekknum en kom þó inn á og lék í fimmtán mínútur. Á þessum fimmtán mínútum náði Logi að skora þrjátíu stig og þriðji stigahæsti leikmaður liðsins.

„Ég tel að ég geti unni mér sæti í þessu liði, sér í lagi ef tekið er mið af því að ég spilaði allra mest í leiknum síðasta laugardag eða um 30 mínútur,“ sagði Logi eftir leikinn. - dsd



**REYNIR LEÓSSON** Er líklega á leið í Fram. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Reynir Leósson:

## Líklega á leið til Framara

**FÓTBOLTI** Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er Reynir Leósson á leið til Fram og skrifar líklega undir samning á miðvikudaginn. Lengi vel var talið að Reynir væri á leið til Skagamanna en eftir því sem Fréttablaðið kemst næst mun Reynir endurnýja kynni sín við sinn gamla þjálfara Ólaf Þórðarson, sem nýverið tók við Fram. - dsd


TUCSON

2.7L ssk. 175 hö.
Kr 2.990.000

- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS spólvörn
- Skriðstillir
- Sjálfvirkt 4x4 aldrif
- Driflæsing
- 6 loftpúðar
- Hiti í framsætum
- Hiti í framrúðu við þurrkublöð
- 16" álfelgur
- Aftenging fyrir barnabílstól
- Gullverðlaun fyrir gæði

Vertu í góðum málum

Hefur gæðin






Toyota RAV4 GX, 150 hö ssk. kr. 3.380.000
TUCSON, 175 hö ssk. kr. 2.990.000

HYUNDAI hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444 Selfoss 575 1460 Akranes 431 2622 Akureyri 461 2533 Egilsstaðir 471 2524

Hinn leikreyndi bakvörður Svía Erik Edman segir að Svíar þurfi að vera varir um sig í leiknum á morgun:

# Þurfum að eiga góðan leik til að sigra

**FÓTBOLTI** Erik Edman hefur leikið með Svíum á þremur stórmótum í knattspyrnu og ljóst er að þar er gríðarlega leikreyndur leikmaður á ferð. Edman er vinstri bakvörður og hefur átt fast sæti í liðinu undanfarin ár. Hann leikur nú með Rennes í Frakklandi en áður hefur hann leikið með liðum eins og Heerenveen í Hollandi og Tottenham á Englandi. Edman segir að vanmat komi ekki til greina hjá Svíum í leiknum á morgun.

„Við búumst allir við mjög erfiðum leik. Íslendingar eru með nokkra mjög góða leikmenn í sínum röðum og eru mjög líkamlega sterkir," sagði Edman. „Markmið okkar er alltaf að stjórna leikjum og þar breytir engu í því sambandi hvort við erum að spila gegn litlili eða stórri knattspyrnuþjóð. Við reynum alltaf að spila okkar leik en gegn Spánverjum duttum við aðeins aftar á völlinn. Spánverjar eru með mjög gott lið og við þurftum aðeins að laga leik okkar að þeirra sóknarleik til að vinna leikinn og það tókst."

Edman sagði að margt væri líkt með Íslandi og Svíþjóð. „Liðin eru lík að því leyti að við erum ekki með mjög stóran hóp og því þurfum við á öllum okkar leikmönnum að halda. Þetta á ekki bara við í fótbolta heldur einnig í handbolta svo dæmi sé tekið. Zlatan Ibrahimovic er til að mynda ekki með okkur núna en það kom ekki að sök af því að Marcus Allbäck og Johan Elmander náðu mjög vel saman í leiknum gegn Spánverjum. Til þess að vinna leiki þurfum við að spila eins sem lið en ekki sem ellefu einstaklingar. Þannig var það gegn Spánverjum, við náðum mjög vel saman. Við þurfum að eiga mjög góðan leik gegn Íslandi ef við eigum að eiga möguleika á sigri," sagði Erik Edman. - dsd



**ÆFING SÆNSKA LANDSLIÐSINS** Edman er hér lengst til hægri. Þessi reyndi leikmaður telur að Svíar þurfi að eiga góðan dag til að ná fram sigri á morgun.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Væri til í að hafa Eið í mínu liði

**Lars Lagerbäck vonast til að stjórna leiknum á morgun. Hann segir að Svíar sakni ekki Zlatans Ibrahimovic á meðan liðið leikur eins og það gerði gegn Spánverjum. Svíar eru enn með fullt hús stiga í riðlinum.**

**FÓTBOLTI** Lars Lagerbäck, þjálfari Svía, er nokkuð bjartsýnn fyrir leikinn gegn Íslandi á morgun enda unnu Svíar góðan sigur á Spánverjum á laugardaginn á meðan Íslendingar fengu á baukinn í Lettlandi. Það er þó skarð fyrir skildi hjá Svíum að í liðið vantar nokkra mikilvæga menn. Lagerbäck telur leikinn ekki unninn.

„Ég býst við erfiðum leik eins og alltaf á móti Íslandi. Síðast þegar við lékum hér á Íslandi vorum við heppnir að ná að skora þrjú mörk mjög snemma í leiknum og það gerði út um leikinn að mínu mati. Allir aðrir leikir milli þessara þjóða sem ég man eftir hafa verið mjög miklir baráttuleikir, t.d. þegar við unnum Ísland í Svíþjóð í fyrra, þannig að ég býst við mjög erfiðum leik á morgun," sagði Lagerbäck en Svíþjóð vann Ísland 3-1 fyrir ári síðan. Síðasti leikur liðanna hér á Íslandi var árið 2004 og endaði með 4-1 sigri Svía.

Svíar léku frekar varnarsinnað gegn Spánverjum á laugardaginn en Lagerbäck býst við að sænska liðið þurfi að stjórna leiknum meira gegn Íslandi á morgun. „Ég bæði vona það og býst við því að við verðum meira með boltann. Á laugardaginn vorum við ekki með boltann nema um 40% af leiknum en venjulega erum við meira með boltann en það. Ég vona að við munum stjórna leiknum og hafa boltann meira en íslenska liðið," sagði Lagerbäck.

Fredrik Ljungberg meiddist í leiknum gegn Spánverjum en hvernig er staðan á öðrum leikmönnum? „Ljungberg verður pottþétt ekki með, hann fór til London í gær þar sem hann mun fara í myndatöku hjá Arsenal. Það er hins vegar spurning með Tobias Linderoth þar sem hann og kona hans eiga von á barni á næstu dögum. Dyrnar verða þó opnar fyrir hann ef hann vill koma í hópinn," sagði Lagerbäck en auk þeirra er Anders Svensson í banni á morgun. Í kjölfar leiksins gegn Spánverjum hlýtur maður að spyrja hvort liðið sakni eitthvað Zlatans Ibrahimovic?

„Já, auðvitað. Ég væri til í að hafa hann 100% einbeittan í hópnum en staðan er bara eins og hún er. Leikmennirnir sýndu á laugardaginn að við getum leikið mjög vel án hans og að því leyti sakna ég hans ekki en ég myndi frekar vilja hafa hann með okkur," sagði Lagerbäck.

Það sem ef til vill einkennir lið Svía er hve fáar svokallaðar stjörnur eru í liðinu á meðan óhætt er að segja að Eiður Smári sé langstærsta stjarna íslenska liðsins. Lítur Lagerbäck á það sem kost fyrir sitt lið? „Nei, það held ég ekki. Ég væri meira en til í að hafa jafn góðan leikmann og Guðjohnsen í mínu liði og því vildi ég alveg hafa stórar stjörnur á mínum snærum," sagði Lagerbäck að lokum. dagur@frettabladid.is



**LARS LAGERBÄCK** Býst við erfiðum leik á morgun en Svíar hafa unnið Ísland stórt í tveimur síðustu leikjum þjóðanna.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**DIRK KUYT** Hefur leikið vel fyrir Liverpool í síðustu leikjum.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Dirk Kuyt er meiddur:

## Benitez alls ekki sáttur

**FÓTBOLTI** Rafael Benitez, framkvæmdastjóri Liverpool, er allt annað en sáttur við hollenska knattspyrnusambandið þessa dagana. Dirk Kuyt, leikmaður Liverpool, fór meiddur af velli í leik Hollands gegn Búlgaríu á laugardaginn en Hollendingar þráast við að senda leikmanninn til síns heima og ætla að sjá til hvort hann verður klár í leikinn gegn Albaníu á morgun. Benitez segir að þetta sé enn eitt dæmið um að landslið taki ekkert tillit til félaganna sem borgi leikmönnunum laun og segir að Kuyt ætti að vera sendur til Liverpool.

„Þeir segja að tvísýnt sé hvort Kuyt geti leikið á miðvikudaginn. Þá er hann ekki klár. Þeir ætla hins vegar að sjá til hvort hann geti spilað og ef hann spilar á miðvikudaginn þá gæti hann misst af nokkrum leikjum með Liverpool vegna meiðslanna," sagði Benitez. - dsd



**FRANCK RIBERY** Þótti leika vel á HM í sumar og vakti athygli margra liða í Evrópu. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Marseille:

## Ribery orðaður við Arsenal

**FÓTBOLTI Stjórnarmenn í franska liðinu Marseille hafa viðurkennt að viðræður standa á milli Arsenal og Marseille um kaup á landsliðsmanninum Franck Ribery en neita að samkomulagi hafi nú þegar verið náð.**

**„Arsene Wenger hefur rætt við forseta Marseille um Ribery en það er líka önnur lið búin að tala við okkur um leikmanninn. Okkar markmið er hins vegar að ná Meistaradeildarsæti og til þess að það náist þurfum við á öllum okkar mönnum að halda. Af þeim sökum þá sé ég það ekki gerast að Ribery yfirgefi félagið á næstunni. Ef við náum ekki Meistaradeildarsæti verður hins vegar mjög erfitt að haldi í leikmann eins og Ribery en ég tek það fram að ekkert samkomulag hefur verið gert við Arsenal né önnur lið," sagði talsmaður Marseille í gær.** - dsd

Reykjavíkurmótið í körfubolta:

## ÍS meistari í áttunda skiptið

**KÖRFUBOLTI** ÍS-stúlkur urðu í gær Reykjavíkurmeistarar í körfubolta kvenna í áttunda skiptið þegar liðið lagði Ármann/Þrótt að velli, 87-16.

Berglind Ingvarsdóttir var atkvæðamest í liði ÍS með 20 stig, Jófríður Halldórsdóttir skoraði 18 stig og tók 14 fráköst og Hafdís Helgadóttir skoraði 17 stig. Hjá Ármanni/Þrótti var Íris Andrésdóttir, fyrrum landsliðskona í knattspyrnu, stigahæst með 6 stig. - dsd

Slaven Bilic, landsliðsþjálfari Króata, þekkir vel til enskrar knattspyrnu:

# Frank Lampard á eftir að koma til

**FÓTBOLTI** Á morgun mætir enska landsliðið því króatíska í E-riðli undankeppni EM 2008. Bæði lið hafa misst einn leik í jafntefli en um helgina gerði England markalaust jafntefli við Makedóníu. Eftir HM í sumar tók nýr maður við króatíska landsliðinu, Slaven Bilic sem gerði garðinn frægan með West Ham og Everton undir lok síðasta áratugar. Þegar hann lék með fyrrnefnda liðinu fylgdist hann með ungum og efnilegum leikmönnum á borð við Frank Lampard og Rio Ferdinand sem eru nú lykilmenn í enska landsliðinu.

„Það var mikið um fordóma þegar Frank var að leika með West Ham þar sem pabbi hans var aðstoðarstjóri liðsins," sagði Bilic en Lampard hefur mátt þola mikið á undanförnum mánuðum þar sem hann hefur ekki þótt standa undir væntingum. „Undanfarin ár hefur hann hins vegar sannað sig sem einn besti miðjumaður heims."

Það var sérstaklega á HM í Þýskalandi í sumar sem Lampard náði ekki að sýna sitt rétta andlit. „Öllum gekk illa í enska liðinu og hann spilaði ekki eins og hann á að sér. Það getur verið mjög erfitt fyrir stærstu stjörnurnar því fólk býst við því að hann skori viku eftir viku. Hann lenti í smá krísu en fyrr eða síðar, örugglega fyrr, mun hann komast aftur á rétta braut."

Hann sagðist fljótt hafa gert sér grein fyrir þegar hann lék með West Ham hversu efnilegir Lampard og Ferdinand voru. „Fyrir sjö eða átta árum sagði ég Rio og Harry Redknapp (þáverandi stjóra West Ham) að hann gæti orðið einn af þremur bestu miðvörðum í heimi. Ég varð oft eftir á æfingum þar sem ég æfði með Rio og sýndi honum einn eða tvo hluti. Hvað mig varðar finnst mér hann í dag vera einn af fimm eða sex bestu varnarmönnum í heimi."

Þrátt fyrir allt þetta veit Bilic að enska landsliðið býr yfir ákveðnum veikleikum sem hann ætlar að færa sér í nyt í leiknum á morgun. „Ég mun ekki greina frá þessum veikleikum í smáatriðum en við ætlum okkur sigur í leiknum." - esá



**SLAVEN BILIC** Berst um boltann við Ian Rush, leikmann Leeds, er hann lék með West Ham árið 1997.
NORDIC PHOTOS/AFP



**O`CONNOR** Braut reglur Walter Smith landsliðsþjálfara. NORDIC PHOTOS/GETTY

Garry O`Connor:

## Missti af fluginu til Úkraínu

**FÓTBOLTI** Svo kann að fara að Garry O`Connor hafi leikið sinn síðasta landsleik fyrir Skotland í bili. Hann lét sig vanta upp á hótel á sunnudagskvöldið þegar leikmenn áttu að koma aftur eftir að hafa verið gefið frí um daginn eftir frækinn sigur á Frökkum á laugardaginn. Hann mætti ekki og fór því ekki með liðinu til Úkraínu í gærmorgun.

Síðar um daginn gaf hann út afsökunarbeiðni en útskýrði ekki mál sitt. Er talið að það tengist því að eftir leikinn sagði hann í viðtölum að hann vildi hætta hjá félagsliði sínu, Lokomotiv Moskvu, vegna heimþrár. Hann var seldur þangað í mars síðastliðnum frá Hibernian á 1,6 milljónir punda. - esá

Jón Arnór Stefánsson:

## Spilaði í fyrsta sinn á Spáni

**KÖRFUBOLTI Jón Arnór Stefánsson lék sinn fyrsta leik fyrir Pamesa Valencia í spænsku ACB-deildinni á Spáni á dögunum. Lið hans tapaði með níu stiga mun fyrir Polaris Murcia en Jón Arnór skoraði þrjú stig á þeim rúmu 20 mínútum sem hann lék.**

**Pamesa er sem stendur í 14. sæti deildarinnar.** - esá

# Veikindi ógna handboltaferlinum

Baldvin Þorsteinsson handboltamaður í Val hefur átt við veikindi að stríða síðan í desember síðastliðnum. Þá sýktist hann af einkirningasótt og hefur ekki enn jafnað sig. Sumir ná sér aldrei að fullu, segir hann.



**BALDVIN ÞORSTEINSSON** Sinnir náminu samviskusamlega en hann er í verkfræði við Háskóla Íslands. Hann hefur hins vegar ekkert getað leikið með Valsmönnum lengi vegna veikinda. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**HANDBOLTI** Fyrir tæpu ári síðan sýktist Baldvin Þorsteinsson, leikmaður Vals í handbolta, af einkirningasótt sem gengur einnig undir nafnagiftinni kossasótt. Um er að ræða veirusýkingu sem getur reynst afar þrálát eins og er í tilfelli Baldvins. Hann hefur ekki getað æft af fullum krafti síðan hann veiktist og þurfti einnig að draga sig úr íslenska landsliðinu skömmu fyrir EM í Sviss.

„Þetta er orðin löng saga,“ sagði Baldvin í samtali við Fréttablaðið. „Ég veiktist í desember en byrjaði samt að spila eftir áramóti og veiktist ég aftur fljótlega eftir það og hvíldi út tímabilið. Í haust ætlaði ég svo að byrja aftur af fullum krafti en entist í tvær vikur áður en mér sló niður.“

Síðan þá hefur Baldvin æft 2-3 sinnum í viku til að halda sér við. Í millitíðinni hefur hann gengist undir margvíslegar rannsóknir og meðal annars farið á sjúkrahús í Þýskalandi. „Ég hélt að það væri eitthvað mikið að mér eins og krabbamein eða eitthvað þvíumlíkt. En síðar fór ég til Más Kristjánssonar sýkingarfræðings á Landsspítalanum og sagði hann að ég væri með „post-viral syndrome“ sem eru eftirköst af því að hafa verið með veirusýkingu. Allar blóðrannsóknir eru eðlilegar hjá mér en þetta ástand hefur gert það að verkum að orkukerfið og ónæmiskerfið hafa verið kýld niður. En ég er núna á lyfjum sem hefur bætt ástandið mikið.“

Baldvin segir að hann reyni að æfa 3-4 sinnum í viku en inni á milli komi dagar þar sem hann sé slappur. „Ef ég er slappur hvíli ég og er vanalega fljótur að jafna mig. Yfirleitt kemst ég á æfingu strax næsta dag. En þetta þýðir að maður hefur bara vissa orku í líkamanum og fyrir íþróttamann sem er alltaf að þenja líkamann dugir maður bara nokkra daga í einu.“

Baldvin getur sinnt námi sínu af eðlilegri getu sem og hversdagslegum hlutum. Hann er í verkfræðinámi við HÍ og útskrifast með BS-gráðu í vor. Hann segir erfitt að segja til um batahorfur.

„Það er staðreynd að sumir jafna sig aldrei. Þeir verða aldrei það góðir að þeir geti tekið þátt í keppnisíþróttum. Sumir eru 1-2 ár að ná sér en þetta getur verið mjög misjafnt. Ég tel mig vera á hægum batavegi og maður vonast auðvitað til að vinna bug á þessu en maður veit aldrei. En í mínum huga kemur ekkert annað til greina að spila handbolta áfram.“

Baldvin hefur áður þurft að glíma við erfið meiðsli en hann segir þessa reynslu vera allt öðruvísi. „Þegar íþróttamaður slítur krossbönd í hné getur hann sett sér tímamarkmið hvenær hægt er að snúa aftur. Hjá mér snýst þetta um næstu æfingu og hagar maður öllu í kringum það, bæði svefn og mataræði sem ég hef tekið rækilega í gegn eftir þessa reynslu.“

Hann segir félaga sína í Val styðja sig dyggilega og þeir séu óþreyjufullir að fá sig aftur. „En þeir eru þolinmóðir og Óskar Bjarni þjálfari hefur verið frábær. Við erum með samkomulag um að ef ég næ að æfa fjórum sinnum í viku kem ég til greina í leikmannahóp. Ég gæti þess vegna spilað leik á morgun en það er engin framtíðarlausn á ástandinu. Ég reyni frekar að sjá framfarir innan raunhæfra marka og undirbúa mig á sem bestan hátt þegar ég verð loksins klár aftur.“

Baldvin getur ekki neitað því að öll þessi reynsla hefur verið erfið fyrir hann. „Þetta hefur verið mjög erfitt. Ég var til að mynda á leiðinni á EM á sínum tíma. En ég reyni að hugsa sem minnst um þetta dagsdaglega og ég er ánægður ef ég kemst á æfingu um kvöldið.“

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is



## ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

**„Kenner, just in case we get killed, I wanted to tell you that you have the biggest dick I've ever seen on a man."**

**Svar: Johnny Murata (Brandon Lee) úr myndinni Show-down in Little Tokyo frá 1991.**

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR IÐAR Í SÓFANUM FYRIR FRAMAN IMBANN

# *Svo þú heldur að þú getir dansað...*

Raunveruleikaþættir eru þeim kosti (eða ókosti) gæddir að líma áhorfandann við skjáinn. Þetta er eins og í snakkauglýsingunni frægu, einu sinni smakkað þú getur ekki hætt. Nú er ég kominn með nýjan raunveruleikaþátt á heilann sem heldur mér fastri við skjáinn á mánudagskvöldum. Þátturinn ber það kaldhæðna nafn „So you think you can dance" eða Svo þú heldur að þú getir dansað? Titillinn ber það með sér að áhorfandinn verður vitni að skemmtilegum tilburðum fólks í fótafimi og sumir eru auðvitað betri en aðrir. En tilburðir þeirra sem ekki eru gæddir danshæfileikum eru hin besta skemmtun. Því það er í eðli okkar mannfólks að skemmta okkur yfir óförum annarra, annars væru raunveruleikaþættir ekki svona vinsælir.

Þátturinn er svipað uppbyggður og Idol-þættirnir fornfrægu nema í stað söngs er dansað. Allir umsækjendurnir eru að reyna að komast til Hollywood í lokaþættina þar sem væntanlega bíður þeirra frægð og frami á þessu sviði.



Það er hin bráðskemmtilega breska fegurðardís Cat Deeley sem kynnir þættina og dómaranir eru ekki af verri endanum en þeir eru allir mjög ólíkir danshöfundar sem sérhæfa sig í hinum ýmsu greinum dansins og vinna undir styrkri stjórn danss- og sjónvarpsfrömuðarins Nigel Lythgoe. Hann liggur svo sannarlega ekki á skoðunum sínum áhorfandanum til mikilllar skemmtunar.

Þegar ég horfi á þesa þætti finn ég mikla tilhneigingu til að standa upp úr sófanum og láta reyna á danshæfileikana, sem eru af skornum skammti, enda mjög smitandi að horfa á einstaklinga dilla sér í takt við tónlistina. Kannski liggur falinn boðskapur í þessum þáttum til sófadýra þessa lands um að standa upp úr sófanum og hreyfa sig í takt við tónlistina.



▶ **20.25** *Spenna*

VERONICA MARS



▶ **23.10** *Gaman*

MAN STROKE WOMAN



▶ **21.00** *Drama*

RESCUE ME



▶ **22.00** *Drama*

CONVICTION



▶ **17.20** *Knattspyrna*

MEISTARADEILD EVRÓPU - FRÉTTAÞÁTTUR

## SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Magga og furðudýrið (5:26) **18.25** Andlit jarðar (12:16)

**18.30 Kappflugið í himingeimnum (5:26)** (Oban Star-Racers)
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
▶ **20.25 Veronica Mars (6:22)** (Veronica Mars II)
**21.10 Leikur einn** Heimildamynd um alþjóðlega leiklistarhátíð á Ísafirði
**21.40 Síðasti bærinn** Stuttmynd eftir Rúnar Rúnarsson um gamlan bónda sem býr með konu sinni í afskekktum dal þar sem allir aðrir bæir eru farnir í eyði. Myndin var tilnefnd til Óskarsverðlauna. Aðalhlutverk leikur Jón Sigurbjörnsson. e.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Lögmál Murphys (1:6)** (Murphy's Law, Ser. 3)

**23.15** Síðasti spæjarinn **0.25** Kastljós **1.15** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Martha **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Sisters

**12.00** Hádegisfréttir **12.40** Neighbours **13.05** Í fínu formi 2005 **13.20** Meistarinn (14:22) (e) **14.05** George Lopez (14:24) **14.30** Jane Hall's Big Bad Bus Ride **15.15** Wife Swap (1:12) (e) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.40** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 The Simpsons (17:22)** (Simpson fjölskyldan)
**20.05 The Apprentice (14:14)** (Lærlingurinn) (14:14) Sjálf úrslitastundin er runnin upp í þessum tvöfalt langa lokaþætti. Rebecca og Randal eru í óða önn að undirbúa fjáröflunarsamkomur sínar, en ófá vandamálin eru að trufla framgöngu þeirra.
**21.30 Hustle (6:6)** (Svikahrappar) (6:6).
**22.25 NCIS (14:24)** (Glæpadeild sjóhersins) (14:24)

▶ **23.10** Man Stroke Woman **23.40** Shield (St. b. börnum) **0.30** Deadwood (St. b. börnum) **1.20** Who is Cletis Tout? (B. börnum) **2.50** Kangeroo Jack **4.15** NCIS (B. börnum) **5.00** The Simpsons **5.20** Fréttir og Ísland í dag

## SIRKUS TV

**18.00** Insider (e)

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Seinfeld (2:24)** (The Postponement)
**20.00 Entertainment Tonight**
**20.30 Rock School 1** Hinn skrautlegi Gene Simmons úr hljómsveitinni Kiss tekst á við eitt erfiðasta verkefni sitt til þessa í sjónvarpsþáttunum Rock School. Gene hefur aðeins sex vikur til þess breyta þrettán ára krökkum, sem hingað til hafa eingöngu spilað klassíska tónlist, í alvöru rokkara.
▶ **21.00 Rescue Me**
**22.00 24 (11:24)** Bönnuð börnum.
**22.45 24 (12:24)** Bönnuð börnum.

**23.30** My Name is Earl (e) **23.55** Insider **0.20** The War at Home (e) **0.45** Seinfeld (2:24) **1.10** Entertainment Tonight (e)

## SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Innlit / útlit (e)

**15.35** Surface (e) **16.20** Beverly Hills 90210 **17.05** Dr. Phil

**18.00** 6 til sjö
**19.00 Melrose Place** B
**19.45 Teachers (e)**
**20.10 Queer Eye for the Straight Guy**
**21.00 Innlit / útlit**
▶ **22.00 Conviction** Desmond þarf að vinna á geðdeild, kærastan setur pressu á Peluso, illkvittinn saksóknari fær Finn lánaða, Potter leysir Desmond af í máli með herfilegum afleiðingum og Rossi fæst við fjölskyldudátök þar sem kærasti heyrnarlausrar stúlku stingur pabba hennar.
**22.50 Jay Leno**

**23.35** Survivor: Cook Islands (e) **0.30** The Dead Zone (e) **1.15** Beverly Hills 90210 (e) **2.00** Melrose Place (e) **2.45** Óstöðvandi tónlist

## SÝN

**16.50** Gillette Sportpakkinn ▶ **17.20** Meistaradeild Evrópu – fréttaþáttur **17.50** Brasilía – Ekvador

**19.50 UEFA Champions League** (Chelsea – Barcelona)Útsending frá leik Chelsea og Barcelona sem fram fór í mars 2005.
**21.35 Bardaginn mikli** (Joe Louis – Max Schmeling)Ferill Louis er um margt einstakur en hann var þó ekki ósigrandi. Hann tapaði frekar óvænt fyrir Þjóðverjanum Max Schmeling árið 1936. Tveimur árum síðar fékk Louis tækifæri til að koma fram hefndum en þá voru nasistar orðnir mjög áhrifamiklir. Schmeling var fulltrúi Hitlers og stuðningsmanna hans sem trúðu á yfirburði hvíta kynstofnsins.
**22.30 EM 2008** (Lettland – Ísland)

**0.20** Veitt með vinum

## SKJÁR SPORT

**18.00** Udinese – Fiorentina (e) Frá 24.09
**20.00 Watford – Fulham (e) Frá 02.10**
**22.00 Að leikslokum Frá 28.09 (e)** Snorri Már Skúlason fer með stækkunargler á leiki helgarinnar með sparkfræðingunum Willum Þór Þórssyni og Guðmundi Torfasyni.
**23.00** Chievo – Palmero (e) Frá 01.10
**1.00** Dagskrárlok

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**17.00** Nýtt í vikunni **18.00** Spánareignir

**19.00 Fjölbýli og hæðir (e)**
**20.00 Nýtt í vikunni**
**21.00 Einbýlishús**
**22.00 Fjölbýli og hæðir**

**23.00** Nýtt í vikunni (e) **0.00** SMS eignir

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** Child Star Confidential **13.30** 10 Ways **14.00** Lindsay Lohan THS **15.00** What Hollywood Taught Us About Sex **17.00** Girls of the Playboy Mansion **17.30** Girls of the Playboy Mansion **18.00** E! News **18.30** The Daily 10 **19.00** Mischa & Kristin: Babes of O.C. THS **20.00** 101 Guiltiest Guilty Pleasures **21.00** Naked Wild On **21.30** Naked Wild On **22.00** Dr. 90210 **23.00** Girls of the Playboy Mansion **23.30** Girls of the Playboy Mansion **0.00** Mischa & Kristin: Babes of O.C. THS **1.00** 101 Guiltiest Guilty Pleasures **2.00** 101 Most Sensational Crimes of Fashion!

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15


ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | VODAFONE

NFS

VAKNAÐU VEL MEÐ ÍSLANDI Í BÍTIÐ
Alla virka daga frá 7 - 9



GOTT FÓLK McCANN

## VIÐ MÆLUM MEÐ

**STÖÐ 2 KL. 20.05**

### Lærlingurinn



Sjálf úrslitastundin er runnin upp í þessum tvöfalda lokaþætti af The Apprentice. Maðurinn með dauða dýrið á hausnum, Donald Trump, mun í kvöld ákveða hver verður næsti lærlingurinn hans. Leiðin er búin að vera löng og ströng og voru margir kallaðir en aðeins einn verður fyrir valinu.
Tvö eru eftir; Rebecca og Randal, og mætti segja að auk baráttunnar um starfið sé kynjabaráttan í algleymingi. Þau eru í óða önn að undirbúa fjáröflunarsamkomur sínar, en ófá vandamálin trufla framkvæmd þeirra. Og sjálf eru þau sífellt að koma sér í klípu með axarsköftum sínum – sem á eftir að gera þessa úrslitaorrustu ennþá harðari en ella. Hver sigrar í The Apprentice? Það kemur í ljós í kvöld.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 8 | 4 | | | | |
| | | | | | | | 8 | 5 |
| | 8 | | | 9 | 6 | | | 4 |
| 1 | | | | | | 9 | | 8 |
| | 7 | | | 3 | | | 6 | |
| 6 | | 5 | | | | | | 1 |
| 3 | | | 1 | 5 | | | 9 | |
| 8 | 9 | | | | | | | |
| | | | | 2 | 7 | | | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 3 | 7 | 8 | 4 | 6 | 1 | 2 | 9 |
| 2 | 1 | 8 | 3 | 5 | 9 | 7 | 4 | 6 |
| 9 | 6 | 4 | 1 | 2 | 7 | 8 | 3 | 5 |
| 3 | 7 | 1 | 9 | 6 | 2 | 4 | 5 | 8 |
| 6 | 5 | 9 | 7 | 8 | 4 | 3 | 1 | 2 |
| 8 | 4 | 2 | 5 | 1 | 3 | 6 | 9 | 7 |
| 1 | 8 | 6 | 4 | 9 | 5 | 2 | 7 | 3 |
| 4 | 9 | 3 | 2 | 7 | 8 | 5 | 6 | 1 |
| 7 | 2 | 5 | 6 | 3 | 1 | 9 | 8 | 4 |



▶ **22.00**

*Spenna*

UNBREAKABLE

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Salsa **8.00** Agent Cody Banks **10.00** One True Thing

**12.05** Men With Brooms **14.00** Agent Cody Banks **16.00** One True Thing

**18.05** Men With Brooms

**20.00** **Salsa** Sjóðheit og seiðandi kvikmynd þar sem salsadansinn ræður ríkjum. Rémi er ungur og efnilegur píanóleikari sem á sér þó aðra ástríðu í lífinu; salsadansinn. 2000. Leyfð öllum aldurshópum.

▶ **22.00 Unbreakable** (Óðrepandi) Magnaður tryllir um öryggisvörð sem klárlega er undir verndarvæng æðri máttarvalda. David Dunn komst einn lífs af úr hræðilegu lestarslysi skammt frá Fíladelfíu. 131 fórst í slysinu og var björgun Dunns því algert kraftaverk. Stranglega bönnuð börnum.

**0.00** Narc (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** The Accidental Spy (Bönnuð börnum) **4.00** Unbreakable (Stranglega bönnuð börnum)

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Stelpulitir **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.20** Hádegisfréttir **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan: Lygasaga **14.30** Seiður og hélog **15.03** Orð skulu standa **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.10** Samfélagsrýnir og sagnameistari **21.00** Afsprengi **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Jazzhátíð Reykjavíkur 2006

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.45** Morgunútvarp Rásar 2 **9.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Ungmennafélagið **20.30** Konsert með Kaizers Orchestra **22.10** Rokkland **0.10** Popp og ról **0.30** Spegillinn

## BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður



## HRÓSIÐ ...



*...fær Silja Hauksdóttir fyrir að leggja góðum málstaði lið og mynda ferðalag Sigur Rósar til Svasílands.*

# Karlar vilja klám, konur orðaleiki

„Það er vísindalega sannað að karlmenn hafa mest gaman af klámfengnu gríni en konum þykir orðleikjagrín toppurinn á tilverunni,“ segir Jón Gnarr, sem er nýbyrjaður með fyrirlestra um íslenskt grín og húmor á vinnustöðum á vegum Þekkingarmiðlunar. „Þess vegna þarf að hugsa aðeins betur þá brandara sem við ætlum að segja við konur en oftast nægir bara að segja eitthvað dónalegt við karla,“ bætir Jón við. „Konur hafa hins vegar ekkert á móti klámfengnu gríni, þeim þykir það bara svolítið barnalegt,“ bætir hann við.

Jón segir íslenskan húmor fara batnandi með hverju árinu sem líður en grínið hafi lengi verið fast á því sem Jón nefnir „Ríó Tríó-tímabilið“. „Íslenskri tónlist tókst hins vegar að verða heimsfræg og nú er röðin komin að íslensku gríni,“ segir hann.

Jón er með mörg járn í eldinum og á næstunni kemur út skáldævisaga eftir hann auk þess sem hann er á fullu við að undirbúa nýjan sjónvarpsþátt með Pétri Jóhanni Sigfússyni. Þá eru hann og Eyþór Eðvarðsson að endurtaka leikinn frá því í fyrra þegar þeir ferðuðust á milli vinnustaða og héldu fyrirlesturinn „Að takast á við erfiða einstaklinga“ en hlutverk Jóns er að leika allar þær týpur sem koma fyrir á vinnustaðnum. „Þær eru ótrúlega fjölbreyttar og ná frá týpum eins og einræðisherranum til leyniskyttunnar,“ útskýrir Jón og segist hafa mjög gaman af þessu öllu saman.

- fgg



**PÉTUR JÓHANN SIGFÚSSON** Jón vinnur að undirbúningi nýrrar sjónvarpsþáttaraðar með grínistanum úr Strákunum.

**JÓN GNARR** Heldur fyrirlestra á vegum Þekkingarmiðlunar um íslenskt grín og húmor á vinnustöðum.



**LÁRÉTT**
2 óviljugur 6 tveir eins 8 stefna 9 prjónavarningur 11 í röð 12 sykurefni 14 síli 16 bardagi 17 saur 18 niður 20 tveir eins 21 nabbi.

**LÓÐRÉTT**
1 samtals 3 hljóta 4 jaðar 5 stykki 7 losaður 10 gerast 13 bók 15 sjá eftir 16 flana 19 tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2 ófús, 6 ll, 8 átt, 9 les, 11 jk, 12 sykra, 14 seiði, 16 at, 17 tað, 18 súð, 20 rr, 21 arða.
**LÓÐRÉTT:** 1 alls, 3 fá, 4 útjaðar, 5 stk, 7 leystur, 10 ske, 13 rit, 15 iðra, 16 asa, 19 öð.






## ÞRÁINN BERTELSSON: RITHÖFUNDUR SELUR MÁLVERK FYRIR METFÉ

# Kominn út úr skápnum sem einhvers konar listmálari

„Ég hef farið leynt með þetta og reynt að hlífa öðrum en fjölskyldu og vinum við þessu,“ segir Þráinn Bertelsson rithöfundur, sem sýndi á sér óvænta hlið þegar hann kom út úr skápnum sem myndlistarmaður um helgina, en verk eftir hann seldist á rúmar þrjár milljónir króna á fjáröflunarsamkomu Krabbameinsfélagsins.

„Ég hef alltaf haft gaman af því að mála og teikna en byrjaði á þessu í einhverri alvöru fyrir ári síðan. Ég er ekki afkastamikill, geri tíu til fimmtán málverk á ári og er því takmörkuð auðlind svo myndlistarfólk þarf ekki að óttast að ég sé að þrengja að því.“

Málverk Þráins var boðið upp ásamt verkum þriggja annarra málara á vel heppnaðri kvöldverðarsamkomu Krabbameinsfélagsins sem haldin er undir nafninu Bleika boðið og er ætlað að afla félaginu fjár til kaupa á fullkomnum tækjum til greiningar á brjóstakrabbameini.

„Þetta er fyrsta myndin sem ég sýni opinberlega,“ bætir hann við og má því vel við una þar sem söluverð myndarinnar er óneitanlega í hærri kantinum.

Listakonurnar Ólöf Björg Björnsdóttir, Hulda Vilhjálmsdóttir og Þórunn Inga Gísladóttir, máluðu ásamt Þráni hver sína myndina á meðan á borðhaldi stóð en verkin voru síðan boðin upp. Kaupverðið rennur vitaskuld beint til Krabbameinsfélagsins.

Bryndís Schram stjórnaði uppboðinu þar sem verk listakvennanna voru öll slegin á um 600 þúsund krónur hvert en viðstaddir urðu enn örlátari á aurinn þegar stappið snerist um mynd Þráins. „Ég er ekki alveg klár á endanlegu verði myndarinnar enda var mig farið að svima en mér skilst að hún hafi farið á 3,3 eða 3,5 milljónir,“ segir Þráinn. „Það buðu mjög margir í myndina, sem segir mér að margir gátu hugsað sér að taka hana með sér. Þetta var mjög gaman og það er mér mikil hvatning hversu margir vildu eignast myndina. Verðið er samt bara dæmi um rausnarskap þeirra sem þarna voru og vilja styrkja Krabbameinsfélagið.“

Það var Baugur Group sem eignaðist mynd Þráins eftir þó nokkurt at en Skarphéðinn Berg Steinarsson bauð fyrir hönd fyrirtækisins og atti kappi við fulltrúa fleiri fjársterkra aðila sem sóttust einnig eftir málverki Þráins um leið og þeir létu gott af sér leiða.

thorarinn@frettabladid.is



**ÞRÁINN BERTELSSON** Veit ekki alveg hvernig málari hann er. „Þegar maður er veikur veit maður að maður er veikur en þarf að fara til læknis til að fá að vita hvað er að manni og maður verður að fara til listfræðings til að fá úr því skorið hvernig málari maður er. Ég held sjálfur að það sé naívismi sem gangi að mér en hef ekki fengið neitt mat á það.“

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Glöggir „rúntarar“ í miðborg Reykjavíkur á sunnudagskvöldið var staðnæmdust margir hverjir fyrir utan kosningaskrifstofu **Sigurðar Kára Kristjánssonar** við Austurvöll, enda sat þar velbúið herlið langt fram eftir kvöldi og ræddi stöðu mála í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins sem er á næsta leiti. **Gísli Marteinn Baldursson** var þar fremstur meðal jafningja og þingmaðurinn sjálfur var ekki langt undan. Gárungarnir voru ekki lengi að tengja Björn við Sigurð og telja þar komið einhvers konar bandalag enda heimsótti dóms- og kirkjumálaráðherrann kosningaskrifstofu Sigurðar og Gísli Marteinn flutti ræðu við opnun kosningamiðstöðvar Björns.





Greinilegt var á blaðamannafundi **Yoko Ono** í Höfða í gær að íslenskum fréttamönnum þykir mikið til Bítlaekkjunnar koma. Engum þó meira en **Maríu Sigrúnu Hilmarsdóttur**, fréttamanni Sjónvarpsins, sem mætti með eigin myndavél til að festa viðtal sitt við Yoko á filmu. María státar þó ekki aðeins af mynd af sér við hliðina á betri helmingi John Lennon í myndaalbúminu sínu, því hún mætti einnig með gamla hljómplötu úr fórum karls föður síns og bað Yoko um að árita. Sem hún og gerði auðvitað með glöðu geði.

-fgg/bs








# Flytur íslenska poppara út til Noregs

„Ég var í rútubransanum áður en ég fór að vinna með poppurum svo það var nærtækast að stökkva í gamla fagið,“ segir Guðmundur Gíslason umboðsmaður, sem nú er búsettur í Noregi. Guðmundur starfar sem hópstjóri hjá stærsta rútufyrirtæki Noregs, býr í bænum Tönsberg og kann vel við sig. Hann hefur þó ekki alveg sleppt hendinni af íslenskum poppurum og flytur þá út til Noregs til skemmtanahalds. Fyrstur þeirra var Hreimur Heimisson sem kom út um daginn og spilaði á svokallaðri poppmessu.

„Þetta var hugmynd íslenska safnaðarins hér. Þeir vissu að ég var vel kynntur í bransanum heima og vildu fá eitthvað númer til að koma. Það lá beinast við að tala við Hreim enda hefur hann gert þetta áður heima. Það var líka auðvelt að fá hann út til Noregs því foreldrar hans búa í Drammen. Hann var hérna í viku og spilaði golf í tæplega 20 gráðu hita,“ segir Gummi, sem er hvergi hættur. Hann ætlar næst að fá Skítamóral út til að spila á þorrablóti Íslendingafélagsins í febrúar.

Ástæða þess að Guðmundur fluttist til Noregs er sú að hann á norska konu. „Hún var búin að vera hjá mér í átta ár á Íslandi svo það var kominn tími á mig,“ segir Gummi, sem hefur nú verið í um fjögur ár í Noregi. „Ég fíla mig líka mjög vel hér. Norðmaðurinn er svo afslappaður og skipulagður. Maður var búinn að vera í kaosinu svo lengi að það var góð tilbreyting. En það kemur alltaf púki í mann annað slagið, ætli það sé ekki svona tvisvar til þrisvar á ári, og þá skýst maður bara heim og tekur djamm og fer svo aftur út.“

- hdm



**GUMMI OG HREIMUR** Umboðsmaðurinn kunni fékk Hreim til að syngja á poppmessu í Tönsberg.

# SMÁRA BÍÓ 5 ÁRA

## TÆPAR 2 MILLJÓNIR GESTA Á AÐEINS 5 ÁRUM!




FRUMSÝND 13. OKT.




FRUMSÝND 20. OKT.




FRUMSÝND 3. NÓV.




FRUMSÝND 10. NÓV.




FRUMSÝND 17. NÓV.




FRUMSÝND 1. DES.




FRUMSÝND 8. DES.




FRUMSÝND 15. DES.




FRUMSÝND 26. DES.




FRUMSÝND 29. DES.




FRUMSÝND 5. JAN.




FRUMSÝND 19. JAN.

**SMÁRABÍÓ ER LANG VINSÆLASTA KVIKMYNDAHÚS LANDSINS OG HEFUR VERIÐ ÞAÐ FRÁ OPNUN. VIÐ ERUM STOLT AF ÞVÍ AÐ VERA UPPÁHALDSBÍÓ ÞJÓÐARINNAR OG ÞÖKKUM FYRIR OKKUR MEÐ ÞVÍ AÐ BJÓÐA UPP Á STÓRKOSTLEGT ÚRVAL KVIKMYNDA Á NÆSTUNNI.**

Lion

*Vífilfell hf. og Danól ehf. óska Smárabíó til hamingju með afmælið!*

Coca-Cola

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



Drögum í dag Átt þú miða?

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
800 6611 - www.hhi.is






BAKÞANKAR


ÞÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR


## *Börnin mín ung og smá*

Hæfileiki mannsins til að komast af er mér sífellt undrunarefni. Nú er ég ekki að tala um aðlögunarhæfni og seiglu við hroðalegar aðstæður eins og náttúruhamfarir og stríð, heldur bara svona ósköp hversdagsleg kraftaverk sem gerast á venjulegum þriðjudegi. Miðað við allt það sem getur farið úrskeiðis í lífi einnar manneskju alveg frá getnaði er makalaust hversu margir ná að lifa langa ævi. Ein meðganga er til dæmis vörðuð hindrunum og í fæðingu getur allt gerst. Með splunkunýjan unga í höndunum og allt í lukkunnar velstandi anda foreldrarnir út úr sér svona tíunda hjúkkinu af óendanlega mörgum.

**FRÁ** morgni til kvölds er minnsta barnið á heimilinu upptekið við að skríða ógnarhratt um heimilið í leit að lífshættum. Þrátt fyrir dálítil tilþrif heimilisfólks í hreingerningum tekst henni sífellt að finna eitthvað skemmtilegt á gólfinu að borða og furðuleg heppni að aldrei hafi hlotist af slys. Miðað við það sem mér hefur tekist að veiða upp úr kokinu á telpukorninu á elleftu stundu gæti maður haldið að hún byggi á móttökustöð Sorpu, að minnsta kosti hefur hún einstaklega fordómalausan smekk á smáréttum af ýmsu tagi. Flygsa af eldhúsrúllu, lítil gúmmíteygja og kusk er meðal þess sem hún telur alveg prýðilegt og finnst upplagt að spæna í sig Fréttablaðið þegar færi gefst. Skótau er með ýmsu forvitnilegu bragði en í sérstöku uppáhaldi er samt kattamaturinn, hann er hrikalega góður. Af því okkur grunar að hann sé einkum búinn til úr úrgangi þarf kötturinn þessa dagana að matast að næturlagi sem honum finnst reyndar frekar fúlt.

**ÞVÍ** miður eru skynsemi og varkárni áunnir eiginleikar en ættu auðvitað að vera meðfæddir. Það finnst foreldrunum sem eru með taugakerfið utanáliggjandi alla daga og hafa líka á sér dálítinn vara um nætur, sofa með annað augað opið eins og varðhundar í kindahjörð. Líta ekki innstungur og tröppur réttu auga, heldur sjá slysagildrur í hverju horni. Gá hundrað sinnum hvort þeir hafi ekki örugglega lokað hliðinu fyrir stiganum og hringja heim til að athuga hvort aðrir hafi nú munað eftir því líka. Mesta orkan fer samt bara í að vona það besta.


www.volkswagen.is




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 7132



Volkswagen kann þá list að sameina ósamrýmanlega kosti. Volkswagen Polo er gott dæmi, nettur og lipur en á sama tíma sterkur og traustur. Þannig nýtist hann fullkomlega við fjölbreyttar íslenskar aðstæður, í borgarumferðinni og á vegum úti, hvað sem á dynur. **Vetrardekk fylgja öllum nýjum Polo-bílum í október.**

**Verð frá aðeins 1.490.000 kr.**

eða 15.535 kr. á mánuði m.v. 30% útborgun og bílasamning SP Fjármögnunar til 84 mánaða.

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is



ARGUS / 06-0364

Tveir sterkir sparnaðarreikningar á netinu

**SPRON Vaxtabót – allt að 13,50% vextir***
**SPRON Viðbót – allt að 4,80% vextir***

Þú færð nánari upplýsingar og getur stofnað reikning á **spron.is**

spron

* Samkvæmt gildandi vaxtatöflu
SPRON 1. október 2006